# FRÉTTABLAÐIÐ

21. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 26. JANÚAR 2016




**Daginn eftir bylinn** Borgarbúi í New York fetaði í gær snjóinn sem náði um hálfs metra dýpt eftir mikla ofankomu á sunnudag. Mikið snjóaði um alla austurströnd Bandaríkjanna og lést 31, hið minnsta. Flestir skólar og opinberar skrifstofur í Washington-borg voru lokuð í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Stefnt er að stofnun meðferðarúrræðis á Íslandi fyrir fólk í sjálfsvígshugleiðingum að fyrirmynd samtaka á Írlandi. 4

**SKOÐUN** Hilmar J. Malmquist skrifar um fiska og vatnsaflsvirkjanir. 10-11

**SPORT** Gylfi skorar mun meira fyrir Swansea utan Wales. 12




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- FÓLK
- VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Jóhannes verður í nýrri stórmynd Alberts Hughes

**KVIKMYNDAGERÐ** Jóhannes Haukur Jóhannesson hefur klófest hlutverk í nýjustu kvikmynd Hollywood-leikstjórans Alberts Hughes, The Solutrean.

Tökur hefjast fljótlega í Kanada. Landslagsefni verður tekið upp á Íslandi.

Leikaralistinn í heild hefur ekki verið birtur en staðfest er að Kodi Smit-McPhee, sem getið hefur sér gott orð fyrir leik í myndum eins og Rise of the Planet of the Apes og The Road, sé í hópnum. Auk þess fer hann með eitt af aðalhlutverkum í nýjustu X-Men myndinni.

Jóhannes kveðst alsæll. „Það er frábært að geta ferðast um heiminn og unnið með nýju og ólíku fólki. Fólki sem maður myndi annars aldrei hitta á lífsleiðinni.“

– gjs / sjá síðu 22



**Það er frábært að geta ferðast um heiminn og unnið með nýju og ólíku fólki.**

Jóhannes Haukur Jóhannesson, leikari

# Samkynhneigð pör líta nú til barna í Kólumbíu

**Kólumbísk yfirvöld vilja svör um hvernig ættleiðingar til samkynhneigðra fari fram hérlendis. Dómstóll þar segir að ekki megi mismuna á grundvelli kynhneigðar. Gæti orðið fyrsta landið sem býður upp á slíkar ættleiðingar hingað.**

**STJÓRNSÝSLA** Kólumbísk yfirvöld hafa sent innanríkisráðuneytinu bréf þar sem falast er eftir svörum um það hvernig ættleiðingar til samkynhneigðra fari fram hér á landi.

Engin lönd bjóða upp á ættleiðingar barna, út úr fæðingarlandi þeirra, til samkynhneigðra para. Ættleiðingar til samkynhneigðra eru leyfðar hér á landi en hingað til hefur aðeins tekist að ættleiða börn innanlands.

Kólumbíumenn spyrja meðal annars hvort börn séu undirbúin sérstaklega fyrir það að vera ættleidd til samkynhneigðs pars.

Stjórnarskrárdómstóll í Kólumbíu úrskurðaði í nóvember að ættleiðingarskrifstofur mættu ekki mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar. Kaþólska kirkjan í Kólumbíu segir að með dóminum sé brotið á réttindum barna.

„Eins og við lesum í þetta þá er verið að taka einhver skref. Það að þeir séu að spyrja er jákvætt en það segir svo sem ekkert um framhaldið,“ segir Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar. Yfirvöld í Kólumbíu sendu fyrirtækinu 450 blaðsíðna drög að nýjum ættleiðingarreglum. Reglurnar eru á spænsku og þýðingu ólokið.

Kristinn segir að í samtali við ráðuneytið hafi verið rætt að senda ítarlegt svar um undirbúning ættleiðinga og fræðslu hér á landi. „Það er alveg skýrt að við komum ekki öðruvísi fram við samkynhneigða en gagnkynhneigða.“

Kristinn segist hóflega bjartsýnn á að þetta þýði að samkynhneigðir hér á landi geti ættleitt börn á næstunni. „Það er einhver hreyfing í heiminum og ég er bjartsýnn á að innan tíu ára verið það í boði,“ segir hann.

Að sögn Jóhannesar Tómassonar, upplýsingafulltrúa innanríkisráðuneytisins, er ekkert sem bendir til þess í bréfinu frá miðstjórnarvaldi Kólumbíu að breytingar séu í burðarliðnum. – snæ

**Það er alveg skýrt að við komum ekki öðruvísi fram við samkynhneigða en gagnkynhneigða.**

Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar



**14**

**börn hafa verið ættleidd til Íslands frá Kólumbíu frá 2003.**

## Veður



Sunnan- og suðvestanátt í dag um 5-13 m/s og él, en fremur þurrt og bjart um landið norðaustanvert. Hægari og úrkomuminna eftir hádegi, en bætir aftur í vind sunnan og vestan til í kvöld með snjókomu. Frost 0 til 7 stig, en hiti um frostmark við suðurströndina. SJÁ SÍÐU 18



**Norðurál fékk starfsleyfi fyrir 350.000 tonnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Aukið leyfi fyrir Norðurál kært

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisvaktin í Hvalfirði hefur kært Umhverfisstofnun til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna nýs starfsleyfis Norðuráls sem felur í sér framleiðsluaukningu um 50 þúsund tonn af áli á ári – eða í 350 þúsund tonn.

Umhverfisvaktin segir að ein forsenda þess að framleiðsluaukningin fór ekki í umhverfismat sé yfirlýsing Norðuráls um að með bættum mengunarvörnum sé komið í veg fyrir aukna flúorlosun þrátt fyrir framleiðsluaukninguna. Það verði fjarri því raunin. Vilji álverið nýta losunarkvóta sinn á flúori aukist flúorlosun um rúm 52 prósent miðað við þá losun sem iðjuverið gefur upp fyrir árið 2014. **– shá**

# Nýtt fjölbýlishús rís á hafnarsvæðinu



**Unnið er að byggingu fjörutíu íbúða fjölbýlishúss á sex hæðum við Tryggvagötu 13 sem og bílakjallara undir húsinu. Fyrirhugað er að nýta fyrstu hæð hússins undir verslun og þjónustu. Áður hafði Ungmennafélag Íslands hugsað sér að reka hótel á lóðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Zika-vírusinn fer hratt yfir

**BRASILÍA** Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur að Zika-vírusinn sé líklegur til að breiðast um alla Suður- og Norður-Ameríku.

Vírusinn hefur látið á sér kræla í 21 ríki og einkennin lýsa sér í hita, roða í augum og höfuðverkjum.

Talið er að vírusinn sé orsök þess að þúsundir barna hafi fæðst með óþroskaðan heila en engin bóluefni eru til við vírusnum.

Zika-vírussins varð fyrst vart í Úganda árið 1947 og hefur hann síðan þá dreift úr sér um Suðaustur-Asíu, Eyjaálfu og nú til Suður-Ameríku. Moskítóflugur bera vírusinn með sér en stjórnvöld víða í Suður-Ameríku leggja kapp á að eitra fyrir þeim. **– srs**

# Nærri þrjátíu féllu í Kamerún

**KAMERÚN** Að minnsta kosti 28 létu lífið í þremur sjálfsmorðsárásum í kamerúnska bænum Bodo í gærkvöldi. Þá særðust fleiri en sextíu í árásunum.

„Þetta voru þrjár sprengingar, tvær nærri markaðnum og ein á brú við herstöðina,“ hefur fréttastofa CNN eftir herforingjanum Albert Mekondane Obounou. Hann sagði enn fremur að líklega hefðu fleiri látið lífið en bráðabirgðatalning gæfi til kynna. Sprengjumennirnir þrír voru ekki hluti af talningunni.

Talið er að skæruliðasamtökin Boko Haram standi að baki árásunum. Samtökin réðust einnig á sama bæ í desember síðastliðnum. Þá sprengdu tvær konur sig í loft upp nærri markaðstorgi í bænum. **– þea**




# Spítalinn varð að kaupa gögn um sjúkrahótelið

**Landspítalinn þurfti, líkt og aðrir verktakar, að kaupa útboðsgögn um sjúkrahótel til að fá upplýsingar. Spítalinn vildi stöðva útboðið því áherslur spítalans vantaði í það. Framkvæmdastjóri sjúkrahótelsins segir samráð hafa verið haft.**



**Sjúkrahótelið í Ármúla á að hjálpa til við að útskrifa sjúklinga hraðar af Landspítalanum. Það hefur ekki gengið eftir að mati spítalans.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkrahótel við Ármúla leysir ekki vanda Landspítalans við að útskrifa sjúklinga.

Forsvarsmenn LSH segja alrangt að haft hafi verið samráð við spítalann í aðdraganda útboðs um sjúkrahótel í byrjun árs 2015 eins og framkvæmdastjóri sjúkrahótelsins við Ármúla hefur haldið fram. LSH hafi á endanum þurft að kaupa útboðsgögn eins og aðrir verktakar til að átta sig á útboðinu.

Kolbrún Víðisdóttir, framkvæmdastjóri sjúkrahótelsins, segir hótelið ekki geta lagað vanda Landspítalans. Sjúklingar sem komu á sjúkrahúsið sé í mörgum tilfellum veikari en þeir ættu að vera samkvæmt samningum Því sé erfitt að halda áfram samstarfi. Einnig segir hún gagnrýni í garð sjúkrahótelsins ómálefnalega og byggða á sandi.

„Samráð var haft við alla aðila við gerð síðasta útboðs,“ segir Kolbrún. „Fráflæðisvandamál LSH er vandi sem við tökum þátt í að leysa og hjá okkur eru um 20 til 30 gestir á hverjum sólarhring en 70 til 80 prósent þeirra koma frá Landspítalanum. Við getum hins vegar ekki tekið á móti mjög veiku fólki þar sem Landspítalinn er ekki með hjúkrun hér nema til 20.00 á kvöldin.#-

Þessari eru forsvarsmenn spítalans ósammála. „Landspítali var þátttakandi í undirbúningsvinnu vegna útboðs framan af,“ segir Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri flæðisviðs Landspítala.

„Hins vegar fengu fulltrúar Landspítala í undirbúningshópnum ekki fundarboð á síðustu fundi hópsins sem svo skilaði af sér fullkláruðum útboðsgögnum um sumarið. Landspítali sá því ekki lokaútboðsgögn og þegar útboðið var auglýst keypti Landspítali útboðsgögnin,“ segir Guðlaug Rakel. Atriði sem LSH lagði áherslu á hafi ekki verið inni í útboðinu.

> **Fráflæðisvandamál LSH er vandi sem við tökum þátt í að leysa og hjá okkur eru um 20 til 30 gestir á hverjum sólarhring en 70 til 80 prósent þeirra koma frá Landspítalanum.**
>
> Kolbrún Víðisdóttir, framkvæmdastjóri sjúkrahótelsins



„Landspítali fór raunar fram á að útboðið yrði stöðvað í ljósi þessa, en svo varð ekki. Það útboð sem svo fór fram var ekki í samræmi við væntingar og óskir Landspítala, enda fengu mikilvæg atriði sem Landspítali lagði áherslu á ekki hljómgrunn í hinu birta útboði . Þetta kom verulega á óvart.“

sveinn@frettabladid.is


RENAULT
Passion for life
Öflugir vinnufélagar
Kíktu í kaffi og reynsluakstur
KANGOO
TRAFIC
MASTER
DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN
Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault sendibíl og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault.
RENAULT KANGOO, DÍSIL
1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL
Verð: 2.411.000 kr. án vsk.
2.990.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 4,3 l/100 km*
RENAULT TRAFIC, DÍSIL
1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL
Verð frá: 3.379.000 kr. án vsk.
4.190.000 kr. m. vsk.
Eyðsla frá 6,5 l/100 km*
RENAULT MASTER, DÍSIL
2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL
Verð frá: 3.992.000 kr. án vsk.
4.950.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 7,8 l/100 km*
www.renault.is
ENNEMM / SÍA / NM73205
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Fimmtungur starfandi sérgreinalækna orðinn 67 ára eða eldri

**HEILBRIGÐISMÁL** Meðalaldur sérgreinalækna sem starfa samkvæmt rammasamningi við Sjúkratryggingar Íslands er 57,5 ár. Elsti sérgreinalæknirinn er 78 ára gamall en sá yngsti er 36 ára. Fimmtungur allra lækna með rammasamning við Sjúkratryggingar hefur náð 67 ára aldri.

Fram kemur hjá Sjúkratryggingum að 347 læknar séu með rammasamning við stofnunina um ýmsa heilbrigðistengda þjónustu. Af þeim eru 70 yfir 67 ára aldri. Dæmi eru um að læknar hefji störf í einkageiranum eftir að þeir hafa náð ellilífeyrisaldri hjá hinu opinbera. 38 barnalæknar eru með rammasamning við ríkið og eru þeir fjölmennasta stétt lækna með sérsamning.

Arna Guðmundsdóttir, formaður Læknafélags Reykjavíkur, segir þennan háa aldur umhugsunarverðan.

„Um áramótin var lokað fyrir nýliðun í stétt sérgreinalækna með rammasamningi við Sjúkratryggingar. Þessar tölur staðfesta að sú ákvörðun er ekki til hagsbóta fyrir heilbrigðiskerfið,“ segir Arna. „Við þurfum að fá inn nýja þekkingu með yngri læknum sem koma til starfa eftir sérnám erlendis.“

Af 347 sérgreinalæknum sem eru með rammasamning við ríkið eru um 140 þeirra eingöngu starfandi sem sjálfstæðir sérgreinalæknar en um 200 þeirra eru einnig í vinnu annars staðar, langflestir þeirra við Landspítalann eða aðrar heilbrigðisstofnanir á vegum hins opinbera.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að útgjöld Sjúkratrygginga til sérgreinalækna í einkaþjónustu hefðu þrefaldast síðan 1997. **– sa**

> **Við þurfum að fá inn nýja þekkingu með yngri læknum.**
>
> Arna Guðmundsdóttir, formaður Læknafélags Reykjavíkur



## Játaði morð á Miklubraut

**DÓMSMÁL** Íslenskur karlmaður játaði í gær að hafa orðið manni á sextugsaldri að bana í október síðastliðnum. Játningin kom fram við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Atvikið átti sér stað á búsetukjarna fyrir geðfatlaða við Miklubraut í Reykjavík. Manninum er gert að sök að hafa veist að hinum látna og stungið hann 47 sinnum vítt og breitt um líkamann. Hnífurinn fór meðal annars í gegnum hjarta og lifur.

Maðurinn hefur verið metinn ósakhæfur. Ríkissaksóknari hefur farið fram á annað mat á sakhæfi mannsins. **– snæ**



Betri loðnuvertíð skýrir aukninguna að mestu. MYND/KSH

## Unnu úr 263.000 tonnum af fiski

**SJÁVARÚTVEGUR** Fiskimjölsverksmiðjurnar þrjár sem Síldarvinnslan á og rekur í Neskaupstað, á Seyðisfirði og í Helguvík tóku á síðasta ári á móti rúmlega 263 þúsund tonnum af hráefni. Í sömu röð unnu verksmiðjurnar úr 145.911 tonnum; 73.928 tonnum og 43.656 tonnum. Á árinu 2014 tók verksmiðjan í Neskaupstað á móti 110.215 tonnum af hráefni, verksmiðjan á Seyðisfirði 24.283 tonnum og verksmiðjan í Helguvík 27.273 tonnum.

Á árinu 2014 var móttekið hráefni þeirra því tæplega 162 þúsund tonn. Helsta ástæða aukningarinnar er sú að loðnuveiðin var mun meiri árið 2015 en 2014. Framleiðsla verksmiðjanna þriggja á mjöli og lýsi nam 52.294 tonnum af mjöli og 14.619 tonnum af lýsi. **– shá**

# Safna fyrir sjálfsvígsmiðstöð

**Stefnt er að stofnun meðferðarúrræðis fyrir fólk í sjálfsvígshugleiðingum að fyrirmynd samtaka á Írlandi. Kona sem hefur reynt sjálfsvíg segir spítalavist og lyf ekki leysa vandann. Bjóða þurfi upp á meira samtal.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrir tíu árum stofnaði Joan Freeman samtökin Pieta House á Írlandi. Það gerði hún eftir að systir hennar féll fyrir eigin hendi. Freeman sá að engin úrræði voru fyrir fólk í sjálfsvígshugleiðingum á Írlandi og að vandinn væri tabú í samfélaginu.

Í Pieta House starfa sálfræðingar sem bjóða þeim, sem hafa reynt sjálfsvíg eða hugleiða það, meðferð. Einnig stendur stofnunin fyrir vitundarvakningu, kennslu og rannsóknum um sjálfsvíg. Stofnunin er rekin með frjálsum fjárframlögum og söfnunum.

Freeman hélt erindi um stofnun og markmið samtakanna á Íslandi í gær. Ástæðan er sú að Hugarafl og Lifa, samtök aðstandenda eftir sjálfsvíg, hafa stofnað samtökin Pieta Ísland. Markmiðið er að setja á stofn sambærilega stofnun og á Írlandi.

„Næsta skref er að fara í fjáröflun. Við viljum helst opna í dag en fyrst þarf að fá fjármagn,“ segir Auður Axelsdóttir, forstöðumaður Hugarafls. „Við viljum taka upp aðferðir og hugmyndafræði Pieta á Írlandi enda hefur árangurinn verið mjög góður.“

Auður segir mikla þörf fyrir bætt úrræði vegna sjálfsvíga á Íslandi. Pieta muni bjóða meðferð í heimilislegu umhverfi án þess að vandinn sé sjúklingavæddur. „Ég hef unnið í geðgeiranum í rúm tuttugu ár og við erum ekki að gera nógu vel í þessum málaflokki. Það er bara staðreynd.“

Með Pieta verður tekið betur utan um málaflokkinn í heild. Fyrir utan sálfræðimeðferðir standa samtökin fyrir herferðum og halda utan rannsóknir. Áhersla er á að ekki sé hægt að búast við að manneskja í mikilli neyð leiti sér sjálf hjálpar. Virkja þurfi samfélagið; vinnufélaga, vini, skólafólk og aðila innan íþróttahreyfinga til að læra að þekkja einkennin.

„Þá er hægt að bregðast við fljótt, til dæmis með því að panta tíma hjá okkur. Fjölskyldan ber þetta oft ein en fjölskyldan verður líka oft samdauna vandanum og gerir sér ekki grein fyrir hættumerkjunum,“ segir Auður.

erlabjorg@frettabladid.is




Sjálfsvígstíðni á Íslandi er með þeirri hærri í heiminum. Árið 2014 frömdu 49 manns sjálfsvíg. NORDICPHOTOS/GETTY

### Send heim með lyf

Sigrún Halla Tryggvadóttir var lögð fyrst inn eftir sjálfsvígstilraun þegar hún var 22 ára gömul. Hún fagnar stofnun Pieta á Íslandi enda hafi hún fundið á eigin skinni að úrræðaleysi í íslensku heilbrigðiskerfi sé algjört. Alls fór hún fjórum sinnum inn á geðdeild og var aldrei lengur en fjóra daga inni.

„Af því að ég leit út fyrir að hafa allt á hreinu á yfirborðinu þá var sagt að ég gæti alveg farið heim, því ég væri svo skynsöm. Þá var ég send heim með lyf. Svo sat ég heima og beið þess að lyfin létu mér batna. Auðvitað batnaði mér ekki þannig,“ segir Sigrún.

Vandi Sigrúnar var ekki tekinn nægilega alvarlega og í raun gerði hún sér ekki sjálf grein fyrir alvarleikanum.

„Ég var fullviss um að ég væri bara aumingi. En í raun er fólk sem reynir sjálfsvíg bara venjulegt fólk að ganga í gegnum tilfinningalega krísu. Spítalar eru fyrir sjúklinga – þar eru læknar í hvítum sloppum á kontórnum og svo við sjúklingarnir. Það sem Pieta mun bjóða upp á er mun aðgengilegra, fólk er ekki gert að sjúklingum og fær meðferð við vandanum.“

> **Ég var fullviss um að ég væri bara aumingi.**
>
> Sigrún Halla Tryggvadóttir



> **Næsta skref er að fara í fjáröflun. Við viljum helst opna í dag en fyrst þarf að fá fjármagn.**
>
> Auður Axelsdóttir, forstöðumaður Hugarafls



### Pieta House var stofnað fyrir tíu árum

**70** komu í meðferð til Pieta House fyrsta starfsárið.

**400** mættu í fyrstu vitundarvakningargöngu Pieta House.

**6.000** komu í meðferð í fyrra.

**430.000** mættu í gönguna í fyrra.




# Áður óþekktur skaðvaldur í rósum

**LANDBÚNAÐUR** Nýr plöntusjúkdómur hefur greinst á Íslandi. Skaðvaldurinn er baktería sem barst til landsins með innflutningi á rósagræðlingum. Bakterían herjar á ýmsar plöntutegundir og getur valdið miklum afföllum í m.a. kartöflu- og tómatarækt.

Í kjölfar greiningarinnar greip Matvælastofnun til varúðarráðstafana, í samráði við ræktanda og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, til að hefta útbreiðslu smits og standa vonir til þess að tekist hafi að uppræta sjúkdóminn.

Í frétt Matvælastofnunar segir að undir lok síðasta árs hafi komið upp sjúkdómur í rósaplöntum í gróðurhúsi á Suðurlandi. Við nánari rannsókn greindist bakteríutegundin Ralstonia í rósunum og er það í fyrsta sinn sem bakterían greinist á Íslandi. Hún barst til landsins með innflutningi á rósagræðlingum frá Hollandi síðasta sumar. Í Hollandi varð fyrst vart við sjúkdóminn í september – þegar voru gerðar ráðstafanir þar og eru ekki taldar líkur á að sjúkdómurinn hafi borist hingað með fleiri sendingum.

Þessi bakteríutegund er skilgreind sem skaðvaldur hér á landi. Kartafla er helsti hýsill bakteríunnar en hún getur einnig sýkt aðrar plöntur. Sýkingin lýsir sér þannig að leiðslukerfi plöntunnar stíflast af bakteríunum og laufblöð byrja að visna neðst á sýktum plöntum og færist sýkingin svo ofar með þeim afleiðingum að plantan visnar upp.

Matvælastofnun greip til varúðarráðstafana og lagði fram áætlun, í samráði við ræktanda og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, til að uppræta sjúkar plöntur og hindra frekari dreifingu. **– shá**



Helsti hýsillinn er kartöflur en tómataplöntur eru einnig viðkvæmar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Auto Bild

*Kia er áreiðanlegasti bílaframleiðandinn*
*samkvæmt þýska fagtímaritinu Auto Bild.*



Endur fyrir löngu vorum við nýliðar á bílamarkaðnum, ung og óreynd. Nú er öldin önnur og Kia Motors situr í efsta sæti áreiðanleikaskýrslu hins virta þýska bílatímarits Auto Bild fyrir 2015. Þar er tekin saman ánægja bíleigenda, áreiðanleiki bíla og langtímagæði þeirra á þýska markaðnum. Kia skoraði hátt í öllum flokkum og var stigahæst í ábyrgðarflokknum, en 7 ára ábyrgð Kia er einstök á meðal bílaframleiðenda.

Við erum stolt af þessum árangri. Það er ljóst að metnaður okkar til að framleiða bíla í hæsta gæðaflokki hefur skilað sér. Þannig tókst okkur að skríða úr egginu, breiða út vængina og hefja okkur til flugs — og við stefnum enn hærra.

Ævintýrið er rétt að byrja. Takk fyrir að taka þátt í því.

Brandenburg

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

KIA

# EINSTÖK TILBOÐ!
## GERÐU FRÁBÆR KAUP
WWW.BÍLALAND.IS




RANGE ROVER SPORT SUPERC
Nýskr. 08/07, ekinn 114 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.590.000
TILBOÐSVERÐ!
3.590 þús.




MERCEDES BENZ ML300
Nýskr. 01/11, ekinn 126 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 6.570.000
TILBOÐ kr. 5.390 þús.




HONDA ACCORD ELEGANCE
Nýskr. 07/13, ekinn 38 þús km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 3.790.000
TILBOÐ kr. 2.990 þús.




KIA SPORTAGE EX
Nýskr. 06/14, ekinn 47 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.990.000
TILBOÐ kr. 4.590 þús.




NISSAN PULSAR TEKNA
Nýskr. 04/15, ekinn 4 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.690.000
TILBOÐ kr. 3.290 þús.




RENAULT MEGANE SP. TOURER
Nýskr. 06/13, ekinn 53 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.820.000
TILBOÐ kr. 2.390 þús.




SUZUKI GRAND VITARA PREM.
Nýskr. 06/11, ekinn 136 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.120.000
TILBOÐ kr. 2.380 þús.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is




## Fyrsta heimsókn aldarinnar



Sergio Mattarella, forseti Ítalíu, til hægri, sýnir Hassan Rouhani, forseta Írans, Quirinale-höllina í Rómaborg. Rouhani er nú í heimsókn á Ítalíu til að styrkja samband Írans við Evrópu. Rouhani er fyrsti forseti Írans í sextán ár sem heimsækir álfuna en það gerði Mohammad Khatami árið 1999. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Alþingi fær greinargerð um sölu á Borgunarhlut

**Fjármálaeftirlitið krafðist upplýsinga um söluna á Borgun í árslok 2014. Hefur síðan ekkert látið í sér heyra. Forsætisráðherra segir málið vera „augljóst klúður“.**

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn sendir í dag nefndarsviði Alþingis greinargerð um sölu bankans á Borgun. Síðla árs 2014 seldi Landsbankinn liðlega 31 prósents hlut í Borgun fyrir 2,2 milljarða til stjórnenda og hóps fjárfesta.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir gögnum frá Landsbankanum í árslok 2014 vegna sölunnar á Borgun. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum fékk Fjármálaeftirlitið umbeðin gögn og hefur ekki haft samband aftur vegna málsins. Sérstakur saksóknari hefur ekki haft afskipti af málinu.

Sigurður G. Valgeirsson, upplýsingafulltrúi Fjármálaeftirlitsins, segir að stofnunin geti ekki tjáð sig um samskipti við einstaka eftirlitsskylda aðila.

Forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar eru hins vegar sammála um að málið krefjist skoðunar.

„Ég vil spyrja hæstvirtan forsætisráðherra hvort hann hafi gert einhvern reka að því að afla upplýsinga um þetta mál og hvort hann sé sammála mér í því að mikilvægt sé að það verði rannsakað í þaula,“ sagði Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, á Alþingi í gær.

Sigmundur Davíð sagðist sammála því að mikilvægt væri að tryggja að ríkið fengi sem mest fyrir þær eignir sem ákveðið væri að selja. Hann sagði að Borgunarmálið krefðist líka skýringa.

„Niðurstaða sem er augljóst klúður. Mér skilst reyndar að bankinn ætli að eigin frumkvæði að skila þinginu greinargerð,“ sagði Sigmundur Davíð og tók fram að hann styddi þá tillögu að Alþingi stæði að rannsókn á sölunni.

Árni Páll sagði skipta máli að búa til umgjörð þar sem tryggt væri jafnræði og samkeppni um þær eigur sem ríkið lætur frá sér. Sigmundur Davíð benti á að hin síðustu ár hefði verið leitast við að skapa sem mestan aðskilnað milli stjórnmála og bankanna.

„Þar af leiðandi er erfitt og jafnvel ómögulegt fyrir stjórnmálamenn að skipta sér af, jafnvel hlutum sem virðast ekki vera í lagi. Það þarf að gerast þá í gegn um þær stofnanir, það fyrirkomulag, sem komið hefur verið á til þess að fylgja slíkum ákvörðunum eftir,“ sagði forsætisráðherra.

Á vef Landsbankans hafa verið birtar ítarlegar upplýsingar um söluna á Borgun. Fullyrt er að bankinn hafi ekki haft upplýsingar um að valréttur vegna hugsanlegrar yfirtöku Visa Inc. á Visa Europe myndi leiða til greiðslna til Borgunar. Þessar upplýsingar hafi ekki heldur komið fram í tengslum við önnur viðskipti með hluti í Borgun á árunum 2009-2014. Í viðræðum við stjórnendur Borgunar hafi ekki komið fram neinar upplýsingar um að Borgun ætti rétt á hlutdeild í verðmætum valréttarins, hvað þá að vegna hans hefðu skapast verðmæti hjá Borgun.

jonhakon@frettabladid.is

> Ég vil spyrja hæstvirtan forsætisráðherra hvort hann hafi gert einhvern reka að því að afla upplýsinga um þetta mál.
>
> Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar



> Mér skilst reyndar að bankinn ætli að eigin frumkvæði að skila þinginu greinargerð
>
> Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra



# ENDURREISUM HEILBRIGÐISKERFIÐ

Heilbrigðiskerfi er einn af hornsteinum nútímasamfélags og sýnir vilja þess til þess að hlúa að þeim sem eru sjúkir og meiddir. Gott heilbrigðiskerfi endurspeglar sjálfsagða samhygð en lélegt heilbrigðiskerfi óásættanlegan kulda gagnvart þeim sem eru hjálpar þurfi. Það er okkar mat að á síðasta aldarfjórðungi hafi stjórnvöld vannært íslenskt heilbrigðiskerfi, að því marki að það sé ekki lengur þess megnugt að sinna hlutverki sínu sem skyldi.

Það hefur ekki fylgt framþróun í læknisfræði, hvorki hvað snertir notkun á tækjabúnaði né bestu lyfjum og helstu stofnanir þess eru hýstar á þann veg að það kemur í veg fyrir að hægt sé að veita nægilega mikla og góða þjónustu. Hnignun heilbrigðiskerfisins hefur að mestu leyti verið óháð því hvaða stjórnmálaflokkar hafa verið við völd vegna þess að hún hefur verið stöðug og samfelld.

Íslendingar eyða því sem nemur 8.7% af vergri landsframleiðslu í heilbrigðismál og er það langt undir meðaltali á Norðurlöndum. Það er mat þeirra sem gerst þekkja til að við þurfum að eyða allt að 11% af vergri landsframleiðslu í heilbrigðismál vegna þess að við erum fá og dreifð sem gerir þjónustuna dýrari en meðal stærri og þéttbýlli þjóða. Þar sem kjörnir fulltrúar þjóðarinnar um aldarfjórðungsskeið hafa ekki haft að því frumkvæði að fjármagna heilbrigðiskerfið eins og skyldi, ætlum við undirrituð að taka frumkvæðið með eftirfarandi kröfu.

**VIÐ UNDIRRITUÐ KREFJUMST ÞESS AÐ ALÞINGI VERJI ÁRLEGA 11% AF VERGRI LANDSFRAMLEIÐSLU TIL REKSTURS HEILBRIGÐISKERFISINS**



Kári Stefánsson



BÆTUM HEILBRIGÐISÞJÓNUSTUNA

SKRIFUM UNDIR Á VEFNUM

**endurreisn**.is



Kristian Jensen og Inger Støjberg í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Sótt að Dönum á Evrópuþingi

**DANMÖRK** Tveir ráðherrar úr dönsku stjórninni sátu undir harkalegri gagnrýni frá þingmönnum Evrópuþingsins í gær, þar sem áform Dana um að taka fé af flóttafólki voru til umræðu.

Þau Kristian Jensen utanríkisráðherra og Inger Støjberg útlendingamálaráðherra sögðu nýju reglurnar, sem væntanlega verða samþykktar á danska þinginu í dag, vera sanngjarnar.

Þingmenn vildu meðal annars fá skýringar á því hvernig dönsk yfirvöld ætluðu sér að leggja mat á tilfinningalegt gildi verðmæta, sem flóttafólk kemur með til Danmerkur.

Cecilia Wikström frá Svíþjóð spurði hvort Evrópulönd væru nú komin í „kapphlaup niður á botninn“, þar sem keppst væri um að fæla hælisleitendur frá með því að hafa reglurnar sem óaðgengilegastar.

Jensen svaraði því meðal annars til að nauðsynlegt væri að Evrópusambandið fyndi sameiginlegar lausnir gagnvart þessum vanda.

Þá sagði Støjberg það grundvallaratriði að þeir, sem geta bjargað sér sjálfir, fái ekki aðstoð frá ríkinu. – gb

# Óttast mótmæli og loka Tahrir á fimm ára afmæli uppreisnar

**Fimm ár eru liðin frá því uppreisnin gegn Mubarak hófst í Kaíró í Egyptalandi. Mótmælendur fengu hvergi að koma nærri torginu, sem var miðpunktur ólgunnar. Sissi forseti segist hafa þurft að rétta byltinguna af.**

**EGYPTALAND** Snemma í gær komu tugir manna saman á Tahrir-torgi í Kaíró og lýstu stuðningi við Abdel Fatta al Sissi forseta og stjórn hans.

Mikill viðbúnaður lögreglu og hers var á torginu, ekki vegna þessa hóps heldur af ótta við að þangað kæmi fólk til að mótmæla stjórn Sissis. Allar leiðir inn á torgið voru lokaðar.

Á þessu torgi hófst nefnilega fyrir fimm árum uppreisnin mikla, sem varð til þess að Hosni Mubarak, þáverandi forseti, hraktist frá völdum aðeins fáeinum vikum síðar.

Uppreisnin á Tahrir-torgi, sem hófst 25. janúar árið 2011, var einn stærsti viðburður arabíska vorsins svonefnda, sem um tíma virtist gefa vonir um miklar lýðræðisbreytingar víða í ríkjum norðanverðrar Afríku og Mið-Austurlanda.

Rúmlega ári síðar, í lok júní árið 2012, tók við lýðræðislega kjörin stjórn, sú fyrsta í sögu landsins. Forseti hennar var Muhammed Morsi, einn af forystumönnum Bræðralags múslima, pólitískrar íslamistahreyfingar sem lengst af hefur verið illa séð af stjórnvöldum í Egyptalandi.

Þeirri stjórn var steypt af stóli eftir aðeins tæpt ár, í júlí árið 2013, og Morsi forseti hnepptur í fangelsi ásamt þúsundum stuðningsmanna hans.

Sissi var í forystu egypska hersins sem steypti Morsi og hefur að miklu leyti tekið upp svipaða stjórnarhætti og hinn illa liðni Mubarak. Stjórnarandstæðingum er ógnað og gagnrýni fær helst ekki að heyrast opinberlega.

Í sjónvarpsávarpi á sunnudagskvöldið sagðist Sissi engu að síður halda í heiðri hugsjónir mótmælendanna á Tahrir-torgi fyrir fimm árum. Hann sagðist líta svo á að stjórnarbyltingin 2013, þegar herinn tók völdin á ný, hefði verið beint framhald af byltingunni 2011, þegar Mubarak hraktist frá völdum. Það hefði bara þurft að rétta stefnuna af.

„Egyptaland er í dag ekki sama land og það var í gær,“ sagði Sissi í ávarpinu. „Við erum í sameiningu að byggja upp nútímalegt, þróað og borgaralegt ríki sem hefur í heiðri gildi lýðræðis og frelsis.“

Annars staðar í Egyptalandi reyndu mótmælendur að efna til aðgerða, þar á meðal í borginni Alexandríu. Lögregla rak fólkið strax burt.

gudsteinn@frettabladid.is



Byltingartorgsins vandlega gætt svo mótmælendur komist ekki að. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Við erum í sameiningu að byggja upp nútímalegt, þróað og borgaralegt ríki sem hefur í heiðri gildi lýðræðis og frelsis.**
>
> Abdel Fattah al Sissi, forseti Egyptalands




# ÍBÚAFUNDUR
## um húsnæði stjórnsýslu Kópavogs

PIPAR\TBWA · SÍA · 160295

**Boðað er til íbúafundar um húsnæði stjórnsýslu Kópavogs þriðjudaginn 2. febrúar kl. 20.00 í Salnum Kópavogi.**

Dagskrá:
Bæjarstjóri Kópavogs Ármann Kr. Ólafsson ávarpar fundinn.
Fulltrúar Mannvits og Capacent kynna valkost sem starfshópur um húsnæði stjórnsýslunnar leggur til við bæjarstjórn Kópavogs.

Kostur 1: Ráðist verði í viðhald á Fannborg 2 strax. Jafnframt verði mögulegar breytingar á skipulagi svæðisins skoðaðar.

Kostur 2: Hafnar verði annars vegar viðræður um nýtt húsnæði í Norðurturni við Smáralind og hins vegar viðræður um nýtt húsnæði við Smáratorg. Jafnframt verði leitað samninga um sölu á fasteignum í Fannborg og mögulegar breytingar á skipulagi svæðisins skoðaðar.

Spurningar og umræður.

Kópavogsbær

kopavogur.is




Eldislax af norsku kyni er náttúruverndarsinnum þyrnir í augum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

# Hóta ráðherra málsókn vegna laxeldis í sjókvíum

**FISKELDI** Landssamband veiðifélaga (LV) ætlar að láta sverfa til stáls svari Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ekki umleitunum sambandsins vegna fyrirhugaðs sjókvíaeldis á laxi í Ísafjarðardjúpi og Eyjafirði.

Í mars í fyrra sendi Óðinn Sigþórsson, þáverandi formaður LV, ráðherra bréf þar sem áformum um eldi á norskum laxi í sjó var harðlega mótmælt. Var þar vísað til nefndarvinnu árið 1988 þar sem sérstaklega var fjallað um reglur um dreifingu norskra laxastofna hér við land. Niðurstaðan, undirrituð af stjórnvöldum og hagsmunaaðilum, var að eldi innfluttra laxastofna skyldi eingöngu heimilt í strandeldisstöðvum og óheimilt með öllu að ala norskan lax við Íslandsstrendur.

Jón Helgi Björnsson, formaður LV, hefur nú ítrekað erindið og krafist svars, enda sjö mánuðir liðnir þar sem erindið hefur verið margítrekað.

„Þessi málsmeðferð ráðuneytisins er með öllu óásættanleg, þar sem nú liggur fyrir að fiskeldisfyrirtæki hafa hafið undirbúning sjókvíaeldis á norska laxinum á báðum þessum svæðum,“ skrifar Jón Helgi og gerir grein fyrir því að lögmaður LV hefur skoðað réttarstöðu veiðiréttareigenda með hliðsjón af samkomulaginu frá 1988, og verði gefin út eldisleyfi fyrir eldinu fyrir vestan og norðan muni LV leita til dómstóla svo hnekkja megi þeirri ákvörðun.

Þess utan gerir Jón Helgi grein fyrir því að fáist ekki efnislegt svar fyrir miðjan febrúar muni LV leita til umboðsmanns Alþingis, enda sé málsmeðferð ráðuneytisins ámælisverð og ekki í samræmi við stjórnsýslulög eða góða stjórnsýsluhætti. – shá

> **Málsmeðferð ráðuneytisins er með öllu óásættanleg, þar sem nú liggur fyrir að fiskeldisfyrirtæki hafa hafið undirbúning sjókvíaeldis á norska laxinum á báðum þessum svæðum.**
>
> Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga







Þó Peugeot 308 hafi hlotið fjölda verðlauna út um allan heim þá eru það ekki bara verðlaunin sem skera hann frá samkeppninni. Ómótstæðilegir aksturseiginleikar, gott rými fyrir bæði farþega og farangur, eyðslugrannar og endingargóðar vélar*, hvort sem er dísil eða bensín, með eldsneytiseyðslu frá 3,1L/100km og $CO_2$ útblástur frá 82g/km, þá eru þetta eiginleikar sem einfaldlega er erfitt og nær ómögulegt að keppa við. **Komdu og prófaðu Peugeot 308, bíl sem á sér ekki jafningja.**

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

# Miðbæjarprýði



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Forsætisráðherra vill taka yfir lóð Landstólpa á Hafnartorgi fyrir Stjórnarráðið. Lóðin hefur verið töluvert til umræðu eftir að hafnargarður fannst við Austurbakkann sem síðar var friðlýstur eftirminnilega. Á endanum var samið við byggingaraðilann um að hafnargarðurinn yrði geymdur í bílakjallara.

Fyrirhugað var að byggja þar sjö hús sem fengist hafði grænt ljós fyrir hjá skipulagsyfirvöldum Reykjavíkurborgar. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra kom fram í fjölmiðlum og sagði að ef byggt yrði með þeim hætti sem dregið hefði verið upp, „yrði það líklega seinna álitið mesta skipulagsslys í miðbæ Reykjavíkur í seinni tíð og jafnvel alla tíð“.

Í síðustu viku upplýsti ráðherra um vilja til að taka lóðina yfir með makaskiptum, þannig að Landstólpi fengi í staðinn lóð á Skúlagötu þar sem staðið hefur til að byggja fyrir Stjórnarráðið. Hönnun á Hafnartorgi verður endurskoðuð í samráði við ráðuneytið.

Forsætisráðherra vill minnka byggingamagnið á lóðinni, finnst það allt of mikið. Um verði að ræða „arkitektúr sem gæti átt heima á póstkorti frá Reykjavík“. Til stendur að koma með drög að nýju húsnæði á næstu tólf vikum, eins raunhæft og það nú er.

Skipulagsmál og arkitektúr eru svolítið eins og val á maka, sitt sýnist hverjum – óútskýranlegur smekkur ræður. Það sem einum finnst frábært finnst öðrum ömurlegt. En einhvern veginn passar sumt bara – annað ekki. Þar að baki liggja fræðilegar skýringar sem ólærðir eiga bágt með að átta sig á.

Það sem liggur fyrir er staðfest skipulag þar til bærra yfirvalda Reykjavíkur á svæðinu. Hönnun húsanna sem þarna eiga að rísa er lokið og framkvæmdir að hefjast. Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar verður ekki breytt svo glatt, og samningar um kaup á lóðum breyta því ekki. Og skipulagið segir til um nákvæmlega hvaða starfsemi á að vera í húsunum. Þriðjungur húsnæðisins á að innihalda íbúðir, þriðjungur skrifstofur og þriðjungur verslanir. Ólíklegt verður að telja að ráðherra sjái fyrir sér að vera með Stjórnarráðið á skrifstofum milli hæða hjá 10-11 verslunum og heimilum, þó ekki sé hægt að slá það út af borðinu. Auk þess má spyrja sig hversu mikil miðbæjarprýði það er að vera með skrifstofuhúsnæði þar sem ljósin slokkna upp úr fjögur á degi hverjum og skellt er í lás í miðjum miðbænum.

**Ólíklegt verður að telja að forsætisráðherra sjái fyrir sér að vera með Stjórnarráðið á skrifstofum milli hæða hjá 10-11 verslunum og heimilum, þó ekki sé hægt að slá það út af borðinu.**

Sigmundur sagði á þingi í gær að málið væri aðeins til umræðu milli ráðuneytisins og Landstólpa. Menn væru opnir fyrir því að skoða ólíkar leiðir, hvort sem hann var þá að vísa til uppbyggingarinnar eða annars.

Afskipti forsætisráðherra af skipulagsmálum í Reykjavík eru umhugsunarverð. Í stjórnarskránni er mælt fyrir um að sveitarfélög skuli ráða málefnum sínum sjálf. Forsætisráðherra, eins valdamikill og hann er, á og má ekki hafa nein völd yfir skipulagsmálum Reykjavíkur. Sama hversu mikinn áhuga hann hefur á þeim. Vilji hann hafa eitthvað um þau mál að segja væri réttast fyrir hann að bjóða sig fram til borgarstjórnar. Eða þá allavega flytja suður og hafa áhrif með atkvæði sínu.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Áróður eða upplýsingar?**
**Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur óskað eftir skriflegu svari frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra um útlagðan kostnað vegna auglýsinga ríkisstjórnarinnar sem birst hafa í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Ríkisstjórnin hefur verið ansi iðin við það að koma upplýsingum á framfæri með íburðarmiklum hætti, til að mynda með blaðamannafundum í Hörpu. Mikilvægt er að ríkisstjórnir hvers tíma komi upplýsingum skilmerkilega til almennings en vanda verður til verka svo að almenningur fari ekki að greiða undir kosningaáróður valdhafa.**

**Hin raunverulegu fórnarlömb**
**Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur réttmætar áhyggjur af starfsemi kampavínsklúbba á Íslandi. „Ég hef haft spurnir af því að menn hafi verið féflettir á slíkum stöðum,“ segir Þorsteinn í samtali við Vísi. Ótækt er að hér á landi sé starfrækt starfsemi sem féfletti fólk en Þorsteinn hefði eflaust betur gert hinum raunverulegu fórnarlömbum hærra undir höfði. Greiningardeild ríkislögreglustjóra gaf út í fyrra skýrslu þar sem segir: „Oft er þar um erlendar stúlkur að ræða en ekki liggja nægar upplýsingar fyrir um hvort þær séu fluttar inn nauðugar eða hindraðar í að ferðast um frjálsar.“ stefanrafn@frettabladid.is**

# Um utanríkismál



Elín Hirst
alþingismaður

Sú ákvörðun að styðja áframhaldandi viðskiptaþvinganir vestrænna ríkja gagnvart Rússlandi er afar þýðingarmikil. Ísland grípur til aðgerða, eins og viðskiptaþvingana, með öðrum ríkjum þegar framin eru svo alvarleg brot á alþjóðalögum og sáttmálum, sem innlimun Krímskaga og hernaðurinn í Úkraínu eru. Ríki hafa yfir fáum öðrum úrræðum að ráða gagnvart hinum brotlega en viðskiptaþvingunum ef ekki á að beita vopnavaldi.

Við getum að sjálfsögðu ekki talað tveimur tungum hvað varðar virðingu okkar fyrir alþjóðalögum. Sem smáríki byggjum við afkomu okkar að miklum hluta á fiskveiðum og eigum því allt undir því að alþjóðalög og sáttmálar séu virtir.

Það er alveg ljóst að Rússar fylgjast vel með framgangi þessara mála og umræðunni hér á landi um þessi mál. Þeir vilja að sjálfsögðu mikið til vinna svo reka megi fleyg í samstöðu vesturveldanna í þessu máli og það má ekki með nokkru móti gerast.

Það hefur verið kjarni utanríkisstefnu Íslands í áratugi að eiga samvinnu og samleið með vestrænum lýðræðisríkjum, enda hefur það margoft sýnt sig að þar er hagsmunum okkar best borgið og þar erum við í hópi þjóða sem við getum borið okkur saman við þegar kemur að mikilvægum lýðræðislegum gildum. Hvernig getum við ætlast til þess, ef við segðum nú skilið við bandamenn okkar í aðgerðum þeirra gegn einhverjum alvarlegustu atburðum í utanríkismálum Evrópu um áraraðir, að þeir komi okkur til aðstoðar ef á okkur er ráðist?

**Við verðum að sjálfsögðu að taka hagsmuni, svo sem öryggi lands og þjóðar, fram yfir viðskiptahagsmuni.**

Hvað er rétt að gera og hvar liggja mikilvægustu hagsmunir okkar? Svarið er augljóst í mínum huga. Við verðum að sjálfsögðu að taka hagsmuni, svo sem öryggi lands og þjóðar, fram yfir viðskiptahagsmuni, þrátt fyrir að það sé auðvitað bölvað að missa tekjur á Rússlandsmarkaði.

En það ber að hrósa íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum fyrir dugnað við að finna nýja markaði fyrir þær vörur sem sem áður voru seldar til Rússlands, og laga sig þannig að breyttum aðstæðum.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Fiskar og vatnsaflsvirkjanir



Hilmar J. Malmquist
forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands



Landsvirkjun og Veiðimálastofnun stóðu á dögunum fyrir opnum fundi sem bar yfirskriftina Fiskar og vatnsaflsvirkjanir. Þar greindu sérfræðingar Veiðimálastofnunar frá niðurstöðum rannsókna sinna á áhrifum vatnsaflsvirkjana á laxfiska, einkum lax en einnig bleikju og urriða. Þetta var mikilvægur fundur í ljósi þess að Landsvirkjun er mjög umsvifamikill gerandi og áhrifavaldur í straumvötnum landsins og um að tefla afar dýrmæta og mikilvæga náttúruauðlind. Fundurinn stóð í 1,5 klst. og flutt voru fimm erindi auk umræðna.

Eins og gefur að skilja gafst ekki tóm á svo stuttum tíma til að fjalla á heildstæðan eða ítarlegan hátt um málefnið. Aftur á móti er mjög brýnt að gera sér grein fyrir því að viðfangsefnið er mun víðtækara en svo að áhrif virkjana taki einvörðungu til laxfiska og vatnavistkerfa, eða að verðmæti fiska séu bundin við þætti sem telja má til króna og aura, t.d. að hver lax sé verðmetinn á um 1,5 milljónir kr. í samhengi stangveiðinnar eins og einn fundargesta tók fram. Slíkt verðmat er mikilvægt en það er bara einn þáttur af mörgum sem líta ber til þegar spáð er í verðmæti laxfiska og vistkerfa. Ef ekki er reiknað með öllum helstu verðmætaþáttunum í dæminu verður útkoman röng.

**Verðmæti af þessu tagi hafa þegar farið forgörðum við virkjun íslenskra vatnsfalla og hætt við að fleiri laxfiskastofnar muni glatast ef heldur fram sem horfir með virkjunaráform.**

Í umræðum var tæpt á þætti sem ekki telst til beinna efnahagslegra gæða en það eru verðmæti sem felast í mismunandi stofngerð laxfiska m.t.t. lífsögu og útlits (t.d. stærð, vaxtarhraði og kynþroskaaldur) og endurspegla aðlögun fiskanna að ólíkum lífsskilyrðum í vötnunum sem þeir hafa alist upp í. Bent var á að íslenskir laxfiskastofnar hafa mikla sérstöðu og vísað til aðlögunar að lífi í jökul- og lindaám, en slíkar vatnagerðir búa yfir sérstökum eiginleikum og eru fágætar á hnattræna vísu. Verðmæti af þessu tagi hafa þegar farið forgörðum við virkjun íslenskra vatnsfalla og hætt við að fleiri laxfiskastofnar muni glatast ef heldur fram sem horfir með virkjunaráform.

Það er vissulega rétt að stofnar laxfiska hafa vaxið í sumum jökulám eftir að þær hafa verið virkjaðar, en að kalla slík áhrif „jákvæð“ er tvíbent í hinu stóra samhengi. Það verður að skiljast að eftir því sem virkjuðum vatnsföllum fjölgar, eykst einsleitni í straumvötnum okkar vegna vatnsmiðlunar og -stýringar og þeim fækkar vatnsföllunum sem lúta gangi náttúrunnar. Hvað jökulárnar varðar þá hverfur aurinn og þær blána, vatnsrennsli jafnast út á ársgrunni og flestir umhverfisþættir, m.a. vatnshiti og efnabúskapur, verða stöðugri. Með þessum og álíka umhverfisbreytingum er vegið að rótum þess sem alið hefur af sér fjölbreytileika í íslenskum laxfiskastofnum, sem er fjölbreytileiki í lífsskilyrðum. Sumar aðlaganir fiskanna eru arfbundnar og með því að steypa fiskana í sama mót rýrum við ekki einasta líffræðilegan fjölbreytileika heldur kippum við grundvellinum einnig undan möguleikum á þróun lífs.

Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar spáð er í áhrif vatnsaflsvirkjana á fiska sem lifa í ferskvatni. Það er svo annað mál, en e.t.v. ekki minna mikilvægt, hvaða áhrif vatnsaflsvirkjanir hafa á fiska sem lifa allan sinn aldur í söltum sjó, en um þá fiska eða aðra þætti í sjávarlífríkinu var ekki fjallað á fundinum.

# Þekkir þú heimsfræga leikkonu?



Auður Guðjónsdóttir
formaður Mænuskaðastofnunar Íslands

**Nú megum við ekki láta deigan síga og verðum að berjast með öllum ráðum svo að þjóðarleiðtogarnir standi við yfirlýsingu sína.**

Ágæti lesandi. Mig langar til að spyrja þig hvort þú þekkir eða hafir sambönd við heimsþekkta og virta leikkonu sem þú telur að væri tilbúin til að koma til Íslands og hjálpa okkur við að vekja athygli umheimsins á taugakerfinu. Ef þú hefur þessi sambönd og ert tilbúinn til að nota þau bið ég þig vinsamlegast um að hafa samband.

Hugmyndin er að biðja leikkonuna um að koma fram í eitt skipti í íslenskum fjölmiðli. Þar myndi hún hvetja þjóðarleiðtoga, yfirmenn viðeigandi alþjóðastofnana og alþjóðleg líknarfélög til að taka höndum saman og hrinda úr vör átaki til aukins skilnings á því hvernig taugakerfið virkar. Hún myndi hvetja þessa sömu aðila til að hafa forgöngu um að láta greina gagnagrunna á alþjóðlegu taugavísindasviði og samkeyra upplýsingarnar í þeim. Sú stóra rannsóknarmynd sem þá myndi blasa við gæti leitt í ljós vannýtta vísindaþekkingu sem nota mætti til að finna árangursríkari meðferðir og lækningu við mænu- og heilaskaða, geðsjúkdómum, Alzheimer, MS, MND, flogaveiki, Parkinson og öðru ólagi í taugakerfinu. Leikkonan myndi hvetja þjóðarleiðtogana á þeim forsendum að þeir hefðu sjálfir yfirlýst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í september síðastliðnum að næstu 15 árin skuli tekið á málefnum taugakerfisins.

**Leiðum málið til lykta saman**

Undanfarin ár hafa íslensk stjórnvöld talað máli taugakerfisins á alþjóðavísu, nú á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni WHO og hjá Norðurlandaráði. Síðastliðið sumar sendu um 26 þúsund Íslendingar bænaskjal til aðalritara Sameinuðu þjóðanna og buðluðu um byr fyrir taugakerfið. Þessi vinna Íslands er að bera árangur og er meðal annars ein undirstaða þess að þjóðarleiðtogarnir samþykktu taugakerfið inn í pólitískt lokaskjal Sameinuðu þjóðanna um næstu heimsmarkmið, eins og getið er að ofan. Nú megum við ekki láta deigan síga og verðum að berjast með öllum ráðum svo að þjóðarleiðtogarnir standi við yfirlýsingu sína. Til þess þurfum við mjög sterka rödd. Það væri því afar kærkomið ef heimsfræg og virt leikkona vildi ljá okkur rödd sína til að auðvelda að koma málinu í traustan alþjóðlegan farveg.

Að endingu þakka ég þeim tugum þúsunda Íslendinga sem komið hafa að þessu máli í gegnum árin.




Ef þú ert að leita að rúmgóðum bíl er Golf Variant Metan svarið. Hann er umhverfisvænn, fær frítt í stæði, gengur bæði fyrir metani og bensíni og kemur þér allt að 1.300 km á áfyllingunni. Skiptu yfir í Golf Variant Metan og láttu fara vel um þig og þína.

**Golf Variant Trendline 1.4 TGI Metan beinskiptur:**
**3.190.000 kr.**
**Sjálfskiptur: 3.390.000 kr.**

**Das Auto.**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Gylfi á **heimavelli**
með **Swansea**
**5 mörk í 39 leikjum**
**Mark á 634 mínútna fresti**

Gylfi á **útivelli**
með **Swansea**
**14 mörk í 34 leikjum**
**Mark á 202 mínútna fresti**






# Gylfi skorar þrefalt meira á útivelli

**Gylfi Þór Sigurðsson og lið Swansea hefur verið að spila betur síðustu vikurnar. Gylfi skoraði í 2-1 sigri þess á Everton á Goodison Park um helgina og hefur byrjað nýtt ár vel. 74 prósent marka hans hafa komið yfir utan Wales.**

**FÓTBOLTI** Old Trafford, Anfield, White Hart Lane, Villa Park og Goodison Park eru allt heimsfrægir leikvangar í Englandi og allt vellir þar sem íslenski landsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson hefur fundið netmöskvana sem leikmaður Swansea City.

Gylfi skoraði fyrra mark Swansea í 2-1 sigri á Everton á sunnudaginn og er þar með búinn að skorað 19 mörk fyrir Swansea í ensku úrvalsdeildinni. Það sem vekur hins vegar athygli er að 14 af þessum 19 mörkum, 74 prósent markanna, hafa komið á útivöllum.

Eina mark Gylfa á heimavelli á þessu tímabili kom úr vítaspyrnu á móti Sunderland í fyrsta heimaleik nýs árs. Þá var Gylfi búinn að spila tíu deildarleiki í röð á Liberty-leikvanginum.

Gylfi hefur skorað næstum því þrefalt fleiri mörk í útileikjum sínum fyrir Swansea og það er ekki hægt að hengja það á spilatíma því hann hefur bæði spilað fimm fleiri leiki á Liberty-leikvanginum og í 342 fleiri mínútur.

Það þarf því ekki að eyða löngum tíma í að átta sig á að það líða talsvert fleiri mínútur á milli marka hjá Gylfa á ensku völlunum en á heimavelli hans. Það líða 202 mínútur á milli marka hans í útileikjum en 634 mínútur á milli marka hans á Liberty-leikvanginum.

Gylfi er þó ekki alveg aðgerðalaus á Liberty því 13 af 16 stoðsendingum hans í búningi Swansea hafa komið á vellinum.

Íslenskir knattspyrnuáhugamenn geta glaðst yfir því að Gylfi hefur byrjað árið 2016 með því að skora þrjú mörk í fyrstu fjórum leikjunum. Swansea hefur líka unnið tvo þessara leikja og útilitið er ekki alveg eins svart að þegar liðið var komið niður í fallsæti.

Það eru líka líkur á marki í næsta leik Swansea sem er einnig á útivelli en liðið heimsækir þá West Bromwich Albion á The Hawthorns.

ooj@frettabladid.is

## Nýjast

**Powerade-bikar karla**

**Þór Þorl. - Keflavík 100-79**

Stig: Vance Hall 40/8 frák./6 stoðs., Ragnar Örn Bragason 18 – Magnús Már Traustason 22/8 frák., Valur Orri Valsson 18/9 frák.

Frábær fjórði leikhluti og mögnuð frammistaða Vance Hall skilaði Þór í bikarúrslitin í fyrsta sinn í sögu félagsins.

**Grindavík - KR 70-81**

Stig: Jón Axel Guðmundsson 25/12 frák., Þorleifur Ólafsson 17 – Ægir Þór Steinarsson 20/8 frák., Michael Craion 18/11 frák.

KR er komið í úrslitaleik bikarsins annað árið í röð. KR byrjaði rólega en kláraði leikinn í fjórða leikhluta.

**EM 2016 í handbolta**

**Makedónía - Noregur 31-31**

Mörk: Kiril Lazarov 11 – Kristian Björnsen 6.

**Pólland - Hv. Rússland 32-27**

Mörk: Michal Jurecki 9 – Siarhei Shylovich 6.

**Stigin: Noregur 7, Pólland 6, Frakkland 6, Króatía 4, Makedónía 1, Hvíta-Rússland 0.**

Pólland getur tryggt sér sæti í undanúrslitum mótsins með því að vinna Króatíu á morgun. Noregur og Frakkland mætast og sigurvegari leiksins fer áfram í undanúrslit en Norðmönnum dugir þó jafntefli.

DIEGO KOMINN Í BLÁTT
Diego Jóhannesson var í gær valinn í íslenska landsliðið sem mætir Bandaríkjunum í æfingaleik á sunnudag. Þetta er í fyrsta sinn sem Diego, sem leikur með Real Oviedo í spænsku B-deildinni, er valinn í landsliðið. Diego á íslenskan föður en hefur búið á Spáni alla sína tíð og er nýkominn með íslenskt vegabréf. Diego fékk leyfi frá félagi sínu til að fara í verkefnið þrátt fyrir að liðið eigi leik gegn toppliði Alaves á laugardaginn. Aron Sigurðarson, Fjölni, og Ævar Ingi Jóhannesson, Stjörnunni, koma einnig inn landsliðshópinn nú.



## Í dag

**19.40 Liverpool - Stoke** Sport & 2





**Evrópski persónuverndardagurinn 2016:**

**Persónuupplýsingar hjá fyrirtækjum og stjórnsýslu**

**Málþing Persónuverndar í samvinnu við Mannréttindastofnun Háskóla Íslands**

**Fimmtudaginn 28. janúar 2016 kl. 12-13 í Hátíðarsal Háskóla Íslands**

Umfangsmikil söfnun og skráning persónuupplýsinga fer fram hjá stofnunum hins opinbera, fyrirtækjum á almennum markaði, verslunum, þjónustuaðilum og fleirum. Slík skráning getur verið nauðsynleg fyrir einstaklinga, en hún getur einnig farið fram án vitundar þeirra og vilja. Með aukinni skráningu persónuupplýsinga eykst hættan á því að misfarið sé með þessar upplýsingar – eru lög og reglur hér nægilega skýrar? Hvað má og hvað ber að varast? Hvaða þýðingu hafa nýlegar dómsúrlausnir Mannréttindadómstóls Evrópu og dómstóls ESB á sviði persónuverndar?

**Dagskrá:**
**Ragnhildur Hjaltadóttir** ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytisins opnar málþingið.

Alma Tryggvadóttir, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd: Grundvallarreglur um meðferð persónuupplýsinga hjá fyrirtækjum og stofnunum. Einnig verður kynnt ný Evrópulöggjöf um Persónuvernd. Aukin vernd einstaklingsins og réttur til að ráðstafa eigin persónuupplýsingum.

**Í pallborði sitja:**
**Andrés Magnússon**, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu,
**Björg Thorarensen**, stjórnarformaður Persónuverndar,
**Helgi Hrafn Gunnarsson**, alþingismaður,
**Katrín Jakobsdóttir**, alþingismaður og
**Ragnhildur Arnljótsdóttir**, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis.

**Málstofustjóri:**
**Helga Þórisdóttir,** forstjóri Persónuvendar.

**Málþingið er opið öllum og aðgangur ókeypis.**

MANNRÉTTINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Persónuvernd



## Fólk þyrstir í upplýsingar

Læknaneminn Una Emilsdóttir heldur fyrirlestur á Gló á fimmtudaginn um hvernig taka megi ábyrgð á eigin heilsu og fyrirbyggja króníska sjúkdóma. SÍÐA 2

# LÍFRÆNT VOTTAÐ OFURFÆÐI

**Artasan kynnir** ofurfæði frá Natures Aid. Ofurfæði er náttúruleg afurð sem hefur óvenju hátt næringargildi. Það inniheldur fáar hitaeiningar á sama tíma og hlutfall vítamína, steinefna, sindurvara (andoxara) og fjölfenóla er afar hátt.

Öll efnin í þessari línu eru vel þekkt og hafa verið notuð til heilsubótar í hundruð ára, sum jafnvel í árþúsundir. Þetta eru spirulína, hveitigras, moringa, maca-duft, bygggras og svo hin „fullkomna ofurfæðisblanda“ sem er sambland af 31 efni sem unnin eru úr ofurfæði, ávöxtum og berjum, grænmeti og lífvirkum ensímum ásamt blöndu af meltingarensímum.

Grundvöllur þess að halda góðri heilsu er að borða hollan mat og það er í raun ekkert sem kemur í staðinn fyrir það. Stundum höfum við þó ekki nægilegan tíma til að útbúa það sem er kannski ákjósanlegast og svo getum við heldur ekki alltaf verið viss um næringargildi þess sem við kaupum. Þá eru þessi lífrænu duft kjörin leið til að auka næringargildi matarins þar sem auðvelt er að blanda þeim við þeytinga/boost, sósur, súpur, salat og fleira.

Áherslumunur er á næringargildi efnanna og getur hver og einn valið það sem hann telur henta best fyrir sig. „Fyrir þá sem eru ekki alveg á því að nota duft er ofurfæðisblandan líka í hylkjum sem auðvelt er að gleypa,“ segir Evert Víglundsson, eigandi og yfirþjálfari CrossFit Reykjavík.

> Nauðsynleg viðbót við heilbrigt mataræði sem viðheldur góðri heilsu og eykur afkastagetu bæði á æfingum og við dagleg störf.
>
> Evert Víglundsson

Natures Aid ofurfæðislínan er úrval af sérvöldum gæðaefnum víðsvegar að úr heimunum og eru þau öll lífrænt vottuð og án allra aukaefna. Framleiðslan sjálf er gæðavottuð (GMP) og fyrirtækið hefur margoft fengið verðlaun fyrir þær vörur sem settar hafa verið á markað.

**SÖLUSTAÐIR:**

- **Heildarvörulínan fæst hjá Apótekaranum,**
- **Hluti línunnar í Heilsuhúsinu, Fræinu og hjá Lyfsalanum Glæsibæ.**
- **Ultimate Superfoods hylkin eru í flestum apótekum og heilsuhillum verslana.**



**„Fyrir þá sem eru ekki alveg á því að nota duft er ofurfæðisblandan líka til í hylkjum sem auðvelt er að gleypa.“**












# AÐ TAKA ÁBYRGÐ Á EIGIN HEILSU

**Una Emilsdóttir**, læknanemi við Kaupmannahafnarháskóla, heldur fyrirlestur á Gló á fimmtudag um hvernig taka megi ábyrgð á eigin heilsu og fyrirbyggja króníska sjúkdóma. Hún mun meðal annars fjalla um þarmaflóruna og ónæmiskerfið og tenginguna við krabbamein.

Una varð fyrir ákveðinni hugljómun fyrir ári þegar hún hlýddi á fyrirlesarann Marcus Frauderman sem hefur ferðast um allan heim og safnað upplýsingum um tengsl mataræðis og umhverfis við króníska sjúkdóma.

„Ég lærði mikið af honum og langaði að koma upplýsingunum áfram. Ég stóð mig að því að taka ættingja og vini afsíðis og segja þeim allt af létta en fékk svo tækifæri til að halda fyrirlestur í Lifandi markaði í júní í fyrra. Áhuginn lét ekki á sér standa og síðan hef ég fengið fjölda fyrirspurna. Fyrir skömmu var svo haft samband við mig frá Gló og ég beðin um að endurtaka leikinn. Ég sló til og á hálfum degi höfðu 200 manns boðað komu sína," upplýsir Una og segir fólk greinilega þyrsta í upplýsingar um hvað það er sem herjar á ónæmiskerfið og veldur veikindum og hvað er hægt að gera til að fyrirbyggja þau.

***En af hverju veikjumst við?***

„Fyrir því eru fjölþættar ástæður. Það er herjað á okkur úr öllum áttum. Mengun í lofti, óhollt mataræði og eiturefni í matvælum ásamt efnum sem komast inn í gegnum húðina hafa öll sitt að segja," segir Una.

Mikil umræða hefur til dæmis verið um óæskileg áhrif sykurs en vitað er að krabbameinsfrumur þrífast á sykri og kolvetnum. „Sykur var munaðarvara á árum áður og hans neytt í mjög litlu magni. Í dag vitum við að hann er í raun eitur sem ætti eftir fremsta megni að forðast. Þá er það því miður svo að mikið af því grænmeti og ávöxtum sem við borðum er sprautað með eitri. Eins hafa plastílát sem við geymum matinn okkar í mörg hver að geyma hættuleg efni. Þá verður uppgufun frá húsgögnum og málningu auk þess sem hinar ýmsu snyrtivörur innihalda óæskileg efni svo dæmi séu nefnd. Þegar ég fór að skoða þessa hluti ofan í kjölinn stóð mér hreint ekki á sama og því má kalla þetta forvarnarfyrirlestur," segir Una.

Hún segir fólk þurfa að gæta að því sem það setur ofan í sig. „Það er ekki hægt að svindla á líkamanum. Við erum stöðugt að mynda nýjar frumur og það sem við setjum ofan í okkur og tökum inn er það sem líkaminn hefur að vinna úr. Óæskileg efni setjast fyrir í líkamanum og í kjölfarið geta sjúkdómar myndast."

Una hefur hlýtt á fjölda krabbameinslækna víðs vegar um heim og allir eru þeir sammála um að ekki dugi að dæla einungis lyfjum í þá sem veikjast. „Við þurfum að fara til baka og fá fólk til að skilja samhengið." Una segir því miður allt of mikið um að fólk hugsi ekki út í tengsl mataræðis, umhverfisþátta og myndunar sjúkdóma.

„Það er mikil áhersla á að vera í góðu formi og líta vel út en minna hugsað um raunverulegt heilbrigði. Fólk setur samasemmerki á milli þess að vera grannur og heilbrigður en það er ekki endilega raunin og margir eru á villigötum og telja sig kannski vera að gera sér gott með því að fá sér orkustykki með kókos í stað súkkulaðis svo dæmi sé nefnt."

***En hvað á til bragðs að taka?***

„Í einfaldaðri mynd ætti að borða það sem kemur upp úr sjónum, upp úr jörðinni og vex niður af trjánum. Því miður eru þessar afurðir þó oft mengaðar af eiturefnum en sem betur fer hefur orðið mikil vakning í lífrænni ræktun.

Þá ætti fólk að hugsa út í vinnslu- og geymsluaðferðir og vera gagnrýnið á það sem verið er að reyna að selja því. Gott er að reyna að gera sér í hugarlund hversu mikið er búið að vinna viðkomandi vöru og hvað hún hefur farið í gegnum margar hendur. Viðmiðið ætti að vera að byggja sig upp með eins hreinum afurðum og mögulegt er."

Una er að hefja síðasta árið í læknisfræðinni í vor. „Ég er ekki búin að taka endanlega ákvörðun um hvaða sérhæfingu ég ætla að velja. Ég veit þó að ég vil hjálpa fólki að fyrirbyggja sjúkdóma með heilbrigðu daglegu lífi."

Fyrirlesturinn, sem ber yfirskriftina Ábyrgjumst eigin heilsu, verður haldinn á Gló í Fákafeni. Hann hefst klukkan 17.30 og stendur til 19. *vera@365*



**„Í einfaldaðri mynd ætti að borða það sem kemur upp úr sjónum, upp úr jörðinni og vex niður af trjánum," segir Una** MYND/VILHELM

> Þegar ég fór að skoða þessa hluti ofan í kjölinn stóð mér hreint ekki á sama og því má kalla þetta forvarnarfyrirlestur.
>
> Una Emilsdóttir




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 **|** Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# BETRI AF BLÖÐRUBÓLGUNNI

Bio-Kult Pro Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Guðlaug Jóna Matthíasdóttir hefur fengið endurteknar þvagfærasýkingar en er nú betri eftir að hún fór að taka Bio-Kult Pro Cyan.

Þvagfærasýking er algengt vandamál og mun algengari hjá konum en körlum, og er helsta ástæða þess að styttri leið er upp í þvagrás kvenna. Algengt er að sýkingin sé af völdum E. coli-bakteríunnar.

Ein af hverjum þremur konum hefur þjáðst af þvagfærasýkingu fyrir 24 ára aldur og að minnsta kosti helmingur allra kvenna fær þvagfærasýkingu einu sinni á ævinni. Fjórðungur þeirra fær endurteknar sýkingar. Guðlaug Jóna Matthíasdóttir er ein þeirra. „Ég hef verið með króníska blöðrubólgu í rúmlega tvö ár og hefur það valdið mér mikilli vanlíðan og óþægindum. Ég gat til dæmis aldrei farið í heitan pott eða verið úti í miklu frosti því það olli mér strax mikilli vanlíðan. Þar sem ég stunda hestamennsku og þarf oft að vera á ferðinni í vinnu þá var þetta mjög óþægilegt og hamlandi fyrir mig. Læknarnir vildu setja mig á sýklalyfjakúr í tólf mánuði en ég var ekki alveg tilbúin til þess. Því ákvað ég að prófa Bio-Kult Pro Cyan þegar ég sá umfjöllun um það í blöðunum. Ég fann fljótlega að það virkaði mjög vel gegn blöðrubólgunni. Í fyrstu tók ég bara eitt hylki á dag, eða þegar ég fann að ég fékk einkenni, en núna tek ég tvö hylki um leið og ég finn fyrir óþægindum og stundum nokkrum sinnum yfir daginn þegar ég er verst.“

**TRYGGIR HEILBRIGÐA ÞVAGRÁS**

Orsakir þvagfærasýkingar eru nokkrar, meðal annars utanaðkomandi áhrif á þarmaflóruna, breyttur lífsstíll, aukið stress, ýmsir sjúkdómar og aukin lyfjanotkun. Einkenni sýkingarinnar eru meðal annars tíð þvaglát, aukin þörf fyrir þvaglát án þess að kasta af sér þvagi, verkir við þvaglát og óeðlileg lykt og litur af þvaginu. Trönuber hafa lengum verið þekkt fyrir að virka vel sem fyrirbyggjandi meðhöndlun gegn þvagfærasýkingum. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar. Þau drepa ekki bakteríuna heldur skolast hún út með þvaginu.

Bio-Kult Pro Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Hylkin innihalda trönuberjaextrakt, vinveitta gerla og A-vítamín. Hlutverk A-vítamíns og vinveittu gerlanna er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegri bakteríuflóru í þörmum og einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu.

**Icecare styrkir Ljósið**

**Í desember renna 100 krónur af hverjum seldum pakka af Bio-Kult – öllum tegundum – til Ljóssins, stuðningsmiðstöðvar krabbameinsgreindra.**




**VIRKAR VEL** Guðlaug Jóna tekur Bio-Kult Pro Cyan þegar hún finnur fyrir einkennum þvagfærasýkingar. MYND/GVA

# SVEFNTRUFLANIR ÚR SÖGUNNI

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar.

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Sigríður Geirsdóttir er fimmtug kona í krefjandi stjórnunarstarfi og hefur átt við svefnvandamál að stríða af og til undanfarin tíu ár. Hún mælir eindregið með Melissa Dream fyrir alla þá sem eiga erfitt með að slaka á og festa svefn. „Svefnvandamálið lýsir sér þannig að ég næ ekki að „slökkva á mér“ á kvöldin, heilinn fer á fullt að hugsa um næstu vinnudaga og ég næ ekki að slaka nægilega á til að sofna. Fyrir nokkrum árum fékk ég vægt svefnlyf hjá lækni sem hjálpaði mér en ég var aldrei hrifin af því að taka svefnlyf að staðaldri, kannski vegna hræðslu við að verða háð þeim. Lyfin fóru einnig illa í mig, til dæmis vaknaði ég á morgnana með hálfgerða timburmenn, en þá líðan tengdi ég beint við notkun svefnlyfja. Fyrir nokkrum mánuðum ráðlagði góð vinkona mín mér að prófa Melissa Dream og verð ég að viðurkenna að það hentar mér mun betur en svefnlyfin,“ segir Sigríður. „Eftir að ég fór að nota Melissa Dream þá næ ég að slaka á og festa svefn. Ég sef eins og ungbarn og er hress morguninn eftir. Einnig hefur Melissa Dream hjálpað mér mikið vegna pirrings í fótum sem angraði mig oft á kvöldin. Það er líka góð tilfinning að notast við náttúruleg lyf ef þess gerist kostur.“

**ÞAKKLÁTAR MELISSA DREAM**

Unnur Stephensen hefur einnig góða reynslu af notkun Melissa Dream og telur sig heppna að hafa uppgötvað það. „Þannig var að ég þurfti að vinna úr ákveðinni reynslu, sem var sársaukafull. Ég missti föður minn fyrir nokkrum árum og missti mömmu mína fyrir ári, þessi elska fékk Alzheimer og var á Skjóli í nokkur ár. Þegar mér leið sem verst fékk ég skrifað upp á svefntöflur frá lækni. Ég tók þær í nokkurn tíma og fannst þær hreint hræðilegar fyrir mig, ég var eins og vofa á daginn þannig að ég hætti að taka þær inn,“ lýsir Unnur. Hún fór svo að nota Melissa Dream og telur það sannarlega hafa breytt miklu hjá sér og er innilega þakklát fyrir það.

Guðlaug Narfadóttir hefur notað Melissa Dream í nokkra mánuði og segir það virka vel. „Ég sef vel og vakna hressari á morgnana, jafnvel áður en vekjaraklukkan hringir. Ég hef verið mjög slæm af fótapirringi en hann hefur lagast eftir inntöku á Melissa Dream,“ segir Guðlaug.




**SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM**

- Vísindalega samsettar náttúruvörur.
- Aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur.
- Innihalda ekki sljóvgandi efni.
- Innihalda náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun.
- Innihalda B-vítamín sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi.
- Innihalda mikið magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.

# LÆKNIRINN MÆLTI MEÐ BIO-KULT

Margréti Fanneyju líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Original samkvæmt ráðleggingum læknis og mælir hún heils hugar með því.

Margrét Fanney Bjarnadóttir segir Bio-Kult Original hafa komið meltingunni í jafnvægi og að hún sé allt önnur eftir að hún fór að taka það inn. „Ég hef alla tíð átt í vandræðum með meltinguna, það hefur ýmist allt verið stíflað hjá mér eða að ég held engu niðri. Árið 2012 veiktist ég mjög, hélt engum mat niðri og léttist um fjörutíu kíló. Ég fór í allar mögulegar rannsóknir sem hægt var að senda mig í, til dæmis ristil- og magaspeglun, ísótóparannsókn og alls konar myndatökur. Ég fékk reyndar gallsteina líka á þessu tímabili og þurfti að fara í aðgerð við því og svo var skjaldkirtillinn orðinn vanvirkur,“ lýsir Margrét.

Hún segir að sér finnist erfitt að þurfa að segja frá því að hún hafi þurft að skipta um meltingarsérfræðing en það hafi hún þurft að gera vegna þess að hún hafi ekki fengið neina lausn sinna vandamála hjá þeim fyrsta. „Hann rannsakaði mig vissulega vel en ég fékk enga lausn nema að ég væri með ofvirkan ristil. Ég reyndi ítrekað að fá hann til að leiðbeina mér um mataræði og hvort hann vissi um eitthvað sem gæti hjálpað mér, en hann skrifaði bara upp á hægðalosandi og hægðastemmandi töflur. Ég skipti því um meltingarsérfræðing og hann ráðlagði mér að taka Bio-Kult Original til að koma meltingunni í jafnvægi. Það hefur bjargað mér algjörlega og ég er allt önnur núna. Ég tek eitt hylki af Bio-Kult Original með kvöldmat og þarf ekki lengur að hafa áhyggjur af maganum,“ segir Margrét ánægð í bragði.



Margrét Fanney fékk lausn við áralöngum meltingarvandamálum þegar hún fór að taka inn Bio-Kult Original.

**BIO-KULT FYRIR ALLA**

Innihald Bio-Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Original hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.




**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**

IceCare

# Þungir foreldrar eiga þreyttari börn

Þegar foreldrar eru í yfirvigt fer barn þeirra seinna í háttinn en þeirra foreldra sem eru í kjörþyngd og þau fá minni svefn. Börnin eru þreytt og eiga frekar á hættu að verða feit eins og foreldrarnir. Óhollt mataræði eykur svefnvandamál.

Offitusjúklingar glíma yfirleitt við svefnvandamál og verða oftar veikir en þeir sem eru í kjörþyngd. Sænskir vísindamenn hafa komist að því að börn of feitra eru líka með svefnvandamál. Lijuan Xiu, prófessor við Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi, segir að börn offitusjúklinga vakni seinna á morgnana og séu lengur að sofna á kvöldin. Þessar fjölskyldur sofa minna en þær þurfa. Lijuan Xiu hefur skoðað tengsl þyngdar foreldra og svefnvenja barna.

Mælt er með því að börn sofi 11-14 tíma fyrstu tvö árin. Xiu rannsakaði 167 börn sem eiga foreldra í yfirvigt og kom í ljós að þau sváfu undir tíu klukkustundum.

Samhengi á milli of lítils svefns og óholls mataræðis hefur áður verið greint hjá unglingum og fullorðnum í yfirvigt. Xiu bendir á að foreldrar hafi áhrif á mataræði barna og svefnvenjur. Mjög mikilvægt er að taka í taumana strax þegar börn sýna tilhneigingu til að fitna. „Það þarf að koma í veg fyrir offitu barna og leggja áherslu á að þau fái nægan svefn. Vanda þarf mataræði þeirra og forðast streitu. Þeir sem eiga við offituvandamál að stríða glíma við margs konar lífsstílssjúkdóma sem hægt er að koma í veg fyrir,“ segir Xiu í samtali við forskning.no.

Vitað er að þeir sem glíma við offitu eiga oft við kæfisvefn að stríða. Þeir eru líklegir til að vakna oft að nóttu. Þegar fólk vaknar á nóttunni getur það sömuleiðis tengst streitu. Dagleg hreyfing og útivera gæti aukið svefngæði til muna. Allir þurfa reglulegan svefn og fólk er hvatt til að gera eitthvað í sínum málum strax og það verður vart kæfisvefns.

Xia mun ekki staðfesta strax að offita leiði til lakari svefnvenja í fjölskyldunni en sterkar vísbendingar eru um að svo sér. Rannsókninni verður haldið áfram.



**Þegar foreldrar eru í yfirþyngd eru börn þeirra í meiri hættu á að glíma við offitu.**

> Samhengi á milli of lítils svefns og óholls mataræðis hefur áður verið greint hjá unglingum og fullorðnum í yfirvigt.


MAMMA VEIT BEST KYNNIR:

## Purelife Red Iron

100% NÁTTÚRULEGT, FLJÓTANDI JÁRN ÁN AUKAEFNA




**Purelife Red Iron** er unnið úr steingerðum jarðlögum þar sem plöntur og steinefni hafa myndað einstaka járnríkan jarðveg sem droparnir eru unnir úr.

Hentar barnshafandi konum
Milt í magann - engin hægðatrega
Öruggt og áhrifaríkt

GLÚTENLAUST - GERLAUST - MJÓLKURLAUST - VEGAN

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

Mamma veit best - Laufbrekka 30 - 200 Kópavogur mammaveitbest.is

# Vörubílar & vinnuvélar

26. janúar 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Aflvélar | Olís | Brimborg| Vélfang | Trackwell| Rototilt | Merkúr | Kraftvélar



**Aflvélar hafa boðið fyrirtækjum og sveitarfélögum upp á gott úrval af vinnuvélum í 30 ár.**

# Hundruð tækja um allt land

Aflvélar sérhæfa sig gæðamerkjum sem eru notuð víða um land í ólík verkefni. Meðal nýlegra vörumerkja er Pronar frá Póllandi sem hefur komið afar vel út hér á landi. Nýlega hóf fyrirtækið útrás til Grænlands og spennandi tímar eru fram undan hjá fyrirtækinu.

Í rúmlega 30 ár hafa Aflvélar boðið fyrirtækjum og sveitarfélögum hér á landi gott úrval af vinnuvélum af ýmsum stærðum og gerðum. Undanfarin tvö ár hafa starfsmenn fyrirtækisins upplifað mikinn uppgang og margföldun í sölu, að sögn Friðriks Inga Friðrikssonar, forstjóra fyrirtækisins. Nokkrir þættir koma þar við sögu. „Við finnum fyrir uppgangi í þjóðfélaginu og erum um leið að bjóða upp á ný vörumerki á góðu verði auk eldri og þekktari gæðamerkja fyrir ólík verkefni.“

## Eingöngu gæðamerki

ASH Aebi Schmidt International er meðal helstu vörumerkja Aflvéla. „Við seljum bæði snjóruðningstæki og sumartæki frá þeim. Það að við höfum selt þessi tæki í hartnær 30 ár segir sitt um gæði þeirra,“ bætir Friðrik við og bendir á að Aebi Schmidt sé stærsta fyrirtækið í Evrópu á þessu sviði. „Meðal tækja sem við seljum frá þeim er úrval af snjótönnum, salt- og sanddreifarar og snjóblásarar.“

Aflvélar selja einnig svokölluð sameyki fyrir flugvelli. „Þau samanstanda af stórri snjótönn, vörubíl, undirtönn og flugbrautarsóp frá Schmidt. Einnig má nefna að við erum með umboð fyrir strætisvagna frá Solaris í Póllandi, fjölnotatæki frá Holder í Þýskalandi, veghefla frá Veekmas oy frá Finnlandi ásamt fleiri umboðum.“

## Mikill vöxtur

Einn stærsti framleiðandi Evrópu í vögnum, vinnuvélum og tækjum er pólska fyrirtækið Pronar. Fjögur ár eru síðan Aflvélar hófu að selja vörur frá þeim með afar góðum árangri að sögn Friðriks Inga. „Viðskiptavinir okkar hafa verið mjög ánægðir með þessi tæki og við sjáum fram á áframhaldandi vöxt þar. Þar má helst nefna snjóhreinsibúnað en orðspor Pronar hefur vaxið hratt hér á landi á skömmum tíma enda hefur fyrirtækið unnið til fjölda verðlauna.“



**Við afhendingu Lava dreifara frá Schmidt á Grænlandi í síðustu viku. F.v.: Jens Lauridsen, forstjóri flugvalla í Grænlandi, Simon Buecklers, tæknistjóri Schmidt International, og Friðrik Ingi Friðriksson, forstjóri Aflvéla.** MYND/ÚR EINKASAFNI

## Árangursrík útrás

Aflvélar fengu einkasöluumboð fyrir Schmidt í Grænlandi á síðasta ári. Í síðustu viku voru menn frá Aflvélum og Schmidt að afhenda formlega fyrstu tækin í Grænlandi og þjálfa starfsmenn á þau, þ.m.t. Tarron snjóplóga og Lava sanddreifara. „Nýju Lava sanddreifararnir eru einstök tæki. Í stuttu máli má segja að þeir lími sandinn við ísilagt yfirborð á svipstundu og um leið batna hemlunarskilyrðin og haldast óbreytt á meðan ekki þiðnar eða snjóar. Þessi tækni var þróuð í Noregi og hefur slegið í gegn þar, ekki síst hjá notendunum; flugmönnum og vörubílstjórum.“

Ferðin til Grænlands gekk vel að sögn Friðriks. „Tækin virkuðu vel og viðskiptavinirnir voru ánægðir. Við reiknum með áframhaldandi viðskiptum við Grænland en nú þegar er búið að leggja inn nokkrar pantanir til viðbótar.“

**Allar nánari upplýsingar má finna á www.aflvelar.is.**

# Ferðast um ísilögð vötn

Arnar Lúðvíksson Fahning flutti til Edmonton í Kanada haustið 2013 og starfar sem vöruflutningabílstjóri. Hann hefur upplifað ýmislegt, skógarelda, heimsókn bjarndýra og akstur um ísilögð vötn.

„Kanada hefur alltaf togað í mig og eftir efnahagshrunið líkaði mér ekki að sjá þann farveg sem Ísland var komið í. Því ákváðum við fjölskyldan að þetta væri rétti tíminn til að breyta til og flytja allt okkar hafurtask til Kanada,“ segir Arnar sem flutti ásamt konu sinni og þremur af fjórum börnum sínum til Edmonton í september 2013.

„Mér líkar mjög vel að búa hérna. Mannlegt viðhorf er svo gott og kurteisi er í hávegum höfð,“ segir Arnar en viðurkennir þó að Kanadamenn taki öllum með fyrirvara til að byrja með. „Til dæmis þurfti ég, sem hef þrjátíu ára reynslu af vörubílaakstri, er bæði kranamaður og vinnuvélastjóri, að byrja á því að taka venjulegt bílpróf eins og sautján ára krakki eftir að ég kom til Kanada, í framhaldi af því þurfti ég að taka kanadískt meirapróf.“

## Ekur lengri vegalengdir

Arnar útskýrir að til séu nokkrar tegundir vörubílstjóra í Kanada. „Þetta eru ökumenn sem fara styttri vegalengdir, borgarökumenn, sendibílstjórar og svokallaðir „long hall drivers“ en ég fell í þann flokk,“ segir hann en eins og nafnið gefur til kynna ekur Arnar langar vegalengdir og er á ferðinni frá einum degi og upp í viku. „Á venjulegum degi eyði ég 13 klukkustundum í akstri en leyfilegur vinnutími hér í Kanada er 16 klst. á dag sem skiptist í 13 tíma í akstri, einn tíma „on duty“ sem er hugsaður sem tími til að taka olíu og framkvæma skoðanir á bíl og vögnum. Síðan eru tveir tímar hugsaðir sem hvíld en þeim getur þú skipt niður í fjóra hálftíma. Eftir þennan tíma er nauðsynlegt að taka tíu tíma stopp,“ segir Arnar sem ekur eftir svokölluðum 70/7 lögum. Það þýðir að hann megi aka 70 tíma á sjö dögum en eftir þann tíma þarf hann að taka 36 tíma stopp.

## Allt til alls í bílnum

Arnar ekur trukk af tegundinni 2015 International Pro-Star. „Hann er með 450 Hp Cummings og 16 gíra Eton Fuller kassa, eigin þyngd er 8,8 tonn en leyfileg heildarþyngd má vera 63,5 tonn á 8 öxla,“ lýsir hann. Að öllu jöfnu dregur Arnar tvo tengivagna á ferðum sínum.

Hann segir allt til alls í bílnum enda nauðsynlegt þar sem hann dvelur þar langdvölum. „Ég er með tölvu, sjónvarp, rúm og allt sem til þarf.“

## Sérstakur lífsstíll

Arnar segir trukkakúltúrinn í Kanada allt annan en á Íslandi. „Hér er þetta meira lífsstíll en starf að vera „trucker“. Hér eru til dæmis mörg dæmi um að hjón séu ökuteymi og fari bæði um Kanada og Bandaríkin og búi í bílunum,“ segir Arnar. Hann telur lítinn meting á milli manna vegna bíltegunda. „Alls staðar þar sem þú kemur inn á svokölluð trukkastopp hittirðu fyrir marga trukkara. Þér er ávallt boðið sæti, sama hvernig trukk þú keyrir og venjulega snýst umræðan um allt annað en trukka. Frekar er rætt um ástand vega, vigtir, þyngdir og hversu langt við erum að fara.“

## Spennandi ísakstur

Arnar hefur lent í ýmsu á ferð sinni um Kanada. Eitt af því sem honum þótti áhugavert að kynnast var akstur á ísvegi en sumir kannast við þættina Ice Road Truckers á sjónvarpsstöðinni History.

„Ísvegi má finna víða í Kanada en það helgast af því að á suma staði er einungis hægt að komast með ferju á sumrin. Á veturna frjósa árnar og vötnin og ferjurnar hætta að ganga. Þá eru búnir til þessir ísvegir til að aka vörum á þessa staði sem oftast eru námur og einangruð indíánaþorp,“ lýsir Arnar sem hefur ekið eftir slíkum ísvegum nokkrum sinnum.

„Í fyrsta skipti ók ég upp eftir ánni við Yellow Knife um 25 km leið. Það var dálítið óhugnanlegt þegar gæslumaðurinn sagði mér að aka með bílstjórahurðina opna og gluggann farþegamegin opinn. Svo hlustaði maður á brak og bresti í ísnum meðan maður silaðist áfram á 20 km hámarkshraða,“ segir Arnar en bíllinn og farmurinn vógu 53 tonn. Stöðugur ágangur vörubíla á ísveginum veikir vissulega ísinn en Arnar lýsir því að ávallt þegar gerir mikið frost sé vatni sprautað á veginn til að styrkja hann.

## Skógareldar og bjarndýr

Skógareldar eru mjög algengir í Kanada. „Á sumrin er þetta alger plága og vegna þeirra verður gríðarleg eyðilegging,“ segir Arnar sem sjálfur sat fastur í þrjá sólarhringa vegna skógarelda. „Það var tilkomumikil sjón og mikil lífsreynsla,“ segir hann en meginástæðan fyrir því að vegum er lokað er reykur sem leggst yfir þá. „Eftir þrjá sólarhringa höfðu tugir flutningabíla safnast saman báðum megin við reykhafið, þá var ákveðið að aka með tíu bíla í einu í gegnum reykinn í lögreglufylgd á tíu km hraða.“

Arnar hefur einnig upplifað líflegt dýralíf landsins. „Ég stoppaði einu sinni til að taka mynd af skógarbirni. Sá stóð og horfði á mig, labbaði svo upp að trukknum, settist niður eins og hundur og beið eftir að ég gaukaði að honum bita,“ segir Arnar og hlær hressilega.

solveig@365.is



Í bílnum er allt til alls enda dvelur Arnar þar langdvölum. Ég er með sjónvarp, tölvu, rúm og allt sem þarf.

> „Ísvegi má finna víða í Kanada en það helgast af því að á suma staði er einungis hægt að komast með ferju á sumrin. Á veturna frjósa árnar og vötnin og ferjurnar hætta að ganga. Þá eru búnir til þessir ísvegir til að aka vörum á þessa staði.
>
> *Arnar Lúðvíksson Fahning*




VARAHLUTIR FYRIR:
Benz • Iveco • Renault
Man • Scania • Volvo
Vagna • Langferðabíla

TOPA
Smurstöðvar
Feitisstaukar

VÉLANAUST ehf.
Álhella 4-8 • 221 Hafnarfjörður
Sími 555 6670 • GSM 860 1859
olis@velanaust.is • velanaust.is

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson


Hagkvæm
tækjafjármögnun
Arion banki býður kaupleigu og tækjalán
til að fjármagna kaup á nýjum og notuðum
atvinnubílum og tækjum til atvinnurekstrar.
Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar
í síma 444 8800 eða sendu fyrirspurn á
taeki@arionbanki.is.
Nánari upplýsingar er að finna á arionbanki.is
Arion banki
– fyrir framtíðina



Á þessari mynd sést hvernig allir strengirnir renna yfir jarðýtuna í jöfnu átaki og ofan í rennuna aftan á köngulónni en fjarskiptarörið er þarna framan á ýtunni og fer sömu leið og strengirnir.

# Köngulóin

Ingileifur Jónsson ehf. flutti árið 2007 inn áhugaverðan plóg sem í daglegu tali er kallaður köngulóin. Vélin er sú eina sinnar tegundar á landinu og í Skandinavíu. Plógurinn getur plægt og lagt marga strengi í einu af mikilli nákvæmni.

„Plógurinn er af gerðinni Föckersperger FSP 18 spiderplow. Hann var keyptur árið 2007 í verkefni fyrir Landsnet þar sem ljósleiðari var lagður milli Akureyrar og Fljótsdalsvirkjunar, alls um 231 km vegalengd. Hann var notaður á erfiðustu svæðunum þar sem þörf var á miklu dráttarátaki og þar sem þurfti að leggja ljósleiðarann í vegkanta og meðfram eldri lögnum með mikilli nákvæmni,“ segir Ingileifur Jónsson.

Plógurinn sem kallaður er köngulóin hefur fjögur hjól sem öll eru á sjálfstæðum örmum og er því hægt að stilla honum upp í hinum ólíklegustu aðstæðum, til dæmis í hliðarhalla og miklum ójöfnum, án þess þó að það hafi áhrif á legu strengsins. „Dráttartækið er í grunninn Man 4x4 trukkur sem hefur verið breytt mikið og er hann útbúinn spili sem hefur dráttargetu til að draga plóginn með allt að 140 tonna átaki og stórum spaða að aftan til viðspyrnu við drátt. Helstu eiginleikar þessa búnaðar eru hin mikla dráttargeta sem samsvarar yfir 200 tonna jarðýtu og stöðugleiki plógsins sem fæst með þessum sjálfstæða hjólabúnaði,“ útskýrir Ingileifur.

Plógurinn er nokkuð sérhæfður og hefur því ekki sinnt mörgum verkefnum en hefur komið að afar góðum notum þar sem við á. Síðastliðið sumar var hann til dæmis notaður við verkið „Selfosslínu 3“. Þar var lagður 66 kW háspennustrengur en hann samanstendur af þrem einleiðurum sem hver um sig er 54 mm í þvermál og einu 20 mm fjarskiptaröri. „Upp kom vandamál þegar menn urðu varir við mikið jarðvatn á söndunum þar sem strengleiðin er og þurfti að leysa það mál á annan hátt en verkgögn sögðu til um, en reiknað var með að grafa fyrir öllum köplum í verkinu. Lausnin fólst í því að fá köngulóna til verksins þar sem hún gæti lagt alla strengi og fjarskiptarörið í einni samfellu og af mikilli nákvæmni og öryggi,“ segir Ingileifur og bendir á að slíkt hafi einnig verið gert í Landeyjum 2013 þegar upp kom svipað vandamál þegar strengir voru lagðir frá spennivirki að landtöku á sæstreng milli Landeyjasands og Vestmannaeyja.

Ingileifur segir helsta kost plógsins vera þann að jarðrask eftir hann sé lítið. Því henti hann til dæmis mjög vel þegar fara þurfi yfir viðkvæmt land. „Það er alltaf gott að nota umhverfisvænar vinnuaðferðir þegar verið er að leggja hvort heldur sem er ljósleiðara eða háspennustrengi í jörðu,“ segir hann.

*solveig@365.is*



Köngulóin fer yfir Brúará og plægir í móbergsbotn. Verkefnið var unnið fyrir RARIK en engir aðrir plógar eða vinnuvélar gátu unnið verkið.



Þarna er unnið við verkið „Selfosslínu 3“ síðastliðið sumar. Þarna má sjá hvar spilbíllinn dregur köngulóna en hún dregur alla strengina og fjarskiptarörið ásamt viðvörunarborðum niður í jörð. Aftan við hana er jarðýta sem dregur þrjá keflavagna sem hver um sig ber kefli með einleiðarastreng en hvert kefli vegur um 8-8,5 tonn.

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans



Landsbankinn býður fyrirtækjum hagkvæma fjármögnun á bifreiðum, atvinnutækjum, vélum og ýmsum rekstrartækjum.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



Fjármögnun atvinnutækja
R 480
Lykill býður fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri fjölbreytta fjármögnunarmöguleika á vélum og tækjum.
Kynntu þér málið nánar á lykill.is
Kostir Lykils
Áralöng reynsla af fjármögnun atvinnutækja.
Gott samstarf við alla helstu sölu- og þjónustuaðila.
Fjármögnun sem hentar þínum þörfum.
Alla jafna er ekki gerð krafa um frekari tryggingu en tækið sjálft.
Góð þjónusta og hagstæð kjör.
Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is
Lykill

# Gafst oft tími til að hugsa um fótbolta

Ólafur Þórðarson, fyrrverandi knattspyrnumaður, hefur unnið nær alla ævi sína hjá fjölskyldufyrirtækinu ÞÞÞ á Akranesi. Verkefnin eru fjölbreytt og ráðist er í öll þau verkefni sem til falla. Starf hans hefur breyst frá því hann var ungur maður og spilaði fótbolta.

Knattspyrnumaðurinn og þjálfarinn litríki, Ólafur Þórðarson frá Akranesi, hefur nánast allan starfsferil sinn unnið hjá fjölskyldufyrirtækinu Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar sem er með höfuðstöðvar í heimabæ hans, Akranesi.

Fyrirtækið, sem yfirleitt gengur undir nafninu ÞÞÞ, sinnir fjölbreyttum verkefnum á sviði flutninga og uppskipunar auk fjölda annarra verkefna og segist Ólafur hafa nánast byrjað að starfa þar frá því hann hóf að labba. „Ég spilaði í Noregi sem atvinnumaður í fótbolta árin 1989-1992 en hafði starfað við fjölskyldufyrirtækið áður en ég fór út og svo eftir að ég kom heim nokkrum árum síðar. Og hér er ég enn. Það lá nú alltaf beinast við að ég hæfi störf hér enda nánast neyddur til þess að vinna hér sem krakki!“



Starfið er ansi fjölbreytt að sögn Ólafs. „Hér ræðst maður bara í öll þau verkefni sem falla til. Við flytjum allt milli himins og jarðar um land allt. Ég vinn mikið á stórum kranabíl, við flytjum töluvert mikið af bátum norður í land og á Vestfirðina. Einnig keyrum við flutningabíla milli Akraness og Reykjavíkur, vinnum við losun með lyfturum og fleira. Verkefnin er mörg og fjölbreytt hér.“

## Starfið hefur breyst

Starf hans hefur breyst frá því hann var ungur maður og spilaði fótbolta. Hann segir ekki alltaf hafa verið auðvelt að sameina þetta tvennt. „Þetta var nú kannski ekki draumastarfið á meðan ég spilaði fótbolta á þessum árum en hafðist svo sem. Starfið var öðruvísi á þessum árum og miklu erfiðari vinna líkamlega. Í dag er þetta að mestu breytt og nú eru flestir bílar losaðir og lestaðir með lyfturum og öðrum hjálpartækjum.“

En starfið hafði líka sína kosti fyrir fótboltamanninn og seinna þjálfarann. „Þar sem maður er oft einn á ferðinni gafst mikill tími til að hugsa um fótboltann og það gerði maður raunar allan daginn. Hugurinn var miklu meira við fótboltann en nokkru sinni starfið sem vöruflutningabílstjóri. Seinna meir þegar ég hóf að þjálfa gafst góður tími til að fara í gegnum hlutina, til að hugsa um hvað maður ætlaði sér að gera og hvernig útfærslan yrði.“



**„Svona líkamleg vinna er ágætis þjálfun fyrir íþróttafólk. Mér finnst raunar synd hvað margir ungir íþróttamenn í dag eru líkamlega slappir á sínum yngri árum,“ segir Ólafur Þórðarson.** MYND/ÞÞÞ

Dæmigerður vinnudagur er langur hjá Ólafi. „Ég er mættur á stöðina kl. 7 á morgnana en reyni að klára öll verk fyrir kl. 16.30. Þá tóku við æfingar og seinna meir þjálfun. Dagarnir geta því orðið nokkuð langir hjá mér.“

## Ágætis þjálfun

Þrátt fyrir langa daga er oft gaman í vinnunni að sögn Ólafs. „Verkefnin eru fjölbreytt og maður hittir margt fólk út um allt land. Ég er þó búinn að vera svo lengi í þessum bransa að ég gæti alveg hugsað mér að skipta um starfsvettvang. Enn hef ég þó ekki látið verða af því en maður er þó alltaf að spá og spekúlera í hinum og þessum hlutum.“

Það eru ekki margir íþróttamenn sem vinna slík störf í dag þótt vafalaust finnist þeir einhverjir. „Svona líkamleg vinna er ágætis þjálfun fyrir íþróttafólk. Mér finnst raunar synd hvað margir ungir íþróttamenn í dag eru líkamlega slappir á sínum yngri árum.“

Sem fyrrverandi knattspyrnumaður og núverandi þjálfari er Ólafur eðlilega spenntur fyrir EM í fótbolta næsta sumar og spáir íslenska liðinu ágætu gengi. „Ég kemst því miður ekki á mótið sjálft en fylgist vel með því hér heima. Ég hef fulla trú á að liðið komist upp úr riðlinum enda hafa strákarnir sýnt frábæra frammistöðu í undankeppninni. Lokaleikurinn gegn Austurríki gæti jafnvel orðið úrslitaleikur fyrir okkar menn og þá væri nú ekki leiðinlegt að sjá hann í Frakklandi.“ *starri@365.is*






# Vito og Citan, hörkuduglegir vinnufélagar

Mercedes-Benz þekkir vel þarfir og kröfur atvinnulífsins um öfluga, sparneytna og fjölhæfa vinnubíla. Vito og Citan fást báðir útfærðir sem sendi-, fjölnota- og fólksflutningabílar og ótal möguleikar eru á að laga þá að sérstökum þörfum.

Með Mercedes-Benz Vito og Citan fær þitt fyrirtæki dýrmætan liðsauka sem eflir reksturinn.

Komdu í Atvinnubíladeild Öskju og kynnstu þessum hörkuduglegu vinnufélögum.

**Citan**, millilangur sendibíll, 90 hestöfl, beinskiptur 5 gíra

Verð frá 2.790.000 kr. án vsk

**Vito**, millilangur sendibíll, 114 hestöfl, beinskiptur 6 gíra

Verð frá 4.240.000 kr. án vsk

Mercedes-Benz
Vans. Born to run.

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar“

# Hrein orka í allra þágu

Um tíu ára skeið hefur Olís boðið íslenskum fyrirtækjum upp á rafgeyma frá Trojan með góðum árangri og sem skilað hefur sér í betra verði og þjónustu.



Að sögn Kjartans stóla stór og smá fyrirtæki um allan heim á Trojan rafgeyma.

Trojan rafgeymarnir hafa verið seldir hér á landi um rúmlega tíu ára skeið við afar góðar undirtektir fyrirtækja í ólíkum atvinnugreinum. Um er að ræða bandaríska gæðaframleiðslu og eru rafgeymarnir þekktir fyrir að vera traustir, öruggir og afar endingargóðir. Ekki skemmir heldur gott verð fyrir að sögn Kjartans S. Guðjónssonar, sölu- og þjónusturáðgjafa hjá Olís, en fyrirtækið hóf að flytja rafgeymana sjálft inn árið 2013. „Framleiðendur Trojan rafgeymanna hafa frá árinu 1928 verið í fararbroddi á heimsvísu í framleiðslu á djúp afhleðslu sýrugeymum (e. deep cycle flooded) og bestu tækni í framleiðslu AGM og Gel rafgeyma. Þetta er því heimsþekkt vörumerki og afar traust enda er fyrirtækið búið að vera ansi lengi í þessari framleiðslu.“

**Betri kjör**

Eftir að Olís varð formlegur dreifingaraðili fyrir rafgeymana árið 2013 hefur fyrirtækið getað boðið viðskiptavinum sínum upp á enn betri kjör en áður að sögn Kjartans. „Síðustu þrjú árin höfum við flutt sjálf inn þessa vönduðu geyma og í mun meira magni en áður. Fyrir vikið njóta viðskiptavinir okkar þess svo sannarlega þegar kemur að bæði verði og þjónustu.“

> **Við bjóðum upp á allar hleðslulausnir fyrir Trojan rafgeymana.**
>
> *Kjartan S. Guðjónsson*

**Afkastagetan aukin**

Að sögn Kjartans stóla stór og smá fyrirtæki um allan heim á Trojan rafgeyma til að skila framúrskarandi afli fyrir golfbíla, gólfþvottavélar, vinnulyftur, skipa-, báta- og húsbíla eða annars konar notkun. „Þar má m.a. þakka áratuga reynslu, þrotlausum rannsóknum þar sem tæknimenn fyrirtækisins vinna stöðugt að því að fullkomna framleiðsluna enda hefur afkastageta Trojan rafgeymanna verið aukin enn frekar með nýjustu tækni.“




**Úrvals starfsmenn**

Í dag hefur Olís 24 útibú um allt land. „Við bjóðum upp á allar hleðslulausnir fyrir Trojan rafgeymana auk þess að sjá um allt viðhald og þjónustu í sambandi við þá. Fyrirtækið hefur á að skipa úrvals starfsmönnum í útibúum sínum sem þekkja vel til Trojan rafgeyma.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.olis.is, í sölu- og þjónustuveri í síma 515-1100, í næsta útibúi eða hjá kjartans@olis.is.

# Sannarlega eftirminnilegur tími

Starfsmenn sem komu að gerð Kárahnjúkavirkjunar á sínum tíma gleyma þeirri framkvæmd seint. Verkefnið var risastórt og fjarri mannabyggðum. Stórtækar vinnuvélar voru notaðar þar í bland við smærri og vöktu sumar þeirra mikla eftirtekt starfsmanna.



Jörgen Hrafnkelsson starfaði við Kárahnjúkavirkjun.



Mikill fjöldi stórvirkra vinnuvéla var á staðnum.

Framkvæmdirnar við Kárahnjúkavirkjun eru iðulega nefndar stærsta framkvæmd Íslandssögunnar. Þær hófust árið 2002 en virkjunin var formlega gangsett í nóvember árið 2007. Mikill fjöldi starfsmanna kom að verkefninu, bæði innlendra og erlendra, og mikill fjöldi vinnuvéla og vörubíla var nýttur í verkið meðan á því stóð.

Jörgen Hrafnkelsson var einn þeirra fjölmörgu Íslendinga sem komu að verkinu en þá starfaði hann sem byggingatæknifræðingur hjá Arnarfelli. Fyrirtækið var eitt af þeim fyrstu sem komu að eiginlegri framkvæmd virkjunarinnar en Jörgen sá þar um alla tæknilega framkvæmd, svo sem mælingar, tilboðsgerð og uppgjör á verkum.

„Ég starfaði hjá Arnarfelli 1998 til 2006 og þetta var eftirminnilegur tími. Ef þannig stóð á leysti ég af á hinum ýmsu vinnuvélum enda með ólæknandi trukka- og tækjadellu á þessum tíma. Í upphafi þegar Kárahnjúkavirkjun var í undirbúningi og heildarmyndin kom smátt og smátt í ljós stuðuðu hinar tröllauknu magntölur mann í fyrstu; yfir 70 km af göngum, yfir 14 milljón rúmmetrar af efni í stíflur, ótrúlegt magn af steypu o.s.frv.“

**Spennandi tæki**

Mikill fjöldi stórvirkra vinnuvéla var á staðnum á þessu tímabili. Jörgen segir að það sem helst hafi verið nýtt varðandi gerð virkjunarinnar var að vinna við jarðgangagerð, fyrst við hjáveitugöngin í Jökulsá með ítalska fyrirtækinu Impregilo, og seinna verksamningarnir í Ufsarveitu, en þar gröfu þeir nokkra kílómetra á eigin forsendum. „Á þeim tímapunkti komu inn framandi tæki á borð við Tamrock T9 og T11 jarðgangaborana, loftræsiblásara, að sumu leyti ný sprengitækni og margt fleira. Auðvitað var töluverður spenningur að sjá og upplifa TBM jarðgangaborana, hvernig þeir unnu og hvernig þeim gekk að vinna á hinu íslenska bergi. Eins var upplifun að sjá alla þessa gríðarlegu efnisflutninga með færiböndum sem ég held að hafi ekki átt sér fordæmi hérlendis.“

> **Mikill fjöldi starfsmanna kom að verkefninu, bæði innlendra og erlendra.**
>
> *Jörgen Hrafnkelsson*

Eðlilega höfðu Jörgen og félagar hans aldrei tekið þátt í viðlíka framkvæmd áður. „Þetta var náttúrlega gríðarlega stórt og krefjandi verkefni, unnið í um 600 metrum yfir sjávarmáli, langt inni í landi alla mánuði ársins. Slíkar aðstæður krefjast mikillar skipulagningar, það þarf að setja upp lager með öllu sem þarf að nota, varahlutum, byggingarefni, vistum o.fl. Menn gátu búist við a.m.k. viku sambandsleysi við byggð, með mörg hundruð manns í vinnubúðum. Það krefst virkilegrar skipulagningar.“



Flest tækin sem nýtt voru við framkvæmdina fóru úr landi eftir að henni lauk.

**Tæki úr landi**

Eftirminnilegasta nýjungin sem sem Jörgen og félagar tóku í notkun var ekki vinnuvél en þó nátengt, nefnilega þrívíddarskanni. „Með þessu tæki var hægt að mæla yfirborðsmæla fleti með mun meiri nákvæmni en áður hafði verið gert hérlendis. Skannann notuðum við m.a. til að mæla inn yfirborð jarðganga en með þessari tækni var hægt að bera saman mun betur raungröft á móts við hönnunarsnið.“

Flest tækin sem nýtt voru við framkvæmdina fóru úr landi eftir að henni lauk. „Það er helst að þessi hefðbundnu jarðvinnutæki eins og gröfur, ýtur og námutrukkar sem nýtast við alla almenna jarðvinnu hafi orðið eftir. Síðan má ekki gleyma því að vinnuvél er eitt, því afburða stjórnandi er ekki síður mikilvægur. Vinnuvélin gerir ekkert ein og sér. Í kjölfar framkvæmdanna fóru mjög margir tækjamenn í önnur störf eða utan og má því segja að í kjölfar hrunsins og lægðar í jarðvinnuverktöku vanti nú að hluta nýja kynslóð góðra tækjastjórnenda.“

# KUBOTA atvinnutæki - áratugareynsla við íslenskar aðstæður



Kubota

**KUBOTA GZD21 HD** - Öflug „Zero-Turn" ásetusláttuvél með 21 ha, 3ja cyl KUBOTA diesel mótor, með drifskaftsknúinni 1219 mm (48") vökvalyftri sláttuvél og 500 L vökvalyftum grasssafnara. Alvöru „Zero-Turn" vél.



Kubota

**KUBOTA GR2120** - Sá fjórhjóladrifni. Öflugur sláttutraktor með 21 ha 3ja cyl KUBOTA dieselmótor, með drifskaftsknúinni 1219 mm (48") vökvalyftri sláttuvél og 450 L grassafnara Útbúinn „Glide Steer" sem gerir krappa snúninga leik einn og auðveldar slátt



Kubota

**KUBOTA G23LD & G23HD** - Þessi er afkastamikil. Öflugri sláttutraktor með 23 ha 3ja cyl KUBOTA dieselmótor, með drifskaftsknúinni 1219 mm (48") drifskaftsknúinni vökvalyftri sláttuvél og 560 L grassafnara (G23LD) eða 640 L vökvalyftum grassafnara (G23HD).



Kubota

**KUBOTA BX2350** - Einn vinsælasti smátraktorinn enda hefur hann margsannað sig við við margvísleg not, hann er með 23,5 ha 3ja cyl KUBOTA dieselmótor, 4WD, 2ja þrepa vökvaskipting, aflstýri, útbúin með mið og aftur aflúrtökum. Mikið úrval tengibúnaðar og tækja fáanlegt, s.s.: sláttuvélar, grassafnarar, ámoksturstæki, tætarar, dreifarar og fl og fl.



Kubota

**KUBOTA Smátraktorar** - Bjóðum úrval annarra gerða KUBOTA smátraktora í stærðum að 40 hö. KUBOTA smátraktorar hafa margsannað sig á Íslandi enda líklega vinsælasti smátraktorinn og er í notkun hjá einstaklingum, bæjarfélögum, verktökum, stofnunum og þeim sem gera miklar kröfur um gæði og endingu . Mikið úrval tengibúnaðar og tengitækja fáanlegt.



Kubota

**KUBOTA Smágröfur** - KUBOTA er stærsti framleiðandi á smágröfum í heiminum, stærðir 850 kg – 8.000 kg. KUBOTA smágröfurnar eru afkastamilklar gæðavélar með lága bilanatíðni og mikil afköst, við bjóðum úrval KUBOTA smágrafa með stuttum afgreiðslutíma frá framleiðanda.

# Wacker Neuson býður upp á réttu tækin í alla almenna jarðvegsvinnu og garðaumhirðu



WACKER NEUSON

Smágröfur og beltagröfur frá 800 kg upp í 15 tonn. Hjólagröfur upp í 10 tonn.



WACKER NEUSON

Beltavagnar upp í 3 tonn og hjólavagnar (dumperar) upp í 10 tonn. Allt sem viðkemur jarðvegsvinnu.





WACKER NEUSON

Þjöppur, víbratorar, brotvélar, steinsagir, glattarar. Allt sem viðkemur steypuvinnu og þjöppun.



KRAMER

Fjórhjólastýrðar hjólaskóflur. Lágbyggðar og stöðugar vélar. Fáanlegar með lyftigetu allt að 4,3 tonnum. Möguleiki á 40 km akstursraða. Tilvaldar í snjómokstur og alla alhliða vinnu.

ÞÓR HF

**Reykjavík:**
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

**Akureyri:**
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

**Vefsíða:**
www.thor.is

ÞÓR HF 50 1962 2012

# Átti ekki að vera hægt

**Elís Kjaran Friðfinnsson** ýtustjóri á heiðurinn af einum ævintýralegasta vegi landsins en hann tengdi Dýrafjörð og Arnarfjörð um Svalvoga nánast á seiglunni einni saman á áttunda áratugnum. Ragnar sonur hans fékk sína eldskírn á ýtunni við vegagerðina.



Sagt er að lofthræddir eigi lítið erindi um veginn sem Elís Kjaran Friðfinnsson og Ragnar Kjaran, sonur hans, ruddu frá Dýrafirði til Arnarfjarðar en leiðin er samt vinsæl. Göngu- og hjólreiðafólk fer þar um á hverju sumri og eins er talsverð umferð jeppa um þessa leið. Ragnar var 18 ára með föður sínum á ýtunni og segir hann hafa ráðist í verkið því það átti að vera ómögulegt.

„Fyrir kallinn var þetta bara áskorun. Það var búið að segja að þetta væri ekki hægt,“ segir Ragnar. „Það lá vegbútur undir Ófæruskriðu en svo þurfti að ganga rest. Kallinn fór alltaf aðeins lengra á hverju ári þegar hann var að hreinsa veginn á vorin og svo ákvað hann bara að sjá hvað við kæmumst langt,“ rifjar Ragnar upp. Hann vann til jafns við föður sinn á ýtunni og fékk þarna sína eldskírn. Segist ekki þekkja lofthræðslu frekar en faðir hans enda hefði þá lítið orðið úr verki. Þó hafi stundum farið aðeins um þá feðga.

„Þarna er um 200 metra kafli þar sem er nánast lóðrétt berg fyrir ofan smá stall og svo meira en lóðrétt þar fyrir neðan. Þá leist honum nú ekki á blikuna en við nöguðum þetta áfram, lengra og lengra,“ segir Ragnar. Framtakið vakti athygli og brátt fóru fyrirmenni að kíkja í heimsókn. Meðal annars Steingrímur Hermannsson, þá samgönguráðherra.

> Kallinn fór alltaf aðeins lengra á hverju ári þegar hann var að hreinsa veginn á vorin og svo ákvað hann bara að sjá hvað við kæmumst langt.
>
> *Ragnar Kjaran Elísson*

„Steingrímur var verkfræðingur sjálfur og vildi sjá þetta. Þá vorum við komnir gegnum þverhnípið en fram undan var 700 metra kafli af stórgrýttri skriðu. Það virtist ekki nokkur leið að komast fram hjá og Steingrímur spyr hvernig í ósköpunum hann ætli að gera þetta. Hér þyrfti að sprengja. „Við förum þetta einhvern veginn,“ sagði kallinn bara og Steingrímur hristi hausinn.“

Elís og Ragnar ruddu veginn á litilli TD8B jarðýtu, sem þeir á stórvirkari tækjum kölluðu Teskeiðina. „En hún sannaði sig, þetta hefði ekki verið hægt á stærri vél.“ Hann segir föður sinn hafa oft komist í hann krappan á Teskeiðinni og rifjar upp þegar raflína var lögð úr Mjólká yfir í Ísafjörð.

„Kallinn var uppi á fjallsbrúninni að jafna fyrir slóða, hafði farið of langt og gat ekki bakkað upp aftur. Það var ekki annað að gera en fara áfram, rúmlega 60 gráðu halla niður kletta og skriðu. Hann sagði að það hefði aðeins farið um hann þegar dótið aftur í ýtunni fór út um framrúðuna. En niður komst hann.“ *heida@365.is*



Leiðin er ansi hrikaleg á köflum þar sem feðgarnir nöguðu sig áfram á Teskeiðinni.
MYND/ÞORLEIFUR EGGERTSSON


# FLEYGAR, KRABBAR, KLIPPUR, OG VIBRO-RIPPER FRÁ TOPA




Höfum til sölu glussafleyga
og fleiri vönduð verkfæri,
sem hafa áunnið sér gott orðspor
á Íslandi á undanförnum árum.

VÉLANAUST ehf.
Álhella 4-8 • 221 Hafnarfjördur
Sími 555 6670 • GSM 860 1859
olis@velanaust.is • velanaust.is

# Gott ár að baki hjá Volvo atvinnutækjum | Brimborg

**Brimborg** fer með umboð Volvo atvinnutækja sem eru í eigu Volvo AB í Svíþjóð. Þar ber að nefna Volvo Trucks vörubifreiðar, Volvo CE vinnuvélar, Volvo Bus hópferðabifreiðar og Volvo Penta bátavélar. Í upphafi síðasta árs bættist Renault Trucks í hóp þeirra vörumerkja sem Brimborg þjónustar og selur, en eignarhald Renault Trucks er í höndum Volvo Trucks í Svíþjóð.

Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri atvinnutækjasviðs í Brimborg, segir að öll framleiðsla Volvo atvinnutækja sé undir ströngum gæðakröfum þar sem megingildin í hönnun og framleiðslu séu „quality, safety and environmental care“, eða gæði, öryggi og umhyggja fyrir umhverfinu.

„Óhætt er að segja að árið 2015 hafi verið það langbesta frá árinu 2008 og endurnýjun á atvinnutækjum sé því að færast í nokkuð eðlilegt horf ef horft er einhver ár aftur í tímann,“ segir Kristinn Már.

Hvað vörubifreiðar varðar þá var fjöldi nýskráðra vörubíla yfir 12 tonn að heildarþyngd 127 bílar og innflutningur notaðra vörubíla yfir 12 tonn var 139 bílar. Inni í þessum skráningartölum vörubifreiða eru einnig námubifreiðar auk stærri kranabifreiða. Til að mynda voru nýskráðir 37 nýir Volvo vörubílar á síðasta ári og voru því Volvo vörubifreiðar með nálægt 30% markaðshlutdeild.

Sala á Volvo rútum gekk vel á síðasta ári og voru 9 nýskráðar Volvo rútur sem taka yfir 41 farþega. Volvo Bus var því markaðsleiðandi með 29% markaðshlutdeild. Bættust til að mynda þrír nýir rekstraraðilar hópferðabifreiða í Volvo fjölskylduna en það voru fyrirtækin Hópferðir Sævars ehf. í Reykjanesbæ, Hópbílar hf. í Hafnarfirði og Snæland Grímsson ehf.

Í vinnuvélum hefur fjöldi nýskráninga aukist mikið frá síðustu árum og líkt og í nýskráningu vörubifreiða er endurnýjunarþörfin talsverð samhliða því að verkefnastaða verktakafyrirtækja og flutningsaðila hefur batnað mikið.

### Árið byrjar vel hjá Volvo atvinnutækjum

Föstudagurinn 15. janúar var einn sá stærsti í sögu Volvo atvinnutækja hvað varðar fjölda afhendinga á Volvo atvinnutækjum, verðmæti tækjanna og þyngd. LNS Saga fékk formlega afhentar tvær Volvo vinnuvélar, annars vegar Volvo EC700C L beltagröfu sem er nærri 75 tonn að þyngd og Volvo L350F hjólaskóflu sem er nálægt 55 tonnum að þyngd. Síðan voru afhentir þrír mjög vel útbúnir og glæsilegir Volvo FH16 6x4T dráttarbílar frá 550 hestöflum upp í 750 hestöfl. Eftirtalin fyrirtæki fengu afhenta nýja dráttarbíla þennan dag: Dráttarbílar í Garðabæ, Jökulfell ehf. og Fljótavík ehf. Upptalningunni er ekki lokið því Gray Line Iceland fékk afhentar 2 nýjar Volvo 9900 VIP 52 sæta hópferðabifreiðar með nokkurra mánaða millibili en þessar Volvo 9900 rútur eru flaggskipin í framleiðslu Volvo Bus og eru því án efa meðal glæsilegustu hópferðabifreiða landsins.

Þegar þetta er skrifað er til á lager ein vel útbúin Volvo 9500 4x2 59 sæta hópferðabifreið.

### Volvo vörubifreiðar fá frábærar móttökur hjá viðskiptavinum

Volvo FH vörubifreiðin hefur fengið frábærar móttökur hér á landi og af þeim 37 vörubílum sem afhentir hafa verið á árinu eru 28 undir merkjum Volvo FH, þar af 24 Volvo FH16. Flaggskip Volvo Trucks er Volvo FH16, en hann kemur með 16 lítra vél sem hægt er að fá allt frá 550 hestöflum sem toga 2900 Nm og upp í 750 hestöfl sem skila 3550 Nm togi. FH16 bíllinn er í grunninn með aðeins betur útbúið ökumannshús heldur en Volvo FH sem kemur með Volvo D13K 13 lítra vél.

Hægt er að segja að Volvo Trucks sé leiðandi þegar kemur að tækninýjungum er snúa að vörubifreiðum. Nú nýverið voru til að mynda afhentir hjá Brimborg fyrstu tveir Volvo FH16 6x4 dráttarbílarnir sem eru með lyftanlegri drifhásingu. Hægt er að sjá vídeó á youtube.com sem sýnir vel hvernig þessi lyftanlega drifhásing virkar. Volvo Trucks – Tandem Axle Lift function.

### Spennandi tímar fram undan hjá Volvo atvinnutækjum

Volvo atvinnutækjasvið Brimborgar hefur stækkað talsvert í umfangi undanfarið auk þess sem aðrar rekstrareiningar innan Brimborgar hafa gert það líka. Þetta hefur gert það að verkum að nú hefur verið hafin vinna í þá átt að finna nýja staðsetningu undir starfsemi Volvo atvinnutækja. Eru því án efa spennandi tímar fram undan þar sem huga þarf að framtíðarþróun atvinnutækjamarkaðarins ásamt því að hanna húsnæði sem hentar starfseminni þar sem hafa þarf hagkvæmni, nýtingu, aðkomu viðskiptamanna, vinnuaðstöðu starfsmanna, verkstæði, varahluti, söludeild og margt fleira að leiðarljósi.

### Heimasíður Volvo atvinnutækja og samfélagsmiðlar

Heimasíður Volvo atvinnutækja hjá Brimborg hafa verið uppfærðar töluvert upp á síðkastið og eru þær í dag samtals fjórar. Fyrir Volvo vörubifreiðarnar www.volvotrucks.is, fyrir Volvo vinnuvélar www.volvoce.is, fyrir Volvo strætisvagna og rútur www.volvobus.is og fyrir Volvo Penta bátavélar www.volvopenta.is. Jafnframt er haldið úti Facebook síðu hjá Volvo atvinnutækjum þar sem reynt er að koma á framfæri fréttum og öðru efni er tengist því sem atvinnutækjasviðið er að gera hverju sinni og þeim vörumerkjum sem Volvo atvinnutækjasvið hefur með að gera.

### Verkstæðin hjá Volvo atvinnutækjum

Undanfarnar vikur hafa verið annasamar á Volvo atvinnutækjaverkstæðunum, en þau eru tvískipt. Annars vegar fyrir vörubifreiðar og hópferðabifreiðar og hins vegar vinnuvélar og bátavélar.

Gerðar hafa verið breytingar á verkstæðunum sem hafa mælst vel fyrir hjá starfsmönnum og viðskiptamönnum. Kristinn Már segir áherslu lagða á snyrtilega umgengni og fagmennsku í þessum störfum, en þjálfun og endurmenntun starfsmanna skiptir miklu máli enda öll tækni er snýr að atvinnutækjum alltaf að aukast. Á Volvo atvinnutækjaverkstæðum starfa menntaðir bifvélavirkjar, vélvirkjar og nemar sem eru að mennta sig faginu. Að lokum vill Kristinn minnast á það að vegna aukinna umsvifa er þörf fyrir góða liðsmenn í hóp fagmanna á Volvo atvinnutækjaverkstæði.

**Nýtt símanúmer Volvo atvinnutækja er 515 7070.**


Jökullfell FH16 – Volvo FH16 750 hestafla 6x4T Tandem dráttarbíll afhentur Jökulfelli ehf. Á mynd frá vinstri Marinó Haukur, Haukur Gíslason og Alexander Atli.

brimborg
Öruggur staður til að vera á



Volvo EC700C L beltagrafa afhent LNS Saga.

**Sala á Volvo rútum gekk vel á síðasta ári og voru 9 nýskráðar Volvo rútur sem taka yfir 41 farþega. Volvo Bus var því markaðsleiðandi með 29% markaðshlutdeild.**


Volvo L350F hjólaskófla afhent LNS Saga. MYNDIR/HAFÞÓR HREIÐARSSON

# Grasalæknir skrifar vörubílstjórabók

Anna Rósa Róbertsdóttir er oftast tengd við grasalækningar. Það kom því að minnsta kosti einhverjum á óvart að út kæmi bók um vörubílstjóra eftir hana en fyrir síðustu jól kom út bókin „Vörubílstjórar á vegum úti" þar sem Anna Rósa fjallar um sögu Vörubílstjórafélagsins Mjölnis.



Anna Rósa Róbertsdóttir grasalæknir skrifaði bókina Vörubílstjórar á vegum úti. Hún sagði verkefnið hafa verið mjög skemmtilegt. MYND/ERNIR

„Ástæðan fyrir því að ég skrifaði þessa bók er einföld. Fyrir um tveimur árum hringdi pabbi í mig og bókstaflega sagði mér að ég ætti að skrifa bók fyrir þá. Ég hváði og sagði: „Nei, ég er ekki að fara að skrifa um vörubíla!“ En svo hugsaði ég mig um í um það bil einn dag og ákvað þá að slá til, þó þetta væri passlega mikið út fyrir þægindarammann og vel það þar sem ég hef engan áhuga á bílum,“ lýsir Anna Rósa í léttum dúr. Hún bætir við að verkefnið hafi svo reynst vera alveg sérstaklega skemmtilegt.

Þrátt fyrir áhugaleysi sitt á bílum hafði Anna Rósa smávegis innsýn í heim vörubílstjóra þar sem faðir hennar, Róbert Róbertsson, framkvæmdastjóri vörubílstjórafélagsins Mjölnis, var vörubílstjóri á árum áður og fékk dóttirin oft að sitja í. „Ég þekki tungumálið og menninguna út frá því þannig að þetta er svolítið í blóðinu þó ég hafi engan áhuga á þessu. Pabbi hefur hins vegar lifað og hrærst í þessum heimi nánast alla tíð. Hann er enn í fullu starfi í dag orðinn 91 árs gamall. Hann keyrði sjálfur lengi en hætti akstri árið 1998 og hafði þá unnið sem vörubílstjóri samfleytt í 47 ár.“

Róbert er núverandi framkvæmdastjóri Mjölnis og hefur gegnt því starfi samfleytt í 23 ár. „Honum finnst það bara tóm vitleysa að setjast í helgan stein, það sé mun gáfulegra að vinna enda heldur það honum algjörlega gangandi,“ segir Anna Rósa og brosir.

### Snýr sér aftur að grösunum

Vörubílstjórar á vegum úti fékk mun betri viðtökur en búist var við og seldist nánast upp en ekki er stefnt að því að endurprenta hana. Bókakaffið á Selfossi á nokkur eintök eftir og eins eru einhver eintök enn þá til á skrifstofu Mjölnis. „Það er engin ástæða til þess að prenta fleiri bækur. Þetta er búið og núna þarf bara að halda áfram að keyra bílana,“ segir Anna Rósa og hlær.

Bókina prýða fjölmargar góðar ljósmyndir sem lýsa tíðarandanum alveg til dagsins í dag. Mikið var lagt upp úr myndum og útliti en einnig eru skemmtileg viðtöl og sögur úr bransanum í henni. „Vörubílstjórarnir sem ég talaði við sögðu skemmtilegar sögur og mundu ótrúlega mikið. Þeir voru með allt á hreinu, meira að segja um verk frá 1945, enda er þetta algjörlega þeirra heimur. Aftast í bókinni er svo félagatal Mjölnis en engar myndir voru til hjá félaginu þannig að við lögðum mikið á okkur við að fá myndir. Við hringdum í alla sem voru á lífi og í ættingja látinna manna og fengum myndir hjá þeim. Fólk var mjög tilbúið að aðstoða okkur, það voru margir sem komu að þessu og náðust myndir af nánast öllum auk þess sem margir sendu fleiri myndir með.“


Róbert Róbertsson hefur aldrei séð ástæðu til að nota tölvu á skrifstofunni en reiknar þess í stað öll útboð og annað í höndunum. Að auki greiðir hann alla reikninga með ávísunum og verður það að teljast harla óvenjulegt í dag. Róbert hefur verið félagi í Mjölni í 64 ár og hefur á þeim tíma gegnt öllum embættum í félaginu.

> Róbert er núverandi framkvæmdastjóri Mjölnis og hefur gegnt því starfi samfleytt í 23 ár. „Honum finnst það bara tóm vitleysa að setjast í helgan stein.
>
> *Anna Rósa Róbertsdóttir*

Að sögn Önnu Rósu er Vörubílstjórafélagið Mjölnir ekki mjög tölvuvætt. Við gerð bókarinnar sat hún því og las fundargerðir í marga mánuði. Hún fullyrðir að þetta sé síðasta bókin sem hún skrifar en bætir hlæjandi við að hún hafi reyndar sagt það líka áður en hún skrifaði þessa bók. „Ef mjólkurbílstjórar hringja í mig þá segi ég nei! Ég er mjög ánægð með hvað vel tókst til með þessa bók og er hún mikill minnisvarði fyrir þessa menn og þennan tíma. Gerð bókarinnar tók svo mikinn tíma frá minni eigin vinnu að núna vil ég helst bara hugsa um grös og grasalækningar. Ég stefni því á að hella mér á fullu út í það aftur enda saknaði ég þess þó þetta hafi verið gaman.“ lilja.

*bjork@365.is*

VélRás


BIFREIÐA- OG VÉLAVERKSTÆÐI, ÁLHELLU 8, HAFNARFIRÐI
Sími 577-6670 og 555-6670

Viðgerðir • Varahlutir • Þjónusta

velras@velras.is • velras.is

PIRELLI

# Þeir stóru nota Pirelli

## - það eru réttu vörubíladekkin!



**PIRELLI**, einn stærsti hjólbarðaframleiðandi í heimi, hefur nú sett á markað nýja línu af vörubíladekkjum; **PIRELLI FW-01** vetrardekkið er eitt gripsterkasta vörubíladekkið á markaðnum og sérstaklega framleitt til notkunar á stýrisöxul yfir vetrartímann í hvers kyns ófærð. **FR-01**, **FG-01** og **ST-01** dekkin tryggja eigendum þyngstu og öflugustu vörubílanna ein sterkustu og endingarbestu dekkin sem fáanleg eru.

Láttu reyna á **PIRELLI**.

Bílabúð Benna

590 2045 | BENNI.IS

**Sérhæft dekkjaverkstæði fyrir stærri bíla**

Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045

NESDEKK

# Ýmsar nýjungar hjá Vélfangi

Vélfang er umboðsaðili fyrir **JCB á Íslandi** en merkið er rótgróið hér á landi og hefur þjónað mörgum verktökum vel í gegnum tíðina. Góð sala var í JCB vinnuvélum á síðasta ári og nú í upphafi árs eru fjölmargar seldar vélar væntanlegar til landsins, af öllum gerðum og stærðum. Ýmsar nýjungar og nýjar útfærslur á vélum munu birtast á þessu ári. Þær eru enn sparneytnari en fyrri kynslóð sem var þó sparneytin.

„Það sem eigendur og rekstraraðilar munu verða mest varir við í ár er að nú verða allir vélaframleiðendur að uppfylla kröfur um Euro Tier lV Final mengunarstaðla," segir Sigurjón P. Stefánsson, sölustjóri JCB. Hann segir útfærslur framleiðenda vera mismunandi til að ná þessu markmiði. „Til dæmis verður AdBlue ekki í JCB vélum sem eru undir 55 kW að afli en verður að vera í vélum fyrir ofan 56 kW. JCB fer þá leið að vera laus við DPF útblásturskúta eða svokallaða brunakúta, sem hafa mjög takmarkaðan líftíma og eru dýrir í endurnýjun. Þá er af þeim óhagræði vegna aukinnar eldsneytiseyðslu og óþægindi af brunaferli þeirra," segir Sigurjón en þess í stað notar JCB í sínar vélar SCR hvarfakúta. „Þannig hafa þeir náð að gera vélar sínar enn sparneytnari en var í fyrri kynslóð sem var þó sparneytin."

### Öflug þjónusta

„Vélfang hefur jafnt og þétt byggt upp tengslanet við eigendur og rekstraraðila JCB véla um allt land og átt góðu samstarfi að fagna við nýja og eldri eigendur þessara véla," segir Sigurjón og bendir á að Vélfang reki öfluga varahluta-, viðgerðar- og söluþjónustu í Reykjavík og á Akureyri.

### Fjölbreyttur búnaður

Vinnuvéladeild Vélfangs selur fjölbreyttan búnað og tæki fyrir vinnuvélar til ýmissa nota. Til dæmis brotfleyga frá MSB, tilt og tiltrotora frá Engcon, HKS og Steelwrist. „Einnig eru við með allt sem þarf til að hreinsa snjó og hálkuverja eins og snjóplóga, snjóskóflur með hliðarvængjum, saltdreifara og fleira frá Trejon Optimal í Svíþjóð," segir Sigurjón. Hann tekur einnig fram að Vélfang hafi flutt inn töluvert af nýlegum og vel með förnum JCB vinnuvélum á hagstæðu verði."



Hjólaskóflur frá JCB sem eru 10 tonn eða stærri koma nú gjörbreyttar með stórglæsilegu húsi og frábæru vinnuumhverfi fyrir stjórnandann.









Nýjar mini/midi gröfur koma endurhannaðar frá grunni, eru til dæmis með vökvaskekkjanlegum tönnum, mun rýmra húsi, nýjum dísilvélum úr samstarfi JCB og Khöler í Austurríki.




**„Vélfang hefur jafnt og þétt byggt upp tengslanet við eigendur og rekstraraðila JCB véla um allt land og átt góðu samstarfi að fagna við nýja og eldri eigendur þessara véla.**

Vélfang kynnir nýjan skotbómulyftara til leiks á þessu ári. Hér er um að ræða smáan en knáan lyftara sem er bara rúmlega 1,8 metrar á hæð og breidd og fer auðveldlega inn í gáma og getur lyft 2,5 tonnum í 6 metra hæð. Hann nær 40 kílómetra ökuhraða og er með fjaðrandi lyftigálga.

# Útsýnið út um gluggann er aldrei eins

**Ólafur Þór Þórðarson,** eða Olli Dodda eins og hann er kallaður, hefur verið í vörubílabransanum í fjórtán ár. Hann situr fyrir svörum.

„Í dag er ég bílstjóri og verkstjóri hjá Vaðvík ehf. Þar hef ég starfað síðustu sex ár og líkar afskaplega vel. Svo hef ég aðeins komið nálægt gröfu- og kranavinnu undanfarin ellefu ár en tengdaforeldrar mínir reka jarðverktakafyrirtækið Ketilbjörn á Syðri-Reykjum í Biskupstungum. En það er meira svona bara þegar maður kemur í heimsókn í sveitina um helgar og í sumarfríinu. Þannig að það er óhætt að segja að vinnan og jafnvel frístundirnar snúist mikið um tæki og tól."

*Hver er besti vörubíllinn sem þú hefur keyrt?*

„Sá besti sem ég hef unnið á er bíllinn sem ég er á núna, 2007 árgerð af Mercedes Benz Actros, 6 hjóla dráttarbíll. Ég hef unnið á þessum bíl í um fimm ár og hann er bara ákaflega góður enn þá, þrátt fyrir að vera ekinn um 660 þúsund kílómetra. Bíllinn er vel búinn og allt til alls fyrir ökumann. Hann er með stærsta ökumannshúsinu sem Benz framleiddi á þessum tíma og í honum eru meðal annars tvær kojur, ísskápur, Alpine-hljóðkerfi og þráðlaust internet svo fátt eitt sé nefnt. Við höfum ferðast vítt og breitt um landið saman þessi ár og hann hefur ekki enn brugðist mér."

*Hver er draumabíllinn?*

„Draumabíllinn er sennilegast bara nýja útgáfan af bílnum sem ég keyri í dag, Benz Actros, og ekki væri verra ef það væri 630 hestafla bíll með Gigaspace-húsi."

*Hvaða leið keyrirðu oftast?*

„Ég hef mikið keyrt á milli Selfoss og Reykjavíkur síðustu ár. Tvær til þrjár ferðir á dag og kann vel við það. Þetta er ekkert of langt, og vinnudagurinn langt frá því að vera einhæfur. Árið 2013 tók ég saman að gamni mínu hversu margar ferðir ég hafði farið yfir Hellisheiði það árið, og þær voru hvorki meira né minna en 858, ferðirnar yfir heiðina það árið, þannig að þetta eru sennilega eitthvað í kringum 4.000 ferðir þarna yfir þessi sex ár sem ég hef starfað hjá Vaðvík."

*Hvaða leið er síst að keyra?*

Það er klárlega akstur innanbæjar í Reykjavík, það er eitthvað sem maður er löngu kominn með leiða á. Enda eru þetta ekkert skemmtilegustu tækin til að vera sífellt að stoppa á og taka af stað á ljósum í traffíkinni í bænum. En það getur nú stundum verið gaman þegar maður þarf að troðast einhvers staðar á ólíklegustu staði með vörur, þar sem er kannski ekkert endilega reiknað með að svona stór tæki geti athafnað sig. Þá fær maður tækifæri til að sanna sig pínulítið, og þá aðallega fyrir sjálfum sér.




Litla kaffistofan er uppáhalds vegasjoppa Olla. „Þar er skyldustopp."

**„Draumabíllinn er sennilegast bara nýja útgáfan af bílnum sem ég keyri í dag, Benz Actros.**

*Hvað er best að hlusta á í bílnum?*

„Ég er nú nánast alæta á tónlist, og hef lagt dálítið upp úr því í gegnum árin að vera með góðar græjur í þeim bílum sem ég vinn á… En gott rokk, bæði gamalt og nýtt, verður nú sennilega oftast fyrir valinu. Og eitthvað hressilegt sem maður getur sungið hástöfum með."

*Hver er besta vegasjoppan?*

„Það er Litla kaffistofan í Svínahrauni. Þar er skyldustopp til að taka olíu á bílinn og næra sig. Enda er hann Stefán sem rekur Kaffistofuna þvílíkur höfðingi heim að sækja, sem og allt hans fólk sem tekur alltaf brosandi á móti manni."

*Hvað er best að hafa í nesti á ferðinni?*

„Þeir sem þekkja mig, myndu sennilega segja kók og súkkulaði. Og ég væri nú sennilega að segja ósatt ef ég segðist ekki kannast við það."

*Hvað er best við að vera vörubílstjóri?*

Það er útsýnið út um skrifstofugluggann minn sem er aldrei eins, jafnvel þótt maður keyri sömu leiðina dag eftir dag, þá eru engir dagar eins. Það eru nýjar áskoranir á hverjum degi og ég hitti og kynnist fullt af fólki víða um land. Og svo er ég á launum við að ferðast um þetta fallega land sem við búum á, allt árið um kring." *starri@365.is*

# Iveco valinn vörubíll ársins 2016

Iveco hefur undanfarið verið leiðandi á sviði nýsköpunar og á þessu ári eru kynntar til leiks tvær nýjar tegundir af vöru- og sendibílum sem allir eru búnir nýjustu hönnun og tækni. Kraftvélar hafa boðið þessa eftirsóttu atvinnubíla en mikil aukning er í sölu þeirra hér á landi.

Viktor Karl Ævarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs hjá Kraftvélum, segir ánægjulegt að fyrirtækið geti boðið enn betri og nútímalegri Iveco atvinnubíla. „Við finnum fyrir mikilli aukningu á sölu hér á milli ára og greinilegt að margir eru að endurnýja bílaflotann," segir hann. „Við kynnum til leiks Iveco Eurocargo með glænýrri uppfærslu. Þessi bíll var kosinn vörubíll ársins 2016. Hann fer inn í nýja árið með þann titil. Þessi bíll hefur verið stór söluvara hjá okkur en nú hefur hann fengið nýtt útlit, nýja innréttingu, nýja mótora með allt að 10% eldsneytissparnaði miðað við eldri gerðir. Sjö bílar eru á leiðinni til landsins í febrúar og mars. Við munum þá hafa samband við aðila sem hafa sýnt bílnum mikinn áhuga. Þetta er bíll sem er fáanlegur frá 6,5 tonnum upp í 18 tonn í heildarþyngd. Týpískur innanbæjarbíll fyrir stór fyrirtæki. Í þessari útgáfu eru mikil þægindi fyrir bílstjórann, hún er bæði notendavænni og með ýmsum nýjungum. Þá er hægt að fá alls kyns aukabúnað eins og ísskáp, sjónvarp og fleira," segir Viktor og bætir við að hægt sé að velja um marga liti. „Bíllinn er einstaklega lipur í akstri og með þéttan beygjuhring. Síðan er hægt að sérútbúa bílinn hvað varðar lengd og fleira eftir þörfum viðskiptavinarins. Þetta er bíll á mjög samkeppnishæfu verði og hlökkum við til að kynna betur vörubíl ársins 2016."

### Iveco Daily 4x4

„Hér er á ferðinni nýr bíll sem Kraftvélar hafa ekki áður boðið upp á og kemur til landsins í mars. Iveco Daily 4x4 er sídrifinn bíll sem nýtist fyrir nánast hvað sem er. Hægt er að fá bílinn með einföldu eða tvöföldu húsi, fyrir tvo eða sex farþega. Hann er fáanlegur 3,5 tonn í heildarþyngd eða 5,5 tonn. Þetta er frábær verktaka- eða iðnaðarmannabíll. Hingað til hafa menn keypt bíla og látið breyta þeim eins og þessi er með tilheyrandi kostnaði en nú er það óþarfi þar sem bíllinn kemur svo til tilbúinn á miklu hagstæðara verði. Hann er með háu og lágu drifi, með skriðgír og 100% vökvadriflæsingu bæði á fram- og afturhásingu. Bíllinn kemur á 37 tommu dekkjum og auðvelt er að uppfæra í 38 tommur," útskýrir Viktor.

Hann segir að farið verði með þennan bíl og aðra nýja bíla í kynningarferð um landið í maí. „Við ætlum að fara kringum landið með nokkra bíla og stoppa á öllum helstu stöðum. Menn fá þá tækifæri til að prufuaka bílunum og kynna sér eiginleika þeirra."

### Iveco Daily flokkabílar

Þá er einnig ástæða til að kynna svokallaða flokkabíla frá Iveco. Þetta eru bílar sem sveitarfélög hafa notað mikið og voru nýir bílar afhentir í fyrra til Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarbæjar, Kópavogsbæjar og fleiri. Þetta eru mjög hentugir bílar fyrir vinnuflokka, þeir eru sjö manna og fáanlegir í öllum lengdum og gerðum. Þrjár mismunandi skiptingar eru í boði fyrir þessa bíla. Þeir eru byggðir á grind eins og stórir vörubílar sem er sjaldgæft í þessari stærð bíla. Hægt er að hafa sturtu á þrjá vegu með krana en bílarnir eru mjög vel útbúnir og hægt að fá sturtugír sem aukabúnað. Þessi bíll verður líka með okkur á hringferð okkar um landið," segir Viktor.

Kraftvélar stefna á öflugt markaðsstarf á næstu mánuðum til að kynna þessar nýjungar og stefna á að eiga bíla á lager. „Við höfum fundið mikinn áhuga á þessum bílum og salan hefur verið framar öllum vonum. Við sjáum aukna sölumöguleika áfram á þessu ári. Á síðasta ári seldum við um 30 bíla og ætlum að gera enn betur á þessu ári," segir Viktor. „Markaðurinn er að stækka ört og þétt.

Við bjóðum upp á heildarþjónustusamning sem fyrirtæki hafa verið ánægð með. Þá er greidd ákveðin upphæð fyrir hvern ekinn kílómetra og í staðinn er 5 ára ábyrgð með bílnum og allt viðhald innifalið. Við bjóðum upp á allsherjar rekstraröryggi."



Iveco flokkabíll frá Kraftvélum. Þetta eru mjög hentugir bílar fyrir vinnuflokka, þeir eru sjö manna og fáanlegir í öllum lengdum og gerðum.



Iveco Eurocargo. Þessi bíll hefur nýan mótor með allt að 10% eldsneytissparnaði miðað við eldri gerðir.

> „Bíllinn er einstaklega lipur í akstri og með þéttan beygjuhring. Síðan er hægt að sérútbúa bílinn hvað varðar lengd og fleira eftir þörfum viðskiptavinarins.
>
> *Viktor Karl Ævarsson*


Iveco Daily 4x4. Þetta er frábær verktakabíll.


Iveco Eurocargo að innan. Mikil þægindi fyrir bílstjórann.

**Kraftvélar eru til húsa að Dalvegi 6-8 í Kópavogi. Hægt er að fá frekari upplýsingar á heimasíðunni kraftvelar.is og á Facebook-síðunni Iveco á Íslandi.**


SCANIA
Mest seldi vörubíllinn
á Íslandi 2015*
*Vörubílar fl. II > 16 t. samkv. Skráningarstofu
KLETTUR Klettagörðum 8-10 • 104 Reykjavík • Sími: 590 5100


SCANIA
KLETTUR
SALA OG ÞJÓNUSTA

# Vakta tugi þúsunda farartækja daglega

Trackwell er elsta starfandi fyrirtækið á forðastýringarmarkaðnum hérlendis og hefur í tuttugu ár þjónað fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi og erlendis með vöktun staðsetningar bifreiða, tækjaflota og úrvinnslu margs konar upplýsinga sem tengjast rekstri þeirra. 420 fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum nýta sér forðastýringarlausnir Trackwell.



Guðjón Ýmir Lárusson ásamt starfsfólki forðastýringarsviðs Flotalausna. Guðjón segir fleiri fyrirtæki markvisst vera farin að nýta sér Flotakerfi Trackwell í stjórnun bifreiða og tækjaflota. MYND/ANTON

„Forðastýringarlausnir Trackwell vinna nú úr upplýsingum frá um tuttugu þúsund farartækjum daglega," segir Guðjón Ýmir Lárusson, viðskiptastjóri Flotalausna. Guðjón segir fleiri fyrirtæki markvisst vera farin að nýta sér Flotakerfi Trackwell í stjórnun bifreiða og tækjaflota. „Fyrsta kynslóð ferilvöktunarkerfis Trackwell var hannað fyrir um tuttugu árum þegar Trackwell tók að sér að hanna og reka sjálfvirka tilkynningarskyldu íslenska skipaflotans fyrir Vaktstöð siglinga. Fljótlega upp úr því var hafist handa við útvíkkun kerfisins til nota í farartækjum á landi. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru af öllum stærðum og gerðum og með Flota, forðastýringarkerfi Trackwell, eru þau að nálgast upplýsingar allt frá einu farartæki upp í á annað hundrað."

## Floti eins og hvert annað viðskiptatól

Floti hefur með tímanum þróast úr einföldu staðsetningarkerfi í viðskiptatól sem er fyrirtækjum nauðsynlegt við daglegan rekstur, ekki ósvipað innstimplunar- eða bókhaldskerfum. „Þegar stjórnendur hafa tekið kerfið í notkun er mælaborðið, rauntímakortið eða viðhaldskerfið undantekningalítið opnað á skjánum strax að morgni, um leið og tölvupósturinn," segir Guðjón og bætir við að eins og allir viti sé nauðsynlegt í rekstri fyrirtækja í dag að nýta sér upplýsingatæknina. „Floti er eðlileg og nauðsynleg afurð þeirrar þróunar sem hefur orðið í notkun upplýsingatækni í rekstri fyrirtækja."

Mikil þróun hefur orðið í viðmóti og upplýsingum

Nýtt viðmót með fleiri notkunarmöguleikum var tekið í gagnið seinni hluta árs 2015. Að sögn Guðjóns hefur innstimplun ökumanna á bíl aldrei verið auðveldari eða ódýrari með nýrri lausn sem tekin var í notkun samhliða nýju viðmóti, sérstakur búnaður tengdur staðsetningarkerfinu heyrir nú sögunni til og einfaldari búnaður sem ekkert fer fyrir er notaður í staðinn.

## Mikill ávinningur fyrirtækja

Markmið með innleiðingu Flotakerfisins er mismunandi eftir því hvers konar fyrirtæki á í hlut. Reikna má út ávinning með einföldum hætti á heimasíðu Flota og sjá hvaða kosti það hefur í för með sér að taka upp flotastýringu.

Ávinningur viðskiptavina er oftast mældur í þremur þáttum að sögn Guðjóns:

- Lægri rekstrarkostnaður. Flest fyrirtæki leggja mikla áherslu á sparnað, umhverfismál og ímynd. Með betra aksturslagi, minni lausagangi og skilvirkari notkun hafa viðskiptavinir náð umtalsverðum árangri í sparnaði á rekstri bílaflotans.

- Bestun á notkun. Með því að skilgreina og besta akstursleiðir, vakta heimsóknir og úthluta verkefnum til réttra aðila á réttum tíma má samhliða bæta nýtingu farartækjanna og auka þjónustu og ánægju viðskiptavina.

- Umsjón tækja og vöktun. Mikil verðmæti eru bundin í hvers konar tækjum eins og alþekkt er. Að hafa eftirlit með viðhaldi og fá yfirlit yfir hvar tækin eru á hverjum tíma hefur sparað viðskiptavinum umtalsverðan tíma og fjárhæðir. Vöktun á staðsetningu rafmagnslausra tækja, eins og vagna, grinda, gáma og þess háttar fer sífellt vaxandi og sparnaður sem hlýst til dæmis af endurheimt búnaðar af þessu tagi eftir hvarf er augljós.



- Eftirfylgni verkefna einfaldast til muna
- Sparnaður í rekstri verður auðveldur
- Umhverfisásýnd batnar
- Innskráning á ökutæki er sáraeinföld
- Birting akstурstíma úr ökurita stærri bíla
- Sjálfvirkt utanumhald fyrir viðhald og þjónustu

## Hentar öllum fyrirtækjum

Trackwell býður upp á mismunandi þjónustuleiðir allt eftir því hver markmiðin eru með innleiðingu. Áður var algengt að einungis stærstu fyrirtækin nýttu sér þessa tækni en í dag eru það ekki síður lítil og meðalstór fyrirtæki sem sjá sér hag í kostnaðar- og verkstýringu með Flota," segir Guðjón. „Mikil stöðluð virkni er í kerfinu svo jafnvel lítil fyrirtæki hafa nú raunhæfan valkost til að ná stjórn á skipulagi og kostnaðarþáttum sem tengjast rekstri bílaflota."

**Allar nánari upplýsingar um Flota má nálgast á www.floti.is.**



# Rototilt® á 30 ára afmæli í ár

**Jón Geir Sigurbjörnsson** er starfsmaður Rototilt á Íslandi en hann hafði unnið í Svíþjóð frá því 2011. Jón Geir segir Rototilt hafa breytt gröfuiðnaðinum til framtíðar og sé í dag staðalbúnaður í flestum gröfum í Skandinavíu. Á síðasta ári var opnað fyrir sölu Rototilt til allra umboða á Íslandi.



Jón Geir Sigurbjörnsson, starfsmaður Rototilt á Íslandi, segir uppfinningu Rune Norgren fyrir þrjátíu árum hafa breytt gröfuiðnaðinum til frambúðar. Á síðasta ári var opnað fyrir sölu Rototilt til allra umboða á Íslandi. MYND/ROTOTILT

„Mjög góður samstarfsaðili okkar á Íslandi hefur selt okkar vöru í gegnum árin og gerir enn. Á síðasta ári gerðum við samninga við fleiri aðila á markaðnum því að Rototilt passar á allar gerðir af gröfum,“ útskýrir Jón Geir Sigurbjörnsson, starfsmaður Rototilt á Íslandi. „Nú geta allir keypt Rototilt í rauðum lit fyrir sína gröfu. Varan kemur beint til viðskiptavina úr verksmiðjum okkar í Vindeln í Svíþjóð sem og allir varahlutir.“

## Brautryðjendur í 30 ár

Á áttunda áratugnum fengu menn hugmynd sem hefur breytt gröfumarkaðnum til framtíðar. Hugmyndin fékk nafnið Rototilt og var unnin af Rune Norgren hjá fyrirtækinu Noreco. Sonur hans, Roger Norgren, vinnur enn hjá Rototilt og fleiri starfsmenn sem fylgt hafa þróuninni eftir frá upphafi en fyrirtækið hefur alltaf verið í eigu sömu fjölskyldunnar. Árið 1986 voru fyrstu Rototiltin afhent og voru 200 stykki framleidd fyrsta árið. Nú er Rototilt orðið að stóru alþjóðlegu fyrirtæki með yfir 500 starfsmenn.

## Grafan orðin fjölnota tæki

„Í dag er búið að breyta gröfu í fjölnota tæki sem hægt er að nota sem lyftara, hellu- og steinalagningarvél, sandara, snjóruðningstæki, handlangara og margt fleira. Á síðasta ári kom einnig fram lausn sem tengir GPS gröfukerfin beint við Rototiltið. Rototilt er eini framleiðandinn sem getur boðið þessa lausn þar sem skóflan sést í öllum stöðum, þ.e. ekki bara í beinni stefnu,“ útskýrir Jón Geir. „Okkar vara er öll hönnuð og framleidd í Svíþjóð í einni fullkomnustu verksmiðju í Evrópu. Rototilt rekur eigin rannsóknarstofu í samstarfi við Háskólann í Umeå þar sem unnið er að stöðugri þróun.“

## Staðalbúnaður í dag

„Í dag er Rototilt orðið staðalbúnaður á flestum gröfum á heimamörkuðum í Skandinavíu og um allan heim eru menn að átta sig á hve sparnaðurinn er mikill með þessum tækjum. Rototilt er ekki bara stálklumpurinn á gröfuendanum. Nú er tölvubúnaður tengdur úr Rototiltinu beint við stýritölvurnar í gröfunni. Rototilt býður nú upp á stýringar þar sem hægt er að keyra bæði belta- og hjólagröfur með stýripinnum sem stjórna Rototiltinu. Aldrei þarf því að sleppa takinu af stýritækjum vélarinnar.“

## Stækkandi markaður

Starfsmenn Rototilt eru staðsettir víða um heim, í Danmörku, Frakklandi Benelux og í Bretlandi. Þá eru þegar dótturfélög í Kanada, Þýskalandi og í Noregi. 30 ára afmæli Rototilt verður sérstaklega fagnað á Bauma sýningunni í München í apríl og út afmælisárið verða nýjungar kynntar jafnt og þétt.




Roger Norgren, sonur uppfinningamannsins, ásamt Anders Jonsson sem er eigandi og forstjóri Rototilt í dag. MYND/ROTOTILT





## GOTT AÐ VITA UM TENGIVAGN

- Gott er að vita að í skráningarskírteini kemur fram hversu þungan eftirvagn viðkomandi bíll má draga. Ekki má draga þyngri eftirvagn en þar er tiltekið, að því er segir á heimasíðu VÍS. Jafnframt verður að gæta þess að hlaða ekki of miklum búnaði í eftirvagninn þannig að hann fari yfir leyfða heildarþyngd.
- Ef eftirvagn byrgir baksýn ökumanns þá þarf að setja hliðarspegla á bílinn.
- Hámarkshraði bíls með eftirvagn er 80 km/klst. Ef eftirvagninn er ekki skráður þá er hámarkshraðinn 60 km/klst. Eftirvagnar sem eru með heildarþyngd yfir 750 kg þurfa af vera búnir hemlum.
- Ökumaður sem er á bíl með ABS hemlum og með eftirvagn sem ekki hefur þá hemla þarf að gæta þess vel ef nauðhemlað er. Þá er hætta á því að vagninn fari ekki sömu leið og bíllinn og getur hann jafnvel lagst fram með bílnum.
- Ganga verður vel frá tengibúnaði eftirvagns við bílinn og nota öryggislínuna.
- Skoða þarf vagninn annað hvert ár.






Grave Digger var smíðaður 1981.

## Leika listir á breyttum trukkum

Í svokölluðum Monster Trucks sýningum er keppt á breyttum risatrukkum á brautum sem búið er að setja upp alls kyns hindranir á. Á slíkum sýningum er oft endað á „freestyle“ atburði. Þá er algengt að bílstjórarnir reyni alls kyns listir á trukkunum og láti þá keyra yfir raðir venjulegra bíla, jafnvel skólabíla og litlar flugvélar.

Eitt af þekktari liðum Monster Truck í Bandaríkjunum er Grave Digger. Fyrsti Grave Digger trukkurinn var byggður árið 1981 af Dennis Anderson sem er sagður einn af hinum bestu í „freestyle“. Fyrsti Grave Digger-inn var rauður Ford pickup árgerð 1952. Nafn bílsins er sagt hafa orðið til þegar hinir bílstjórarnir gerðu grín að Dennis á druslunni, þá lét hann þessi orð falla: „I'll take this old junk and dig you a grave with it.“









## Besta snakkið

Galdurinn á bak við besta snakkið í bílinn er að undirbúa það heima í þægilegar neyslueiningar áður en lagt er af stað svo hægt sé að tína upp í sig bita og bita án þess að það trufli aksturinn.

Poppkorn þykir hentugt snakk á löngum ferðalögum. Það er trefjaríkt og orkugefandi og krefst ekki flókinna aðgerða þegar það er borðað. Varist þó að kippa með örbylgjupoppi í ferðina þó það sé freistandi og einfalt. Gefið ykkur tíma til að poppa í stórum potti heima áður en lagt er af stað. Það er miklu hollara.

Harðsoðin egg eru líka þægilegur matur á ferð. Verið búin að flysja skurnina af og hafið þau með í heppilegu boxi. Með eggjunum er gott að tína upp í sig saltkex. Þessi tvenna gefur góða fyllingu í langan tíma. Gulrætur skornar í strimla eru líka hollt og gott snakk í bílinn.

# Söluhæsti smágröfuframleiðandinn

Merkúr er umboðsaðili Yanmar Construction Equipment Europe á Íslandi. Smágröfurnar frá Yanmar eru afar vinsælar enda var Yanmar söluhæsti smágröfuframleiðandinn á Íslandi á síðasta ári. Merkúr býður einnig til sölu fjölda annarra vinnuvéla frá þekktum gæðamerkjum.



Langflestar smágöfur sem seldar voru á Íslandi í fyrra voru af gerðinni Yanmar.




„Framleiðslulína Yanmar samanstendur af sautján gerðum af smágröfum, átta gerðum af beltavögnum og tveimur gerðum af hjólaskóflum en auk þess framleiða þeir einnig ljósamöstur," segir Kristófer S. Snæbjörnsson hjá Merkúr.

„Yanmar smágröfur hafa verið seldar á Íslandi í fjölda ára og hafa reynst einstaklega vel við íslenskar aðstæður. Flestir lofa þær fyrir gæði og áreiðanleika," segir Kristófer S. Snæbjörnsson hjá Merkúr sem er umboðsaðili Yanmar á Íslandi. „Langflestar smágröfur, undir tíu tonnum, sem seldar voru á Íslandi í fyrraˆ, voru af gerðinni Yanmar," upplýsir hann.

### Farsæl saga

Yanmar á sér afar langa og farsæla sögu. Upphaf fyrirtækisins má rekja til Osaka í Japan árið 1912 og hefur það verið rekið af fjórum ættliðum sömu fjölskyldu allt til dagsins í dag. Í dag starfa 16 þúsund manns hjá Yanmar um allan heim og tækin eru til sölu í yfir 130 löndum.

Evrópuútibúið Yanmar Construction Equipment Europe var stofnað 1989 og er með aðalstöðvar sínar í Saint Dizier í Frakklandi. Í verksmiðjunni þar eru framleiddar 11 af þeim 17 gerðum af smágröfum sem seldar eru í álfunni. Þar er einnig vélum, sem framleiddar eru í Japan, breytt fyrir evrópskan markað.

### Mikið úrval

„Framleiðslulína Yanmar samanstendur af sautján gerðum af smágröfum, átta gerðum af beltavögnum og tveimur gerðum af hjólaskóflum en auk þess framleiða þeir einnig ljósamöstur," segir Kristófer.

Vinsælasta smágrafan hjá Merkúr í fyrra var tveggja tonna Yanmar SV18. „Afar vinsælt hefur verið að fá þessar vélar með svokölluðum rótorsnúð sem hallar 180° og hægt er að setja allar skóflurnar á. Þessi aukahlutabúnaður kemur frá þýska framleiðandanum Lehnhoff sem Merkúr hefur einnig umboð fyrir," segir Kristófer. Hann bendir einnig á að hægt sé að fá Yanmar smágröfur útbúnar með rótortiltum beint frá verksmiðjunni enda sé Yanmar í samstarfi við sænska rótortiltframleiðandann Steelwrist.

> **Yanmar smágröfur hafa verið seldar á Íslandi í fjölda ára og hafa reynst einstaklega vel við íslenskar aðstæður. Flestir lofa þær fyrir gæði og áreiðanleika.**
>
> *Kristófer S. Snæbjörnsson*

Kristófer segir margar af stærstu vélaleigum Evrópu vera í viðskiptum hjá Yanmar. „Þá eru Tæki.is að endurnýja smágröfurnar hjá sér og tóku þeir þá ákvörðun að velja Yanmar, þeir fá fyrsta pakkann afhentan núna í febrúar."

### Önnur gæðamerki

Merkúr er einnig umboðs- og þjónustuaðili hinna vinsælu Liebherr krana og vinnuvéla á Íslandi. „Við seljum jafnframt og þjónustum Putzmeister múr- og steypudælur, Weber þjöppunarbúnað og áföst tæki og tól frá ýmsum framleiðendum," segir Kristófer.

Merkúr er einnig með umboð fyrir Tsurumi dælur, Kaeser loftpressur, FG Wilson og Mase rafstöðvar, Vermeer jarðverksbora, Plumett þræðingartækni og Kuli brúkrana.

Auk alls þessa býður Merkúr upp á úrval af notuðum vinnuvélum, jafnt til sölu og leigu.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.merkur.is.

STYRKUR OG ÁRÆÐANLEIKI



YANMAR






FG WILSON Putzmeister mase GENERATORS Vermeer ALLU KAESER KOMPRESSOREN webermt INDECO
Thwaites YANMAR TSURUMI PUMP PLUMETT LIEBHERR MERKÚR

Hýsi - Merkúr hf. / Völuteigi 7 / 270 Mosfellsbær / Sími 534 6050 / merkur@merkur.is / www.merkur.is



Þær eru flottar, stelpurnar. Báðar eru þær Ásrún og Sigþrúður með mikla bíladellu og völdu því bifvélavirkjun sem framtíðarstarf. MYND/STEFÁN

# Bifvélavirkjun er líka fyrir stelpur

Talsverður skortur hefur verið á bifvélavirkjum undanfarið. Þær **Ásrún Loftsdóttir** og **Sigþrúður Sveinsdóttir** ættu því ekki að þurfa að kvíða framtíðinni þar sem þær útskrifast báðar á þessu ári sem bifvélavirkjar frá Borgarholtsskóla. Stelpunum finnst námið skemmtilegt.

Ásrún segist hafa haft áhuga á bílum frá því hún var barn. „Ég hékk alltaf í bílskúrnum með fósturpabba mínum þegar ég var lítil og var mjög áhugasöm um hvað hann væri að gera. Alveg ótrúlega forvitin um bíla enda með bíldellu,“ segir hún.

Ásrún á eftir að klára verkstæðisvinnu sína en hlakkar til að fá að takast á við hana eftir að skólanum lýkur. „Ég er ekki búin að fá samning en vonast til að komast inn á verkstæði hjá bílaumboðunum. Annars er allt opið,“ segir hún og bætir við að námið henti stelpum ágætlega. „Það getur oft verið betra að hafa litla putta en klunnalega í ýmsum verkefnum. Verkstæðisvinna hefur líka breyst mikið með tölvuinnrásinni.“

Tæplega 30 manna hópur stundar nám í bifvélavirkjun í Borgarholtsskóla um þessar mundir. Þar af eru fjórar stelpur. „Þetta er enn karlastarf en það eru líka stelpur sem hafa áhuga á því. Ég vona að verkstæðin taki okkur vel.“

Ásrún segir að flestir í hennar fjölskyldu hafi búist við að hún veldi sér þetta fag. „Ég tók bílpróf strax sautján ára og keypti mér bíl. Núna ek ég um á Subaru GX 2001 módeli. Ég hef mjög ákveðnar skoðanir á bílum,“ segir Ásrún sem sjálf getur gert við bílinn ef eitthvað kemur upp á. „Þetta er mjög skemmtilegt nám og við erum eiginlega eins og ein stór fjölskylda. Mjög góður mórall,“ segir hún. Nemendur eru frá 17 ára upp í 47 ára.

> **Tæplega 30 manna hópur stundar nám í bifvélavirkjun í Borgarholtsskóla um þessar mundir. Þar af eru fjórar stelpur.**

Sigþrúður tekur undir með Ásrúnu varðandi námið og móralinn. „Ég er eins og Ásrún, hef alltaf verið með bíladellu. Þegar ég var tíu ára flutti ég á Ísafjörð og þar voru allir vinir mínir með bíladellu. Ég smitaðist af þessum áhuga,“ segir Sigþrúður sem hefur átt fimm bíla en ekur núna á Subaru turbo. „Mig langar að komast á samning og stefni á meistaranám í faginu. Ég er að vinna á Max 1 með skólanum og vonast til að fá vinnu hjá Brimborg. Yfirleitt eru samstarfsfélagarnir mjög hjálplegir.“ *elin@365.is*











**Höfum tekið forlega við sölu og þjónustuumboði fyrir Hydrema. Nýja MX hjólavélin er komin á lager, við hvetjum alla til að koma og prófa.**

Seljum bæði nýjar og notaðar Hydrema vélar með verksmiðjuábyrgð.

Vélavit
Varahlutir - Viðgerðir
S: 5272600 - www.velavit.is

# Bílstjórar dyggustu viðskiptavinirnir

**Stefán Þormar Guðmundsson** mun hætta rekstri Litlu kaffistofunnar á næstu vikum en hann og fjölskylda hans hafa staðið vaktina í 24 ár. Stefán verður sjötugur í mars og ætlar að segja þetta gott. Hann segir atvinnubílstjóra meðal dyggustu viðskiptavina alla tíð.





**Þegar Stefán og fjölskylda tóku við rekstrinum var það með þeim formerkjum að þau myndu rífa staðinn upp en hann hafði þá verið í nokkurri niðurníðslu um tíma. „Við lögðum upp með að hafa þetta á þjóðlegum nótum og bjóða upp á kjötsúpu og annað í þeim dúr.“ Stefán hefur safnað knattspyrnuúrklippum í sextíu ár og eru þær uppi um alla veggi. Hann vonar að þær fái að hanga uppi um ókomin ár.** MYNDIR/ERNIR

„Mér skilst á eigendunum Olís að margir hafi sýnt því áhuga að taka við og ég skila keflinu um leið og búið er að finna rétta fólkið,“ segir Stefán kátur í bragði.

Þegar Stefán og fjölskylda tóku við rekstrinum var það gert með þeim formerkjum að þau myndu rífa staðinn upp en hann hafði þá verið í nokkurri niðurníðslu um tíma. „Við lögðum upp með að hafa þetta á þjóðlegum nótum og bjóða upp á kjötsúpu og annað í þeim dúr. Það féll vel í kramið enda hefur Litla kaffistofan oftar en einu sinni og oftar en tvisvar verið valin vinsælasti áningarstaðurinn við þjóðveg 1.

Atvinnubílstjórar hafa að sögn Stefáns verið á meðal dyggustu viðskiptavina Litlu kaffistofunnar alla tíð. „Hér áður fyrr héldu þeir greiðasölustöðum við þjóðveg 1 uppi og út frá því myndaðist ákveðinn kjarni,“ segir Stefán sem kallar Litlu kaffistofuna öðru nafni Alþingi þjóðvegarins. „Hér eru menn ófeimnir við að skiptast á skoðunum og alltaf veit annar meira en hinn. Mér þykir gaman að taka þátt í umræðunum og þykist ekkert minni spekingur en hinir,“ segir hann og hlær. „Þegar ég lít til baka eru það einmitt skemmtilegir viðskiptavinir sem setja svip á daginn með fjörugum samræðum og hnyttnum orðatiltækjum sem standa upp úr.“

Stefán telur líklegt að fólk sem líti við á Litlu kaffistofunni sæki, auk veitinganna, í þennan félagsskap. „Það eru auðvitað ekki nema átján til nítján kílómetrar hingað úr Árbænum en menn sem á annað borð byrja að venja komur sínar hingað koma aftur og aftur.“ Aðspurður segir Stefán þetta aðallega vera hinar vinnandi stéttir en líka fólkið á götunni sem er að fara í sumarbústað og annað í þeim dúr. „Hin síðari ár höfum við auk þess notið góðs af hinum mikla fjölda erlendra ferðamanna sem sækir landið heim.“

Stefán lítur björtum augum fram á veginn. „Það er helst að ég hafi áhyggjur af knattspyrnuúrklippunum sem eru hér uppi um alla veggi,“ segir Stefán en hann hefur klippt út knappspyrnuumfjallanir í dagblöðum í sextíu ár og spanna þær stóran hluta knattspyrnusögunnar á Íslandi. „Ég vona að þær fái að hanga uppi eða fái í það minnsta góðan samastað því ég ætla ekki að taka þær með mér í gröfina.“ Stefán er sjálfur gallharður ÍA-maður þrátt fyrir að vera fæddur og uppalinn í Vík í Mýrdal. „Ég heillaðist svo af búningum Skagamanna sem lítill pjakkur og hef haldið með þeim síðan,“ segir Stefán sem missir helst aldrei af ÍA-leik. Hann og fjölskyldan hafa líka verið seig að mæta í vinnuna. „Það kemur yfir mann smávegis karlagrobb með aldrinum og ég hef gaman af því að segja frá því að í öll þessi 24 ár höfum við alltaf haft opið þá daga sem á að vera opið. Við lokum 2-3 frídaga á ári en aðra daga höfum við opnað óháð veðri og vindum. Stundum höfum við verið fjóra tíma á leiðinni og fjóra tíma til baka en alltaf höfum við opnað.“ *vera@365.is*




Trojan BATTERY COMPANY
MASTER DISTRIBUTOR

# TROJAN RAFGEYMAR

**fyrir vinnulyftur, gólfþvottavélar og fleiri smærri vélar**

Endingargóðir, úthaldsmiklir og traustir. Um langt skeið hafa notendur um allan heim treyst á Trojan til að skila framúrskarandi afli, en afkastageta Trojan hefur verið aukin enn frekar með nýjustu tækni.




HREIN ORKA Í ALLRA ÞÁGU

Sölu- og þjónustuver
515 1100 – pontun@olis.is

olís




3ja ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur

# Volkswagen Crafter Extreme Edition

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytnum díeselvélum. Volkswagen Crafter er með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

Líttu við og í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynntu þér einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter Extreme Edition.

**Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá**

**4.596.774 kr. án vsk**

## Staðalbúnaður

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftpúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

**Mögulegur valbúnaður**

- Dráttarbeisli 180.000. kr m/vsk

## Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition

- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth símkerfi
- Hiti í bílstjórasæti
- Fjaðrandi hæðastillanlegt ökumannssæti með armpúða
- Vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakkmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

Atvinnubílar

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Hollari kostur við stýrið

Atvinnubílstjórar standa eðli málsins samkvæmt frammi fyrir því að þurfa að sitja langtímum saman á ferðum sínum um landið. Erlendar rannsóknir benda til þess að það fari ekki vel með heilsuna til lengdar og þá sérstaklega ef mataræðið er einhæft, hitaeiningaríkt og næringarsnautt. Eindregið er mælt með því að menn neyti ekki eingöngu sjoppufæðis heldur velji í ríkari mæli betri kost.

Fyrsta skrefið er að taka ákvörðun um að velja hollari mat og millimál og skipuleggja sig áður en lagt er í hann. Sé hollur valkostur við höndina eru minni líkur á að freistast til að kaupa súkkulaði og kók.

**ALLT Í EINU BOXI:**

- Gróf samloka með grænmeti, hnetur og þurrkaðir ávextir, orkustöng og epli. Þetta er ljómandi gott með heimagerðu sítrónuvatni.



**GRÆNMETI OG ÍDÝFA**

- Niðursneitt grænmeti að eigin vali. Hummus eða lárperumauk til að dýfa í. Bæði hummus og lárperumauk er saðsamt og stútfullt af næringu. Hér eru tvær einfaldar uppskriftir en hvort um sig er líka hægt að kaupa tilbúið.

**HUMMUS:**

3 dl soðnar kjúklingabaunir
2 hvítlauksrif
Safi úr ½ sítrónu
2 msk. ólífuolía
Salt eftir smekk
Cummin-duft og cayenne-pipar á hnífsoddi ef vill.

Allt sett í matvinnsluvél og þaðan í lítið nestisbox með góðu loki.

**LÁRPERUMAUK**

2 stórar hæfilega þroskaðar lárperur
½ rauðlaukur
1 stór tómatur
2 hvítlauksrif
½ sítróna
Salt eftir smekk

Maukið lárperurnar í matvinnsluvél ásamt hvítlauknum. Saxið laukinn og tómatana smátt og bætið við (má sleppa). Smakkið til með sítrónu og salti. Setjið í lítið nestisbox með góðu loki. Sneiðið grænmeti og geymið í öðru boxi. Grípið í á leiðinni.

**HNETUBLANDA**

Sé góð hnetublanda við höndina eru minni líkur á að freistast í sætindi. Þeir sem nenna gætu prófað að velta hnetunum upp úr smávegis af sojasósu og hunangi á heitri pönnu áður en þær eru settar í box.

**AFGANGSVEFJUR**

Sértu með afgang frá kvöldinu áður er upplagt að vefja honum inn í tortillakökur en þær fara vel í hendi á ferðinni.



Þetta er ekki dónalegt nesti. Það er uppfullt af orku og næringu.



CARNEHL
FAHRZEUGBAU








## Vinnuvélar tækjamiðlun ehf. hefur tekið við umboðinu fyrir Carnehl. Carnehl bíður uppá mikið úrval af malarvögnum, vörubílspöllum og gámagrindum.

Carnehl bíður uppá tveggja öxla malarvagna á tvöföldum dekkjum sem fáir framleiðendur bjóða í dag. Einnig eru Carnehl mjög sterkir í allri sérsmíði. Fyrstu tveggja öxla vagnarnir koma til landsins í enda febrúar.

## SNJÓKEÐJUR FRÁ SÆNSKA FRAMLEIÐANDANUM GUNNEBO

Keðjur og keðjuefni frá Gunnebo í Svíþjóð. Hér er um að ræða gæða vöru á samkeppnishæfu verði, ýmsar stærðir til.

GUNNEBO Industries



Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala

## ÚTVEGUM VARAHLUTI Í FLESTAR GERÐIR VINNUVÉLA

### ÞANBOLTAR

Vinnuvélar kynna viðgerðarbolta frá sænska framleiðandanum Expander. Expander viðgerðar boltinn er tilvalin lausn þegar gera þarf við slit í liðum þar sem um er að ræða slit i festi-eyrum lið/tjakkbolta og ekki nægir að skipta um fóðringar. Expander boltinn er þannig upp byggður að til endanna er hann kónískur og þar á koma kónískar bjargir sem hertar eru upp á boltann og taka upp slit í festieyrum boltans. Þannig má í mörgum tilfellum komast hjá viðgerð sem kallar á fræsingu og ásuðu. Ýmsar staðlaðar stærðir eru fyrirliggjandi en einnig má senda okkur málsetningar og við látum sérsmíða bolta fyrir þig með skömmum fyrirvara. Vinsamlegast leitið upplýsinga hjá varahlutadeildinni og við leysum málið.



Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

# Þyngdartakmarkanir afar misjafnar

Misjafnar reglur gilda á milli landa í Evrópu um heildarvigt flutningabíla. Í Hollandi var þessi heimild aukin fyrir nokkrum árum úr 50 tonnum í 60. Í Finnlandi er leyfi fyrir 76 tonna heildarþyngd og hefur verið svo frá árinu 2013 og í Svíþjóð er leyfi fyrir 90 tonna þunga í tilraunaskyni.

Afar misjafnar reglur eru á milli landa í Evrópu um hve þungir flutningabílar mega vera og hve langir. Í lok síðasta árs gáfu spænsk yfirvöld leyfi fyrir heildarvigt allt að 60 tonnum á sínum vegum og að lengd þeirra megi vera allt að 25 metrum. Þessi aukna heimild á þó ekki við alla vegi á Spáni þar sem þeir eru misjafnlega útfærðir til að þola svo þunga bíla. Í Hollandi var þessi heimild einnig aukin fyrir nokkrum árum úr 50 tonnum í 60. Í Finnlandi er leyfi fyrir 76 tonna heildarþyngd og hefur verið svo frá árinu 2013 og í Svíþjóð er leyfi fyrir 90 tonna þunga í tilraunaskyni. Það er eitt land í Evrópu sem sker sig nokkuð úr í reglum um þyngd flutningabíla, Þýskaland, en þar er hvergi heimild fyrir þyngri bíla en 40 tonn. Þar í landi segja yfirvöld að heimild fyrir þyngri flutningabílum myndi krefjast mikils kostnaðar hins opinbera til að byggja vegi, brýr, veggöng og varnarveggi vegna árekstra myndi kosta milljarða evra og sá kostnaður myndi falla á almenning sem ekki er til í slíkan kostnað auk þess sem svo stórir og langir flutningabílar skapi mikla hættu á þýskum vegum. Það er ef til vill skiljanlegt að reglurnar séu fremur strangar í Þýskalandi þar sem ógrynni flutningabíla frá öðrum löndum Evrópu fer í gegnum landið og eru þeir í alltof mörgum tilfellum ekki að þjóna þýskum neytendum heldur nota bara vegi þeirra án greiðslu fyrir notkun.




Stórir og langir flutningabílar geta skapa mikla hættu á hraðbrautum í Evrópu.








GÆÐI Í HVERJU GRAMMI

HARDOX® IN MY BODY

*Vinsælustu Hraðtengin á Íslandi*

*Léttarara, sterkara og sérsniðið að þínum þörfum*

Vélsmiðja Guðmundar er stoltur framleiðandi vörumerkisins Skoflur.is

*Leggjum áherslu á fljóta og góða þjónustu*




Vélsmiðja Guðmundar ehf • Miðhrauni 8 • Garðabæ • Sími 564 1539 • www.skoflur.is

# KATTARKRANINN

## MEST SELDI BYGGINGAKRANI Á ÍSLANDI 2015

**CATTANEO**

2 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓDÝR Í REKSTRI

HRAÐKRANAR
CM 221 : LENGD 22 M.–HÆÐ 17,3 M.
**VERÐ : 9,9 M. +VSK**
CM 271 : LENGD 27 M. –HÆÐ 20,3 M.
**VERÐ : 13,9 M. +VSK**
SJÁLFREISANDI
CM 82S : LENGD 33 M. –HÆÐ 21 M.
**VERÐ : 12,9 M. +VSK**
CM 90S : LENGD 41 M. –HÆÐ 25 M.
**VERÐ : 17,5 M. +VSK**




> 0. min. > 6. min. > 9. min. > 12. min.



## EINSTAKLEGA EINFALDUR Í NOTKUN OG FLUTNINGI

## VINNUBÚÐIR GÁMAHÚS, SÉRSNÍÐUM HÚS AÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM





GÁMAHÚS – VINNUBÚÐIR

Eigum á lager, gæða hús frá Trimo
**Verð frá kr. 900.000 +vsk**



VINNUSTAÐAGIRÐINGAR

Vinnustaðagirðing
3,5m x 2,0m á hæð.
Hver girðing með
samtengi og stein.
**Verð 7.500 +vsk**
**séu teknar 40 stk.**
**eða fleiri í einu.**

**DS LAUSNIR**
ÞJÓNUSTA Í BYGGINGARIÐNAÐI
Rauðhellu 5 - 221 Hafnarfjörður
S. 561 8373 - 824 0672
dslausnir@dslausnir.is

# Sterkar og liprar japanskar Hanix smágröfur










**Hanix uppfyllir þínar kröfur**
Hanix framleiða í dag smágröfur frá 0,98 til 7,5 tonn. sem uppfylla kröfur og þarfir jarðvinnuverktaka og byggingarverktaka.

**Gæðaframleiðsla í 40 ár**
Gæðin í Hanix smágröfunum byggja á þeirri nýsköpun, sem lagt var af stað með fyrir 40 árum með uppfinningu þeirra á fyrstu smágröfunni í heiminum sem framleidd var með 360° gráðu vökvadrifnum snúningi.

**Þú færð mikið fyrir peninginn**
Hanix leggur áherslu á að framleiða gröfur sem uppfylla nútímaleg gildi þar sem þú færð mikið fyrir peninginn. Gröfur sem byggðar eru til að endast og til að vinna það starf sem þú þarft, án þess að skerða nútíma þægindi.

Hanix eru mest seldu smágröfurnar í Bretlandi

- Kubota díselvélar
- Þægilegt stýrishús
- Lipur stjórnbúnaður
- Sterkur undirvagn
- Stillanleg breidd
- Skófla og hraðtengi

## Hanix H09D Mikro grafa



**Vél og afl:**
Kubota Z602
7.8 kW / 10.6 ps @ 2400 rpm
Stillanleg breidd 755 - 850 mm

**Þyngd og stærð:**
Með veltigrind, gúmíbelti 980kg
Hámarks graftrardýpt 1600 mm
Val um skóflustærð

## Hanix H17D Mini grafa



**Vél og afl:**
Kubota D782
11.4 kW /15.5 ps @ 2600 rpm
Stillanleg breidd 990 -1300 mm

**Þyngd og stærð:**
Með húsi, gúmíbelti 1700 kg
Hámarks graftrardýpt 2495 mm
Val um skóflustærð

## Hanix H27D Mini grafa



**Vél og afl:**
Kubota D722
14.4 kW /19.6 ps @ 2400 rpm
Breidd 1550 mm

**Þyngd og stærð:**
Með húsi, gúmíbelti 2690kg
Hámarks graftrardýpt 2580 mm
Val um skóflustærð

## Hanix H36D Mini grafa



**Vél og afl:**
Misubishi S3L2
19.9 kW / 27 ps @ 2400 rpm
Breidd 1700 mm

**Þyngd og stærð:**
Með húsi, gúmíbelti 3620kg
Hámarks graftrardýpt 3130 mm
Val um skóflustærð

## Hanix H55D Mini grafa



**Vél og afl:**
Kubota V2403M-DI
32.3 kW /43 ps @ 2400 rpm
Breidd 1980 mm

**Þyngd og stærð:**
Með húsi, gúmíbelti 5580 kg
Hámarks graftrardýpt 4005 mm
Val um skóflustærð

# 7 til 23 tonna þýskir gæða vegheflar á frábæru verði




HBM-Nobas vegheflarnir hafa þegar sannað ágæti sitt á Íslandi og eru rómaðir af þeim sem til þeirra þekkja.

HBM-Nobas verksmiðjurnar leggja áherslu á vandaða framleiðslu og gott samband við viðskiptavini, enda er sölustjórinn Heiko Rohnstein vel þekktur á meðal tækjamanna á Íslandi. Hann hefur tekið á móti íslendingum í verksmiðjuna, á sýningum og oft heimsótt viðskiptavini á Íslandi.

Nýjasta tækið frá HBN - NOBAS er 7 tonna lipur veghefill sem hentar vel í stíga, plön og hin ýmsu smærri verk þar sem stærri vegheflar eiga erfiðara með að athafna sig. HBM-NOBAS framleiða veghefla frá 7 upp í 23 tonn.

Fagleg þekking, varahlutaþjónusta og viðgerðir um allt land.

# Stema flutninga- og sturtuvagnar á frábæru verði




## Stema 750 kg kerra

Eigum þýsku Stema 750 kg kerrurnar á lager.
Seljum nokkrar kerrur á kr. 112.000,- án vsk

**kr. 112.000,- án vsk**

Lengd á palli: 201x108x33 Burður: 615 kg
Dekkjastærð: 13" Þyngd: 135 kg

## Stema 750 kg tækjakerra

Eigum á lager nokkrar kerrur fyrir snjósleða og fjórhjól með sliskjum og hallanlegum palli.

**kr. 241.000,- án vsk**

Lengd á palli: 313x128 Burður: 559 kg
Dekkjastærð: 13" Þyngd: 191 kg

## Stema flutningavagnar

Stema 2700 og 3500 kg flutningavagnar á frábæru verði frá kr. 549.000,- án vsk.
Afgreiddir með hliðarborðum,skráningu og tilbúnir til notkunar.

**kr. 549.000,- án vsk**

| | 2700 | 3500 |
|---|---|---|
| Stærð á palli: | 401x203 | 401x203 |
| Dekkjastærð: | 4 x 13" | 4 x 13" |
| Þyngd: | 466 kg | 466 kg |
| Burður: | 2234 kg | 3034 kg |

## Stema sturtuvagnar

Erum með Stema 2700 kg sturtuvagna frá kr. 699.000,- án vsk með eða án vökvasturtu. Eigum einnig Stema 2700 sturtuvagna með sturtu aftur og til hliðar.

**kr. 699.000,- án vsk**

Lengd á palli: 301x153
Heildarstærð: 441x116x70
Dekkjastærð: 4x13"
Þyngd: 690 kg
Burður: 2010 kg

## Stema 3500 kg bílavagn

Erum að fá Stema 3500 bílavagna með sliskjum, hallanlegum palli og búnaði til að draga tæki upp á hann.

**kr. 799.000,- án vsk**

Lengd á palli: 313x128 Burður: 559 kg
Dekkjastærð: 13" Þyngd: 191 kg

# Compair draganlegar loftpressur í mörgum stærðum




Draganlegar CompAir loftpressur eru hannaðar og byggðar til að standast erfitt og krefjandi umhverfi í vegagerð, mannvirkjagerð og byggingariðnaði. CompAir loftpressur eru öruggar og afkastamiklar.

Tveir rafgeymar tryggja áreiðanleika í ræsingu og árangur í miklum kulda. Til að tryggja langa endingu er notast við dísilvélar með rafeindastýrða eldsneytisgjöf sem uppfylla evrópska mengunarstaðla

- Dieslvélar sem uppfylla megunarkröfur
- Sjálfvirk stjórnun á olíuhita
- Auðvelt aðgengi að búnaði
- 24 volta rafkerfi
- Góð vörn á stjórnbúnaði
- Lyftikrókur á jafnvægispunkti
- Vinnur við -10 til +50 gráðu hita
- Stjórnborð með stafrænum skjá
- Sjálfvirk stjórnun á loftflæði miðað við snúningshraða

## Helac Tilt og Rototilt á gröfur

Helac Powertilt er snjöll lausn á því veltra þungri gröfuskóflu í allt að 180° gráður. Helac Rototilt bætir við 360° snúningi á skófluna.

- Níðsterkt með góða vörn gegn tæringu
- Sterkar slitfóðringar sem taka við miklu snúningsátaki
- Öflugar pakkdósir varnar olíusmiti og óhreinindum



## Belle steypu víbratorar frá kr. 91.500 án vsk

Öflugir og áreiðanlegir hátíðni steypu víbratorar hannaðir fyrir erfiðustu verkefni. Innbyggður straumbreytir fyrir 220 volt.

- 2 eða 4 metra langur barki
- Einföld og traust hönnun
- Mótor með langtímaendingu
- Umhverfisvænt tæki án mengunar
- Heilsteypt álhulsa með rúnnuðum brúnum



## Daemo vökvahamrar

Gröfur þurfa hin ýmsu viðbótar tæki, eins og vökvafleyga, krabba, klippur, rippera ofl. Daemo framleiðir mikið úrval af svona viðbótar tækjum.
Ásafl getur útvega ný tæki frá Daemo og einnig útvegað varahluti í eldri fleyga.



## Belle jarðvegsþjöppur frá kr. 194.000 án vsk

- Bensín eða disel þjöppur
- Hröð yfirferð og lítill víbringur í handfangi
- Vélarvörn sem er líka lyftipunktur
- Handfang leggst flatt fyrir betri geymslu
- Rúnnaðar brúnir fyrir vinnu með asphalt

Belle **100 kg** - Verð kr. 194.000,- án vsk
Belle **186 kg** - Verð kr. 498.000,- án vsk
Belle **300 kg** - Verð kr. 899.560,- án vsk



## SDMO rafstöðvar - 3 til 2000 kw

Öflugar og áreiðanlegar rafstöðvar búnar bensín eða díselmótorum og framleiddar í öllum stærðum allt frá litlum handrafstöðvum og upp í risastórar varaaflsstöðvar (Thor Data center og Neyðarlínan 112 nota SDMO varaaflsstöðvar)

SDMO handrafstöðvar eru hannaðar fyrir fagmenn sem vilja ná löngum vinnutíma á milli eldsneytistöku,

- Öflugur og sterkur stálrammi
- Hagkvæm eldsneytisnotkun
- Mótor með langtímaendingu
- Auðveld að nota og umgangast



## Linddana og GTM trjákurlarar

Ásafl er með trjákurlara frá Linddana og GTM sem hægt er fá sjálfstæða með dísel eða bensínmótorum eða drifna af dráttarvél og fest á beisli.

Mismunandi stærðir sem taka frá 50 og upp í 250 mm lurka og með sjálfvirkri fæðurúllu og krana til að draga lurkana að tækinu.



# Aukin umferð á fjallvegum landsins

Umferð hefur aukist mikið á fjallvegum á hringveginum, að því er kemur fram á vef Vegagerðarinnar. Hellisheiðin er langumferðarmest en þegar kemur að öðru sætinu hefur Víkurskarðið austan við Akureyri slegið Holtavörðuheiðina út. Hins vegar hefur umferð aukist mest um Möðrudalsöræfi í prósentum talið en þar er umferðin eigi að síður langminnst.

**Umferðin frá aldamótum**

Umferð yfir nokkrar heiðar á hringveginum hefur aukist mikið frá aldamótunum síðustu. Af þeim heiðum sem þessi samantekt nær til hefur umferðin um Möðrudalsöræfi aukist mest eða um 6,5% að meðaltali á ári. En umferðin um Möðrudalsöræfi er jafnframt sú minnsta af þessum heiðum. Minnst hefur umferðin aukist um Vatnsskarð, í Skagafirði, eða um 1,2% að meðaltali á ári á umræddu tímabili. Langumferðarmesti fjallvegur (heiði 300 m yfir sjávarmáli) landsins er Hellisheiði en það fóru að meðaltali um 6.803 ökutæki á sólarhring um heiðina árið 2015. Næstumferðarmesti fjallvegur landsins er Víkurskarð í Eyjafirði með 1.351 ökutæki á sólarhring. Á stöplaritinu sem fylgir fréttinni má sjá yfirlit yfir meðalumferðina á síðasta ári eftir heiðum.

**Þróunin frá aldamótum**

Þróunina frá aldamótum má sjá á línuritinu. Af því má ráða að Holtavörðuheiði hafi áður verið annar umferðarmesti fjallvegur landsins fram að bankahruni en upp úr því hefur Víkurskarðið haldið þeim titli og virðist ekki líklegt til að gefa hann eftir ef marka má umferðina síðasta ár.

*(Af heimasíðu Vegagerðarinnar)*



Umferð olíubíla frá Örfirisey um Granda er mikil.



## VAKANDI Á VEGUNUM

- Haldið bragðlaukunum vakandi, það gæti hjálpað til við að halda einbeitingunni. Maulið epli eða appelsínu eða hafið jafnvel skorna sítrónu við höndina til að gefa bragðlaukunum spark. Því betur sem það rífur í bragðlaukana því betur hjálpar það til að halda athyglinni vakandi. Varist þó að borða eitthvað á ferð sem krefst þess að opna lok eða skrúfa af tappa. Það truflar aksturinn.



- Borðið hægt. Borðið bara einn og einn bita í einu og gefið ykkur tíma í að tyggja og kyngja. Því meira sem við þurfum að sinna því að borða því auðveldara reynist að halda sér vakandi.
- Drekkið líka hægt. Kaffi hefur sannað sig í baráttunni við syfjuna þar sem það inniheldur örvandi efni, koffín. Það verður reyndar til þess að við þurfum oftar á salernið, sem má líta á sem kost, tíð pissustopp halda manni vakandi.
- Forðist sykur. Sykur getur haft slævandi áhrif nokkru eftir að hans er neytt. Þá sækir að syfja og við verðum sein að hugsa. Því hraðar sem sykurinn kemst inn í kerfið því meiri slævandi áhrif hefur hann.
- Tyggjó. Með því að tyggja tyggjó má koma í veg fyrir geispa sem hjálpar til við að halda syfjunni í skefjum. Haldið áfram að tyggja og tyggja, jafnvel þó kjálkarnir þreytist.
- Gerið eitthvað sem örvar fleiri en eitt skynfæri. Með því að bryðja ísmola eða tyggja sólblómafræ er mikið að gerast í munninum, tyggja fræin, losa þau úr skelinni og aðskilja skel og fræ í munninum. Þá heldur hljóðið manni einnig við efnið. Munið eftir pappamáli við höndina til að skyrpa skeljunum í.
- Lækkið hitann í bílnum og látið svalann blása í andlitið. Opnið gluggann.
- Strjúkið andlitið öðru hvoru með blautklút. Það er afar frískandi að þvo andlitið til dæmis með blautklút með sítrónuilmi.
- Spilið tónlist og syngið hástöfum með.

WÜRTH

WÜRTH 70 QUALITY since 1945

HUNTER Engineering Company

**Hunter hjólastillitæki**

Hjólastillitæki fyrir vörubíla og rútur frá Hunter, þráðlaust kerfi, tekur bíla og vagna með allt að 15 metra hjólhaf.
Dekkjastærð upp að 56" ( 1440 mm. )
4 eða 6 hausar
Ekki þörf á að lyfta öxlum í samhæfingu.



SEFAC

**Sefac stólpalyftur**

- Fáanlegar 5,5t, 7,5t og 8,2 tonna
- 7.5t er með þráðlausum samskiptum milli pósta
- Íslenskur texti í skjá
- Dekkjastærð: 962 til 1154 mm
- Mesta hæð: 1820 mm
- Hraði upp óhlaðinn 1090 mm/mín
- Ryk og vatnsvarinn samkvæmt IP54
- Þyngd á stólpa 430 kg






ORSY mobil

Allt í röð og reglu, hægt er að sérsníða innréttingarnar eftir þörfum hvers og eins eða fá fyrirfram tilbúnar einingar.
Lausnir sem henta öllum iðnaðarmönnum.
Skúffur undir gólf, vinnuborð, útdraganlegt skrúfstykki, verðmætaskápar, samfellanalegar öryggiskeilur – hvað vantar þig?



**Würth á Íslandi ehf var stofnað árið 1988 og hefur nú þjónustað viðskiptavini sína í 28 ár.**

Würth samsteypan samanstendur af 413 fyrirtækjum í 84 löndum með ríflega 66 þúsund starfsmenn. Würth á Íslandi einbeitti sér fyrst að þjónustu við bifreiðaverkstæði, en síðan við tré og málmiðnaðinn ásamt þjónustu við almennan iðnað. Fyrir 2 árum bættust við í vörulínu fyrirtækisins stærri tæki fyrir verkstæði.

**Lyftur, hjólastillitæki, dekkjavélar og margt fleira undir merkjum WWE.**

WWE (Würth Workshop Equipment) er samstarfsvettvangur Würth fyrirtækja sem annast sölu og þjónustu á stærri búnaði inn á verkstæði. Würth á Íslandi hefur markað sér þá stefnu að bjóða hágæðabúnað og þjónustu í þessum efnum til að tryggja rekstraröryggi viðskiptavina sinna.

**Würth á Íslandi ehf**

| Vesturhraun 5 | Bíldshöfði 16 | Tryggvabraut 24 |
|---|---|---|
| 210 Garðabæ | 112 Reykjavík | 600 Akureyri |
| S: 530-2000 | S: 530-2002 | S: 461-4800 |


Fyrir okkur
sem förum
í ísbíltúr
í janúar
Guli miðinn
MÚLTÍ VÍT
NÁTTÚRULEGT FJÖLVÍTAMÍN MEÐ STEINEFNUM
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR
Vítamín og bætiefni Gula miðans eru sérstaklega valin og þróuð fyrir íslenskar
aðstæður. Þess vegna hefur Guli miðinn verið hluti af daglegu lífi Íslendinga í 25 ár.
**Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is**



Ljúffengar sesamþaktar kjúklingabringur.



Grísk jógúrt getur verið eftirréttur ekkert síður en morgunmatur.

# HOLLT OG GOTT Í VETRARKULDA

Sesamhjúpaður kjúklingur með epla- og fennelsalati er mjög ljúffengur og hollur réttur sem einfalt er að gera. Rétturinn tekur ekki langan tíma í eldun og því upplagður og næringarríkur kvöldverður. Mikið er um veikindi þessa dagana og því ætti fólk að velja sér léttan og hollan mat.

Kjúklingurinn er mjög safaríkur og góður. Eplasalatið passar einstaklega vel með honum. Að auki mætti síðan gera hollt rauðkáls- og rauðrófusalat ef áhugi er fyrir hendi. Uppskriftin miðast við fjóra.

### Sesamkjúklingur

4 kjúklingabringur
4 msk. sesamfræ
½ tsk. salt
¼ tsk. pipar
2 msk. smjör og olía til steikingar

### Epla- og fennelsalat

2 græn epli
Safi úr einni sítrónu
1 fennel
1 msk. sykur
2 msk. grófhakkað dill
2 mozzarellaostar
1 msk. ólífuolía
½ tsk. pipar

Kryddið bringurnar vel með salti og pipar. Þekið þær með sesamfræjum. Setjið smjör og olíu á steikarpönnu og brúnið bringurnar í 2 mínútur á hvorri hlið. Lækkið hitann, setjið lok á pönnuna og látið malla undir lokinu í um það bil 4 til 6 mínútur. Látið kjötið standa á borði í nokkrar mínútur áður en það er skorið niður. Takið kjarnann úr eplunum. Skerið eplin í mjög þunnar sneiðar. Gott er að nota mandólín til þess. Leggið sneiðarnar á disk og kreistið sítrónusafa yfir. Skerið fennel einnig í mjög þunnar sneiðar með mandólíni. Stráið sykri og dilli yfir og blandið öllu vel saman.



Fersk rauðrófa er einstaklega góð í salöt og svo er hún að auki ofurfæða.

Rífið mozzarella í grófa bita og leggið yfir salatið. Dreifið góðri ólífuolíu yfir ostinn og nýmalaðan pipar. Til að gera réttinn enn meira spennandi er hægt að hafa rauðkáls- og rauðrófusalat með. Þetta er litríkt salat sem er ákaflega hollt og gott.

### Rauðkáls- og rauðrófusalat

¼ rauðkálshaus
2 rauðrófur, rifnar niður með rifjárni
1 rauðlaukur, skorinn í mjög þunnar sneiðar
2 msk. kapers
2 msk. grófhakkað dill

### Dressing

2 msk. rauðvínsedik
1 msk. fljótandi hunang
2 msk. ólífuolía
Salt og pipar

Sneiðið rauðkálið mjög þunnt, til dæmis með mandólíní. Blandið öllu saman sem á að fara í salatið og hellið dressingunni yfir.

### Grísk jógúrt

Ef ykkur langar í eitthvað sætt og gott í eftirrétt er upplagt að fá sér jógúrt með hunangi, hnetum og ávöxtum.

8 dl grísk jógúrt
2-4 dl fljótandi hunang
4 msk. hakkaðar valhnetur
4 msk. hakkaðar möndlur

Setjið jógúrt í glas og setjið hunang, hnetur og möndlur yfir. Einnig er mjög gott að setja jarðarber eða bláber yfir.




ÍSLENSKA KÍSILSTEINEFNIÐ FRÁ GEOSILICA INNIHELDUR HREINAN JARÐHITAKÍSIL

Kísillinn kemur beint úr iðrum jarðar og er því eins náttúrulegur og nokkur kostur er á.
**Það eru engin viðbætt efni í vörunni.**

- Styrkir bandvefinn*
- Stuðlar að þéttleika í beinum*
- Styrkir hár og neglur*
- Stuðlar að betri myndun kollagens fyrir sléttari og fallegri húð*



ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR
„Ég mjaðmargrindarbrotnaði illa fyrir tíu mánuðum, ég hef verið að taka kísilinn ykkar núna í u.þ.b. 8 mánuði og eftir tveggja til þriggja mánaða inntöku varð ég strax vör við mikinn mun. Í dag finn ég varla fyrir því að hafa brotnað.“



HAFDÍS PRISCILLA MAGNÚSDÓTTIR
„Ég finn mikinn mun á mér eftir að ég byrjaði að taka kísilinn frá GeoSilica inn reglulega. Beinverki og vefjagigtarverki er ég í raun alveg hætt að finna. Einnig finn ég mikinn mun á nöglum en þær eru mun sterkari, en þær voru alltaf að brotna hjá mér. Ég get alveg sagt að þið eruð komin með framtíðarkúnna hvað mig varðar.“

GeoSilica kísilvatnið fæst í Heilsuhúsinu, öllum helstu apótekum, Nettó og í Hagkaup Kringlunni, Hagkaup Smáralind og Hagkaup Garðabæ.

geoSilica ICELAND

Nánari upplýsingar má finna á **www.geosilica.is**

*Rannsóknir hafa sýnt fram á þessi áhrif, kísilvatnið er fæðubótarefni og kemur ekki í staðinn fyrir lyf.





RÝMINGASALA HAFIN!

Rýmum fyrir nýjum vörum

Úlpur, kápur og buxur á rýmingasölunni á

50% afslætti.

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan

# Kaffiskrúbbur og maski



**KAFFISKRÚBBUR**
½ bolli kókosolía
½ bolli malað kaffi

Hitið kókosolíuna svo auðveldlega megi hræra kaffið saman við. Hellið blöndunni svo í bakka og látið kólna. Skerið svo harðnaða kökuna í heppilega stóra kubba og geymið í loftþéttum umbúðum í frystinum. Eins má hella blöndunni í lítil bollakökuform og geyma í frystinum.

Kaffiskrúbburinn er afar frískandi í morgunsturtunni og gerir einnig góða hluti fyrir pípulagnirnar í sturtubotninum.

Kaffi má líka hræra saman við gríska jógúrt og nota sem maska á andlitið að morgni.

**KAFFISKRÚBBUR**
¼ bolli grísk jógúrt
2 msk. malað kaffi
1 msk. kókosolía
Safi úr hálfri sítrónu.

Látið bíða á andlitinu í 10 mínútur og hreinsið svo af í sturtunni, um leið og líkaminn er skrúbbaður með kaffiskrúbbnum.

Eftir svona morgunmeðferð er alveg spurning hvort þörf sé á rótsterku espresso með morgunmatnum til að koma sér í gang.



## Of hátt kólesteról?

Hefur þú látið mæla kólesteról í blóði? Of hátt kólesteról getur verið orsök fyrir æða- og hjartasjúkdómum og þess vegna er nauðsynlegt að vera meðvitaður um að það sé í lagi. Of hátt kólesteról er algengt vandamál. Þeir sem glíma við of hátt kólesteról geta haft áhrif á það með breyttu mataræði. Aðalmálið er að vera meðvitaður um hvað maður setur ofan í sig. Forðist fitu er fyrsta reglan. Bætið ríflega af grænmeti á diskinn, borðið trefjaríkan mat og hnetur. Gott er að nota vandaða ólífuolíu í matargerðina eða rapsolíu. Forðist mettaða fitu sem gjarnan er í tilbúnum mat eins og pylsum. Transfita er líka í kökum, kexi, frönskum kartöflum og ýmsu sælgæti.

Góð fita er hins vegar í feitum fiski eins og laxi og makríl, ólífum, lárperum, hnetum og möndlum.

Reykingar eru sérstaklega slæmar fyrir æðarnar og kólesteról. Hættu því að reykja strax. Kviðfita er sömuleiðis mjög hættuleg og fer inn í blóðrásina með neikvæðum áhrifum á æðar, lifur, blóðfitu og blóðþrýsting.

Fólk sem glímir við of hátt kólesteról ætti að drekka í hófi. Eitt og eitt rauðvínsglas getur þó haft góð áhrif en alkóhól inniheldur mikið af hitaeiningum. Streita hefur vond áhrif á kólesteról. Það er mikilvægt að vita að regluleg hálftíma hreyfing á dag hefur mjög góð áhrif á heilsuna.

> Að mörgu er að hyggja ef fólk mælist með of hátt kólesteról. Mataræði og hreyfing skipta miklu máli í því sambandi. Að auki ætti að auka neyslu á grænmeti.



## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**NÝR BÍLL**
SUBARU XV 4X4 HÁTT OG LÁGT DRIF. Árgerð 2016, bensín, 5 gírar,eigum nokkra svona bíla á staðnum. Okkar verð 3.990.000. Rnr.127267. S:562-1717.



**NÝR BÍLL**
SUZUKI SX4 S-CROSS GL+ AWD. Árgerð 2016, bensín, sjálfskiptur, eigum nokkra svona bíla á staðnum. Okkar verð 3.990.000. Rnr.127357. S:562-1717



**EKINN AÐEINS 8.ÞÚS KM !**
BMW 3 320D SPORT 240 HÖ. Árg.2012, ekinn aðeins 8.þús km, dísel,sjálfskiptur, er á staðnum, gríðarlega flottur bíll. TILBOÐ 5.990.000. Rnr.127235. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

PLANIÐ bílasala 5170000



NISSAN Micra visia. Árgerð 2014, ekinn 74 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.380.000. Rnr.301977. Á staðnum.



